

2298 6948

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

7. tbl. 2020

SAFNFRÆÐSLA SEM FAG OG HREYFIAFL / TIL HVERS ERU SÖFN? / JETTE SANDAHL
ÁHRIF COVID-19 Á SAFNASTARF Á ÍSLANDI / LILJA ALFREÐSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Gerðarsafn


Velkomin í Stúdíó Gerðar



Í Stúdíó Gerðar er börnum, fjölskyldum og öðrum gestum gefið færi á að fræðast og skapa. Allar helgar er boðið upp á Skapað með Gerði, samverustundir þar sem gestir geta gert sín eigin listaverk úr spennandi efnivið.

Upplifum og sköpum saman í Gerðarsafni

Opið alla daga 10:00—17:00
Hamraborg 4 200 Kópavogur gerdarsafn.is



RÝNI / HUGLEIÐINGAR

Safnasafnið 25 ára	12
Frá sýningum til bóka	24
Á Sturlungaslóðum í Skagafirði	62

EFNI / GREINAR

Fréttir úr safnaheiminum	6, 7, 11, 73
Áhrif Covid-19 á safnastarf á Íslandi	14
Ef þú telur þig vera að vinna með einsleitt samfélag, þá ertu hálfslónlaus	18
Íslensku safnaverðlaunin 2020 hlaut Þjóðminjasafn Íslands	26
Viðtöl við nýja safnstjóra	32
Söfn eru eitt mest spennandi tæki sem við höfum	50

SAFNFRÆÐSLA

Fræðslumál safna	26
Til hvers eru söfn?	35
Bjargir í safnfræðslu	39
Leikur sem verkfæri til að æfa myndlæsi	42
Fræðsla í Listasafni Íslands	44
Vatnið í náttúru Íslands	46
Árstíðabundin fræðsla	48
Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi	53
Hvað er ofan í moldinni?	56
Safnfræðsla í Þjóðminjasafni Íslands veturinn 2019–2020	58
Sköpun bernskunnar	66



Borgarsögusafn
Reykjavíkur



Borgarsögusafn Reykjavíkur,
spennandi ferðalag í gegnum
sögu og menningu.

www.borgarsogusafn.is

06.08.2020–03.01.2021

Gilbert & George

The Great Exhibition



Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

Opið daglega
10.00–17.00
Fimmtudaga
10.00–22.00

listasafnreykjavikur.is
#listasafnreykjavikur
411 6400

REYKJAVÍKUR
ART MUSEUM
HAFNARHÚS
LISTASAFN



Hornreka eða stofustáss?

verkefnisstjóri, fulltrúi, safnkennari, safnvörður, sjálfboðaliði...

Árið 2020 hefur vægast sagt verið óvenjulegt ár og safnmenn hafa fundið fyrir því til jafns við aðra í samfélaginu. Það hefur reynt á að þurfa að loka sýningum, hætta við hvern viðburðinn á fætur öðrum og sum söfn hafa orðið af mikilvægum tekjum sem ört vaxandi ferðamennska í landinu skapar. Og enn sér ekki fyrir endann á þessari plágu. Áhersla blaðsins að þessu sinni er samt ekki um hvaða áhrif Covid-19 hefur haft á söfnin, heldur fjöllum við um það sem upphaflega var stefnt að, safnfræðslu safna á Íslandi.

Við stingum þó ekki höfðinu í sandinn og birtum umfjöllun um könnun safnaráðs, Íslandsdeildar ICOM og FÍSOS þar sem fram kemur alvarleg staða margra safna. Könnunin var send út í lok samkomubanns þann 2. maí og var ætlunin að komast að því hvaða áhrif ástandið hefði á söfn, rekstur þeirra og afkomu sem og á líðan starfsfólks. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar og mikilvægt að safnmenn kynni sér þær.

Þemaumfjöllun í Kvisti að þessu sinni eru eftirtektarverð fræðsluverkefni sem eru í gangi, þróunarstarf sem komið er vel á veg og rannsóknir á safnfræðslu. Reynsla þeirra sem vinna við fræðslustörf er mikilvæg og það er óskandi að hlúð verði að henni til framtíðar. Rétt er að benda á grein Ölmudísar Kristinsdóttur í þessu samhengi þar sem m.a. er velt upp starfsheiti þeirra sem koma að safnfræðslu, en þau eru ansi fjölbreytt. Það eitt og sér lýsir viðhorfi til fagsins og er eitt-

hvað sem þarf að ræða innan safnageirans. Hins vegar er áberandi hve mikil fagmennska einkennir fræðslustarfið og hve sterkar starfskenningar fagfólk í fræðslu hefur tileinkað sér, sama hvaða titil það ber.

Ekki er fjallað um sögu safnfræðslu í þessu blaði en það má benda á og mæla með að fólk kynni sér þær ritgerðir og umfjallanir sem hafa nú þegar verið gerðar um efnið. Þar má nefna meistararitgerð Bryndísar Sverrisdóttur þar sem farið er yfir upphaf safnkennslu við menningarminjasöfn landsins sem hófst um 1960. Í ritgerðinni er því lýst hvernig safnkennarar, Sólveig Georgsdóttir og Bryndís Sverrisdóttir störfuðu á vegum menntamálaráðuneytis og sáu um fræðslu á ólíkum söfnum staðsettum í Reykjavík til ársins 1986 þegar stofnaðar voru fræðslustöður innan safnanna. Sem dæmi þá tók Rakel Pétursdóttir til starfa á Listasafni Íslands árið 1987 sem fyrsti safnkennari þess. AlmaDís Kristinsdóttir fjallar einnig um safnfræðslu, þróun og viðhorf gagnvart henni í doktorsritgerð sinni og þá sérstaklega í Listasafni Reykjavíkur.

Öflugt fræðslustarf innan safna þar sem búið er upp á fjölbreytt efni fyrir gesti er markmið þeirra sem koma að safnkennslu. Metnaðurinn er svo sannarlega fyrir hendi og fræðslufólk íslenskra safna hæft og hugmyndaríkt. Mikill vöxtur hefur nú þegar orðið í safnfræðslu, eins og sést á efni þessa blaðs. Hins vegar er það alvarleg staða fyrir söfnin í landinu

hve fá þeirra geta haft safnkennara í fullri stöðu. Allt of margir vinna fræðslustörf í hlutastarfi eða koma inn sem verktakar. Þessi staða tengist fjármagni, pólitík og forgangsöröðun þeirra sem fara með stjórn. Það er umhugsunarvert að fræðslustarf sé þannig gert hornreka í þeim menntastofnunum sem söfnin eru.

Við vitum hvert við viljum stefna og hvað við höfum í höndunum. Er þá ekki kominn tími til að við hefjumst handa, byggjum upp og mótum metnaðarfulla stefnu fyrir safnfræðslu á Íslandi svo eftir verði tekið?

Dóra Sigurbjörnsdóttir

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Dóra Sigurbjörnsdóttir
Ritstjórn Ágústa Kristófersdóttir, Gunnþóra Halldórsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson.
Auglýsingar Dóra Sigurbjörnsdóttir
Hönnun Ármann Agnarsson, Helgi Páll Melsted
Teikning á kápu Erla María Árnadóttir
Prentun Prentmet

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag

ISSN-2298-6944

Safnfræðslufjör

Samstarfsverkefni Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, *Menntun barna í söfnum* tilkynnir:

Ráðstefnan *Börn í forgrunni – um öflugt barnastarf í söfnum* færirst á alnetið. Boðið er til safnfræðslufjörðs í byrjun október.

Frummælendur flytja fyrirlestra sína í gegnum streymisveitu með viku millibili, sem hádegisfund, mánudagana 5. og 12. október.

Midstöð streymis verður í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og áhugasamir geta mætt þangað á meðan húsrúm leyfir með tilliti til gildandi sóttvarnaregla. Áhersla verður þó lögð á að þátttakendur geti hlustað og tekið þátt í umræðum í gegnum streymisveituna.

Erindin og umræður um þau verða tekin upp og sett á YouTube rásir Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands. Í stað pallborðsumræðna er hugmyndin að halda umræðum lifandi á milli erinda og rúmlega það með spjallþráðum á vettvangi safnafólks á Facebook og þannig skapa lifandi vettvang til að deila reynslu og hugmyndum um safnastarf þar sem börn eru í forgrunni.

Tveir verðlaunaðir sérfræðingar í barnastarfi á söfnum kynna hvernig framúrskarandi árangur náðist í fræðslu og móttöku barna á þeirra söfnum. Einnig fjalla þau um samband safnanna við samfélagið.

Jonte Nynås frá Norræna vatnslitasafninu í Svíþjóð

Jonte hefur unnið í fræðslumálum

safnsins frá árinu 2011. Safnið leggur mikla áherslu á listasmiðjur, leiðsagnir og skólaheimsóknir. Nordiska Akvarellmuseet fékk verðlaun árið 2010 frá ICOM og RSM (Riksförbundet Sveriges Museer) sem Safn ársins. Verðlaunin voru veitt fyrir framúrskarandi árangur í sýningarhaldi og fjölda gesta yfir árið.

Heidi Viktorsson frá Sjóminjasafni Álandseyja

Heidi hefur unnið í tengslum við sýningarhald og fræðslumál hjá safninu frá árinu 2006. Heidi ætlar að segja frá því hvernig þau gerðu safnið að barnvænum og vinsælum stað. Þar er áhersla á barnvænt viðmót í sýningarsölum og öðrum rýmum safnsins en einnig sérbúið herbergi fyrir upplifun sniðna að börnum. Seglskútan Pommern tilheyrir safninu. Í fyrra lauk endurgerð hennar til að mæta óskum gesta og þá sérstaklega barna. Árið 2017 fékk safnið verðlaunin *Save the Children Award* fyrir framúrskarandi fræðslustarf með börnum.

Erindin eru á ensku.

Nánari upplýsingar þegar nær dregur á Facebook viðburði sem nefnist Ráðstefna / Börn í forgrunni. Fyrir hönd Listasafns Íslands – Guðrún Jóna Halldórsdóttir og Ragnheiður Vignisdóttir

Fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands – Jóhanna Bergmann, Anna Leif Elísdóttir og Hrafnhildur Eyjólfssdóttir

Söfn og kynþáttahatur

Morð lögreglumannsins Derek Chauvin á George Floyd í maí 2020 hleypti af stað öldu mótmæla og óeirða í Bandaríkjunum. Krafist var að Chauvin yrði ákærður fyrir manndráp að yfirlögðu ráði og að yfirvöld tækju á kerfislægu kynþáttahatri, ekki síst innan lögreglunnar. Hópur safnafólks í Bandaríkjunum, sem halda úti vefsíðunni History of Museums and Race, sendu frá sér yfirlýsingu í kjölfarið á morðinu og sögðu það endurspegla andúð sem ríkir gegn lituðu fólki í Bandaríkjunum og að það sé einnig greinanlegt í söfnum þar í landi. Söfn eru ekki hlutlausar stofnanir, segir í yfirlýsingunni, og eru meðsek í að viðhalda kerfislægu hatri á öðrum en hvítu fólki. Að þeirra mati hafa söfn verið treg til að taka breytingum og viðurkenna þátt þeirra í að viðhalda kúgun og óréttlæti. Sem dæmi er því haldið fram að söfn efni almennt ekki til sérstakra sýninga um kynþáttahatur vegna þess að það þykir of umdeilt viðfangsefni. Hópurinn hvetur til þess að söfn vakni til vitundar um ástandið og taki þátt í því að halda á lofti manngildi og réttindum fólks til janfréttis og virðingar. Á þann hátt, segir í yfirlýsingunni, sinna þau hlutverkum sínum best og fara að skipta máli fyrir einstaklinga og samfélag.

www.museumnext.com/article/diversity-and-changing-the-language-we-use-in-museums/

www.museumnext.com/article/what-does-it-mean-to-decolonize-a-museum/

Söfn og sjálfbærni

– ályktun frá Kyoto

Á heimsþingi ICOM í Kyoto á síðasta ári var samþykkt ályktun um söfn og sjálfbærni. Hægt er að nálgast hana á heimasíðu ICOM. Í ályktuninni kemur skýrt fram hvert hlutverk safna á að vera á þessari vegferð. Þar er lögð áhersla á fjögur atriði sem söfn þurfa að taka ábyrgð á.

- Að viðurkenna að söfn hafi hlutverki að gegna við að skapa sjálfbæra framtíð í gegnum dagskrá, samvinnu og faglegt starf.
- Söfn verða að bregðast við ákalli vinnuhóps ICOM um sjálfbærni safna með því að endurskoða gildi sín, stefnur og faglegt starf.
- Kynni sér og stuðli að því að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna náist. Að söfn noti „2030 Transforming our World“ skjalið sem leiðbeinandi ramma við að verða sjálfbærari í starfi.

- Að söfn stuðli að valdeflingu starfsfólks, gesta og samfélaga með því að stuðla virkt að því að heimsmarkmiðin náist. Skoði áhrif sín á umhverfið og dragi úr neikvæðum áhrifum á það.

Nokkur skref sem hægt er að byrja á, varðandi umhverfi safnsins:

- Skipta yfir í led- lýsingu.
- Endurvinna efni sem til fellur við sýningar og almennt rusl sem kemur frá t.d. skrifstofum.
- Hætta að vera með plastpoka í safnverslun.
- Sleppa pappír eða nota endurunninn pappír.
- Nota lífrænar ‘grænar’ hreingerningavörur.

- Halda „ekki rusl“ (zero waste) viðburð. Hjálpar til við að beina athyglinni að málinu hjá þeim sem koma á viðburðinn.
- Fá alla starfsmenn í lið með sér, og minna á af hverju sjálfbærni sé mikilvæg, hafa t.d. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sýnileg.
- Setja upp sýningar, halda viðburði ofl. sem stuðlar að því að fræða sem flesta um málefnið.


www.icom.museum/en/news/the-sustainable-development-goals-helping-transform-our-world-through-museums

Tímarit um jaðarlist

Þeir sem hafa áhuga á næfri list eða jaðarlist eða eins og Niels Hafstein kallar í samtali hér í blaðinu, sannri, óspilltri og frjálsri list, ættu að skoða heimasíðu tímaritsins RAWVISION. Þar kennir margra gæðalegra grasa. Áskrift er góður kostur en einnig er hægt að kaupa einstök blöð. www.rawvision.com



Aðferðafræði hönnunar í safnastarfi



Hönnun snýst í grunninn um það að gera hlutina vel. Bæta það sem betur má fara, finna lausnir og tækifæri. Sem hönnuður lærir maður ýmsar aðferðir sem nýta má í þessum tilgangi. Mig langar til að deila með ykkur í stuttu máli hvernig við höfum nýtt aðferðafræði hönnunar í Hönnunarsafni Íslands undanfarin þrjú ár.

Á árunum 2007–2010 stýrði ég rannsóknar- og þróunarverkefni við Listaháskóla Íslands sem bar heitið *Stefnumót bænda og hönnuða*. Í verkefninu var teft saman einni elstu starfsstétt landsins, bændum, og þeirri yngstu, vöruhönnuðum. Markmiðið var skýrt, að skapa virðisauka á hráefni samstarfsbænda verkefnisins. Aðferðafræðin var í stuttu máli þessi: Nemendur kynntu sér hráefni hvers bónda fyrir sig sem og tækjabúnað og þekkingu sem var til staðar á hverjum bæ. Þetta er grunnurinn sem byggt er á. Einnig kynntu nemendur sér framtíðarsýn og drauma samstarfsbænda sinna.

Þessi atriði voru kortlögð og hafist handa við hugmyndavinnu sem miðaðist við að ná markmiðinu með því að nýta einungis það sem er til staðar á hverjum bæ. Það er að segja, ekki var gert ráð fyrir fjárfestingu í nýjum tækjum og tólum. Við máttum það svo að með þessum ramma yrðu verkefni líklegri til að verða að veruleika. Hönnunarstjórar verkefnisins voru Brynhildur Pálsdóttir og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir vöruhönnuðir en auk þeirra og nemendanna komu aðrir fagaðilar að verkefninu svo sem matreiðslumenn, sérfræðingar hjá Mátis, viðskiptafræðingar og grafískir hönnuðir. Aðkoma þessara fagaðila var möguleg þar sem verkefnið fékk veglegan styrk frá Rannís úr Tækniþróunarsjóði. Lokaafurðirnar voru meðal annars rabbarbarakaramella, sláturterta, matseðill í anda Þórbergs Þórðarsonar og skyrkonfekt. Hugmyndirnar voru að sjálfsögðu margfalt fleiri. Allt sett í pottinn og svo hrært til skiptis með samtali, tilraunum, samtali, tilraunum þar til loka- niðurstaða næst.

Ef um annars konar verkefni væri að ræða til dæmis byggingu á nýju safni væri auðvitað notuð önnur aðferðafræði, en ég nefni þetta dæmi þar sem þetta er sú aðferðafræði sem við höfum nýtt okkur í Hönnunarsafni Íslands undanfarið.

Draumur safnstjórans var að að gera safnið líflegra og að fleira fólki fyndist það tilheyrja safninu. Áherslurnar snérust um að á safninu skapaðist meira samtal, þekking og hugmyndir og að safnið væri staður þar sem maður tækist á flug, yrði spenntur, forvitinn, uppgötvaði hluti og framkvæmdi.

Á virkum dögum er fjöldi starfsmanna á Hönnunarsafni Íslands 2–3, á víð og dreif í 1400 fermetra húsnæði. Um helgar er þar einn starfsmaður. Þetta eru ekki kjöraðstæður fyrir líflegt safn.

En ef maður notar sömu aðferðafræði og lýst er hér fyrir ofan lítur dæmið svona út:

– Markmið: Líflegt safn.



– Grunnur/efniviður: Einstakur safnkostur, húsnæði, þekking, starfsfólk og traustur bakhjarl í Garðabæ.

Þetta er okkar efniviður og við skissum upp og gerum frumgerðir/tilraunir til að finna út hvað virkar og hvað virkar ekki til þess að ná okkar markmiðum. Ég er mjög þakklát samstarfsmönnum mínum, þeim Ingiríði afgreiðslustjóra og Þóru safnafræðingi, fyrir að vera til í alls konar tilraunir og uppátæki. Við höfum notað að leiðarljósi orð Einars Þorsteins Ásgeirssonar, arkitekts og stærfræðings að „ekkert er asnalegt“ maður þarf að þora að leggja á borðið allar hugmyndir. Til þess að það sé hægt, þarf að ríkja traust, opinn hugur og svigrúm fyrir mistök.

Til þess að skapa líflegt safn var augljóst að hingað þyrfti að fá fleira starfandi fólk í húsið, einungis þannig verður til samtal og líf. Það er hægara sagt en gert að fá samþykkt auka starfsgildi þannig að hugmyndin var

að bjóða fólki sem tengist viðfangsefnum safnsins „lykla“ að safninu svo það gæti starfað hér að sínum verkefnum í samstarfi og samtali við safnið.

Vinnustofudvöl

Haustið 2017 var fatahengi í anddyri safnsins breytt í lifandi vinnustofu þar sem hönnuðum er boðið að koma, setja upp vinnuadstöðu og vinna að sínum verkum, kynna þau og selja. Rýmið er hluti af safnbúðinni og hver hönnuður dvelur hér í um þrjá mánuði. Þetta verkefni hefur gefist einstaklega vel og lífgar mikið upp á safnið, veitir innblástur, er fræðandi og skemmtilegt. Í tengslum við vinnustofudvölinu hafa skapast hér óteljandi áhugaverð samtöl og tengingar. Allir sem hér dvelja eru sérfræðingar á sínu sviði og í gegnum þá verður til þekking hjá starfsfólki og gestum. Sköpunarkrafturinn veitir innblástur og gleði.

Hönnuðirnir sem komu hingað í vinnustofudvöl árið 2019 voru Þórey Björk Halldórsdóttir, hönnuður og

frumkvöðull, Baldur Björnsson, mynd- og raftónlistarmaður, Shu Yi, grafískur hönnuður, Signý Þórhallsdóttir, fatahönnuður og Anna María Pitt, sífursmiður.

Safnið á röngunni

Árið 2018 var innri sýningarsalur safnsins tekinn undir skráningar og rannsóknir sem að öllu jöfnu fara ekki fram fyrir opnum tjöldum. Við köllum þetta SAFNIÐ Á RÖNGUNNI en vísir að slíku starfi hefur verið til staðar á safninu í nokkur ár. Ákveðið var að gefa þessu meira rými og sýnileika. Þóra Sigurbjörnsdóttir, safnafræðingur safnsins, hefur átt veg og vanda að framkvæmd verkefnisins. Vinnuadstaða hennar flyst að hluta til út í sýningarsalinn. Þannig fá gestir aðgang að starfsmanni safnsins sem getur upplýst um þá vinnu sem er í gangi. Á árinu 2019 voru tvö skráningarverkefni tekin fyrir, annars vegar skráning á keramiksafni Önnu Eyjólfssonar, hönnuðar og safnara og hins vegar skráning á verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar, stærðfræðings



og arkitekts. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, gestir kunna að meta það að hitta og spjalla við starfsmann safnsins og eins hafa gestir miðlað til okkar upplýsingum varðandi gripina sem verið er að skrá og rannsaka. Þetta er gott dæmi um nýtingu á grunni sem safnið hefur að geyma (safneign, þekking, húsnaði, heimasíða og samfélagsmiðlar) til þess að skapa líf og samtal.

Alls voru 9 einstaklingar sem fengu „lykla“ að safninu í tengslum við *Safnið á röngunni* árið 2019: Þrír sumarstarfsmenn, prófessor á eftirlaunum, listkennslunemi frá Listaháskóla Íslands, vöruhönnuður, tveir starfsmenn frá HÍ, og MA nemi í safnafræði við HÍ, sem hafði aðstöðu í safninu til að skrifa lokaritgerð sína um Einar Þorstein Ásgeirsson.

Á árinu komu fjórir nemendur frá Worcester Polytechnic Institute í Massachusetts í Bandaríkjunum, ásamt tveimur prófessorum, sem unnu skólaverkefni í samstarfi við safnið yfir sjö vikna tímabil.

Auk þess höfðu tveir íslenskir fræðimenn vinnuaðstöðu í safninu á árinu.

Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins tók til starfa. Í hann voru skráðir 8 nemendur á aldrinum 13–16 ára í 10 vikna námskeið.

Samtals voru því 30 einstaklingar sem fengu „lykla“ að safninu í meira en 4 vikur hver á árinu 2019, auk einstaklinga sem komu að uppsetningu sýninga og þróun og umsjón viðburða. Nú er varla þverfótað hér fyrir samtölum og hugmyndum og að sjálfsögðu skynja gestir safnsins það. Það er galdur að skapa góða stemmningu og maður gerir það ekki einn.

Öll söfn geta nýtt sér þessa aðferðafræði. Markmiðið þarf að vera skýrt. Þá þarf að kortleggja grunninn og út frá honum möguleikana til að ná markmiðinu. Muna að ekkert er asnalegt, setja allt í pottinn. Sjóða svo niður með samtölum og tilraunum, samtölum og tilraunum, þar til bragðmikill kjarninn situr eftir.

Það sem þarf að varast er að sökkva sér um of í allt sem er ómögulegt. Þá stíflast allt, sköpunargleðin fjarar út og vonleysið tekur völdin. Einbeittum okkur frekar að tækifærunum, þau eru til staðar þó svo þau blasi ekki alltaf við. Ég sit og skrifa þessar hugleiðingar á dásamlegum stað, *Óbyggðasetrinu* í Fjarðarbyggð. Í sumar hafa komið hingað þrjú- til fjögurhundrað gestir á dag! Setrið er eins mikið úr alfaraleið og hægt er að ímynda sér en það geta greinilega verið tækifæri í því þegar fólk á sér draum, hefur markmið og vinnur vel úr því sem er til staðar.

Sigríður Sigurjónsdóttir,
safnstjóri og vöruhönnuður

Þetta líður hjá ...

Á bakka Varmár er stærðar bjarg þar sem áin rennur flesta daga lygn og falleg. Bjargið er listaverk eftir myndhöggvarann Matthías Rúnar Sigurðsson, sem hefur höggvið út stól í bjargið sem snýr í hásuður. Í honum geta allir setið og notið kyrrðar og fallegs útsýnis yfir ána. Hugmyndin, sem Elísabet Jökulsdóttir kynnti fyrir bæjaryfirvöldum Hveragerðisbæjar árið 2016, er að stóllinn sé til að minna okkur á að líkt og áin líður hjá, þá munu þau vandamál sem oft á tíðum virðast óyfistíganleg einnig líða hjá.



Árið 2020 hefur fært okkur gríðarlega erfitt verkefni að vinna úr, farsótt sem hefur heltekið heimsbyggðina. Covid-19 hefur reynst starfsemi safna, sem og annarri menningartengdri starfsemi, óþægur ljár í þúfu. Reglur um samkomutakmarkanir, gríðarleg fækkun erlendra ferðamanna og lokanir þekkjum við öll. FÍSOS, ICOM á Íslandi og safnaráð hafa saman lagst á árar og lögðu fyrir stjórnendur viðurkenndra safna könnun í apríl um áhrif Covid-19 á safnastarf í landinu. Niðurstöður sýna að farsóttin hefur mikil áhrif er kemur að áætlun um fjölda gesta og tekjuáætlunum, hún hefur víða orsakað mikla rekstrar-erfiðleika og áframhaldandi óvissa er í kortunum. Nauðsynlegt er að endur-

taka könnunina í lok árs og sjá þá svart á hvítu raunstöðu viðurkenndra safna á Íslandi.

Þrátt fyrir þessi áföll hafa félagar í FÍSOS, sem starfa á söfnum, setrum og sýningum landsins, sýnt að þó skellt hafi verið í lás þá stóðu allar dyr opnar þeim sem vildu fá að vita meira um starfsemi safna og þann mikla fjársjóð sem felst í safnkostinum. Nýjar leiðir í miðlun voru nýttar, e.o. sýningar á listaverkum í gluggum safna eða að blásið var til safnabingós! Stafræn miðlun jókst til muna þar sem safnkosturinn var óspart nýttur til að vekja athygli á starfseminni með góðum árangri. Beinar útsendingar frá viðburðum

sem var streymt eða allskyns myndböndum um söfnin stóðu landsmönnum sem og heiminum öllum til boða. Skráning safnkosts jókst einnig til muna sem og viðhald og viðgerðir á safnhúsum og sýningum.

Svo kom sumar. Á ferð um landið voru heimamenn í meirihluta og voru þeir duglegir við að sækja menningar-tengda þjónustu. Viðburðir voru aðlagðir að sóttvarnartakmörkunum með góðum árangri. Félagar í FÍSOS hafa í gegnum árin rætt um hve erfiðlega hefur gengið að auka heimsóknir heimamanna á söfn og þó svo að það hafi þurft heimsfaraldur til þess, þá er von nú um að söfnin hafi stimplað sig rækilega inn hjá heimamönnum.

Og nú er komið haust. Ljóst er að farsóttin hefur ekki sungið sitt síðasta og enn þurfum við að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum. En gleymum því ekki að söfn eru og eiga að vera varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings, samkvæmt laganna bókstaf. Ágjöf sem þessi má ekki og á ekki að slá okkur út af laginu. Mikilvægast á þessum tímamarki er að tala saman, styrkja tengslanetið og leita ráða hjá hvert öðru. Sköpunarkrafturinn og hugmyndaauðgin sem býr í félögum FÍSOS er ómetanlegur. Tökumst á við komandi vetur með bjartsýnina að vopni og umhyggju fyrir hvort öðru. Við erum öll í þessu saman, við erum öll almannavarnir.

Ekki gleyma að anda.
Þetta líður hjá ...

Með kveðju, stjórn FÍSOS

Safnasafnið 25 ára

Safnasafnið á Svalbarðsströnd í Eyjafirði á 25 ára afmæli í ár og af því tilefni brá Kvistur sér norður og skoðaði sýningar sumarsins og hitti stofnendur þess, Niels Hafstein, myndlistarmann, og Magnhildi Sigurðardóttur, geðhjúkrunarfræðing.

Það er alltaf sérstaklega ánægjulegt að koma í Safnasafnið. Á hverju ári eru skipulagðar margbreytilegar og áhuga-verðar sýningar sem kallast á við þann sérstaka anda sem ríkir í húsunum þar sem birta, spennandi og frjó list og fögur blóm móta umhverfið með útsýn til fjalla og fjarðar. Safnið er miðsvæðis á Svalbarðsströnd í Eyjafirði, það starfar í þremur húsum, þinghúsi Svalbarðshrepps sem jafnframt var barnaskóli og samkomuhús, kaupfélagshúsinu Gömlu-Búð og Norðurálmu. Þessar byggingar eru tengdar saman með tveimur glerskálum og hefur einstaklega vel tekist til hjá Ragnheiði Þóru Ragnarsdóttur arkitekt. Salirnir eru tíu, hver með sinn sjarma og flæði sem leiðir gestina áfram, einnig anddyri og stór bókastofa. Á milli hæða eru stigar og lyfta. Safnið er með fargeymslu og þrjú lítil hús á lóðinni undir garðhúsgögn, efnivið og tæki og fyrir forræktun grænmetis og blóma.

Í stuttu spjalli daginn fyrir opnun sumarsýninganna kom í ljós að samskipti safnsins við íbúa hreppsins hafa ætíð verið góð og velvilji er ríkjandi innan sveitarstjórnar og nýr sveitarstjóri, Björg Erlingsdóttir, safnfræðingur, skilur þarfir og mikilvægi rekstrar og verkefna safnsins betur en flestir. Þess má svo geta að þegar safnið er opnað á vorin birtast konur úr sveitinni, og aðrar sem búa fjarri, með veitingar til að bjóða gestum upp á.

Talið berst að gestum safnsins, Niels og Magnhildur segja að samsetning

þeirra hafi breyst talsvert á tímabilinu. Í fyrstu komu aðallega hópar kvenna og biðu karlarnir þá oft úti í bílunum á meðan. Síðan bættust barnafjölskyldur við og þegar farið var að sýna verk nýútskrifaðs listafólks birtist unga fólkið. Safnið hefur alltaf átt dyggan hóp fastagesta og er áætlað að um fimmhundruð þeirra heimsæki safnið árlega. Í könnunum síðustu árin kom fram að yfir 40% gesta heimsækja safnið vegna orðspors þess og álíka hátt hlutfall vegna ábendinga og hvatningar. Aðrir hafa fengið upplýsingar á netinu eða gististað sínum.

Sýningar safnsins eru einn af grunnþáttum starfseminnar og eru opnaðar 10–12 nýjar sýningar á hverju vori í húsunum. Þar fyrir utan eru fastasýningar sem breytast lítið milli ára, en þær eru Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co, textíldæildin, þar sem til sýnis eru búningareftir Magnhildi, hannyrðir og smáhlutir, og Brúðstofan, fjölbreytt og falleg kynning á gripum hvaðanæva að úr heiminum. Samsetning sýninganna er mismunandi en leitast er við að sýna eins mörg verk úr safneigninni og unnt er, auk aðfenginna sýninga, með verkum eftir einfara eða jafnarlistamenn. Einnig eru fengnir starfandi listamenn til að sýna og nýútskrifað listafólk sem hefur tengingar við megináherslur safnsins. Um samsetningu sýninganna segir Niels: „Þær þurfa allar að vinna saman. Í ár er það umhverfið og léttleikinn, í fyrra var heldur þyngra yfir og formfastara, en slíkt er ekki beint skilgreint fyrirfram heldur gerist það ósjálfrátt í ferlinu. Undirvitundin stýrir þessu að einhverju leyti. Uppsetningarnar eru hugsaðar í heild fyrir öll húsin, að það séu ákveðnar sjónlínur, hlutir kallist á, að það sé samspil milli hæða. Allt úthugsað, hvergi tilviljun, og reynt að velja verkin þannig að kynjahlutöflin

séu jöfn.“ Sýningarnar í ár eru sérlega áhugaverðar og skemmtilegar og kennir að venju margra grasa í orðsins fyllstu merkingu, útskýrðar svona með orðum safnstjórans: „Gróður leikur stórt hlutverk á sýningunum, einnig sögur og myndlýsingar, umhverfismál, huldufólk, barnslegt hugarfar, kjarnar, innsæi og fagurfræði.“

Sýningar á afmælisárinu eru þessar: *Gróður jarðar* sem Niels setti upp, að mestu úr safneigninni, fjölbreytileg og gerð af miklu innsæi og frjórri hugsun, og mynda verkin spennandi og áhrifaríka heild. Önnur sýning úr safneigninni er Í *mannsmynd*, skemmtileg sýning um ýmsar táknmyndir mannlíkamans, hönnuð af Unnar Erni J. Auðarsyni. Harpa Björnsdóttir bjó til sýningu á verkum eftir Sölva Helgason, eða Sólun Íslandus eins og hann kallaði sig sjálfur. Á þessari fallegu sýningu eru sýnd sextán verk sem ekki hafa sést áður, þar af fimm í safneign. Auk þess má sjá skemmtileg verk eftir Helenu Ósk Jónsdóttur af hestum í ýmsum myndum, Gunnhildur Hauksdóttir samdi seiðandi hljóðverk við uppdrætti að vefnaði og uppsetningum í vefstóla eftir Jóhönnu Jóhannsdóttur. Fræg og fögur útsaumsverk Guðrúnar Bergsdóttur eru þarna, sýningar á nýjum verkum safnstjórans, Hreins Friðfinnssonar og Magnúsar Loga Kristinssonar, einnig gleðirík listaverk frá Sólheimum. Að venju eru sýnd verk frá samstarfi safnsins við Leikskólann Álfaborg á Svalbarðseyri en Valsárskóli gat ekki verið með að þessu sinnu vegna Covid-19.

Um upphaf söfnunar þeirra Magnhildar og Nielsar, sem varð grunnur eignarinnar, segja þau hjónin að hún hafi byrjað þegar þau unnu bæði í Víðihlíð, deild á Kleppsspítala, en þar var



maður sem var flinkur að teikna, og hét Ingvar Ellert Óskarsson. Þá vaknaði áhuginn þeirra á list geðfatlaðra. Þau höfðu þó bæði, hvort í sínu lagi, safnað listaverkum frá unga aldri. Æ síðan hafa þau nálgast verk einstaklinga sem eru á einhvern hátt utangarðs „en í raun beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir“.

Í sýningahaldinu má segja að það séu þrjú meginþemu, sjálfsprottin list, sem er langstærsti hlutinn af safneigninni, framsækin nútímalist og verk eftir ungt fólk með listaháskólamenntun sem hefur ekki klassískan grunn til að byggja á.

„Þegar nýja málverkið kom fram á sínum tíma þá var það í mínum huga alþýðulist, það var eins og listafólkið hefði gleymt menntuninni. Svo þegar Listaháskólinn var stofnaður var ætlast til þess að nemendur kæmu inn með þennan grunn úr öðrum skólum en á því var misbrestur því kennslunni var áfátt þar líka. Þessu fólki höfum við í stjórn safnsins boðið norður til að sýna.“

Söfnun þeirra hjóna á næfri list, sjálfsprottinni jaðarlist eða „sannri, ópilltri og frjálsri“ list er lofsvert framtak og varpar ljósi á menningar-

starf sem er einstakt og mikils virði en hafði ekki verið sinnt að neinu ráði hérlandis áður en þau hófust handa.

Og söfnunin heldur áfram. „Við erum í langtíma björgunarleiðangri með augun opin og hlustum eftir því sem gestir segja okkur, þá njótum góðs af glöggum einstaklingum sem láta okkur vita ef þeir sjá eitthvað spennandi. Við söfnum einnig alls konar smáhlutum sem geta fallið undir hugtök sem eru okkur hjartfólgin og fylla upp í glufur. Það bætist sífellt í safnið, til dæmis árið 2015 þegar um 120.000 verk komu úr dánarbúi Þórðar G. Valdimarssonar, Kíkó Korrríró, og þá settum við okkur í nýjar stellingar. Á hverju ári bætast hundruð verka við eignina því sá tími er runninn upp að eldra listafólk minnkar við sig og vill koma verkum sínum í örugga höfn svo að þeim verði miðlað á margvíslegan máta, svo sem í viðeigandi sal og í sýnisbókum safneignar.“

Hvað varðar framtíð starfseminnar þá er ýmislegt sem má bæta, að mati þeirra Nielsar og Magnhildar. Það vantar starfsfólk til að skrá og sinna safneigninni og sérfræðinga til að rannsaka og ritstýra bókum. Geymslurnar

séu pakkaðar og safneignin minnkar ekki, eins og viðbótin sem nefnd var hér að ofan ber vitni um. Það blasir við að safnið þarf að reisa um 400 m² byggingu áfasta Þinghúsinu undir faglega starfsemi og listaverkageymslu.

Niels segist alveg frá upphafi hafa haft áhuga á því að endurgera í upphaflegri mynd garð Ragnars Bjarnasonar, Eikjuvogi 26 í Reykjavík, sem hann útfærði svo listilega upp úr miðri síðustu öld. Hugmyndin fékk byr undir báða vængi þegar Listasafn Árnesinga ákvað að gefa Safnasafninu verk hans til varanlegrar varðveislu en mörg þeirra höfðu þá verið í láni hjá safninu í tuttugu ár. Ef tilskilin leyfi fást hjá nágrönnunum verður reist glerhús yfir stytturnar og fylgihluti þeirra, foss og tjörn, þannig að villt náttúra og mannert rými vinni saman á fagran og nýstárlegan hátt.

Að svo komnu máli kvöddum við þau Niels og Magnhildi, sitjandi í blómahafinu sem er svo einkennandi innandyrna – og utan. Kvistur óskar þeim hjartanlega til hamingju með afmæli þessa einstaka og fallega safns.



Áhrif COVID-19 á safnastarf á Íslandi

Á miðnætti 16. mars tók gildi samkomubann á Íslandi vegna heimsfaraldurs COVID 19. Var það í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar sem slíkt bann var sett á en það var gert til að hefta útbreiðslu veirunnar. Miðað var við að 100 manneskjur mættu koma saman auk þess sem hertar reglur um hreinlæti og nándarmörk milli fólks skyldi miða við tvo metra. Samkomubann var hert enn frekar 23. mars og var þá miðað við 20 einstaklinga og var söfnum gert að loka fyrir gestum. Söfn mátti opna aftur 4. maí svo framarlega sem þau gætu tryggt hæfilega fjarlægð á milli fólks og fjöldatakmörkanir.

Söfn þurftu að bregðast við þessum tilmælum og gjörbreyta starfsemi sinni í takt við gildandi reglur. Í samkomubanninu þróaðist gott og gefandi samstarf milli safnaráðs, FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM sem meðal annars leiddi til þess að gerð var könnun meðal viðurkenndra safna um áhrif heimsfaraldursins á safnastarf á Íslandi. Könnunin var jafnframt unnin í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú. Markmiðið var að kalla eftir upplýsingum um þær áskoranir sem söfn stóðu skyndilega frammi fyrir og kanna líðan starfsfólks. Þá vildi safnaráð afla upplýsinga um rekstur safnanna, afla gagna til að hjálpa til við að leita lausna og auka stuðning við söfn.

Um könnunina og nýtingu gagna

Könnunin var send til safnstjóra viðurkenndra safna þann 2. maí síðastliðinn. Safnaráð var ábyrgðaraðili könnunarinnar og varðveitir öll gögn. Fjárhagsupplýsingar voru eingöngu fyrir safnaráð, en FÍSOS og ICOM


fengu ekki aðgang að fjárhagsupplýsingum safnanna sem tóku þátt enda um trúnaðarupplýsingar til safnaráðs að ræða. Allar upplýsingar sem gætu flokkast sem persónugreinanlegar voru eingöngu birtar samstarfsaðilum og safnaráði sem heild, ekki flokkað á einstök söfn. Alls tóku 48 söfn þátt, en 43 luku könnuninni að fullu.

Tekjutap og óvissa, en gjöld standa í stað


Söfn urðu fyrir miklum tekjumissi í kjölfar COVID-19. Í upphafi faraldursins stóðu söfn frammi fyrir mikilli óvissu og reyndist ógerningur að taka ákvarðanir fram í tímann enda er um að ræða ástand án forðæma. Þróunin síðustu ár hefur verið sú að söfn reiða sig í auknum mæli á tekjur frá erlendum ferðamönnum og má færa rök fyrir því að þær tekjur standi undir faglegu starfi margra viðurkenndra safna og jafnvel einhverra ríkissafna. Það er ógnvænleg þróun sem margir í safnaheiminum hafa bent á að gæti haft alvarlegar afleiðingar og er það raunin nú.

Í könnuninni svöruðu 43 safnstjórnar hversu mikið þeir áætluðu að heildartekjur ársins 2020 myndu breytast. 32 söfn (70% þeirra) gerðu ráð fyrir að minnsta kosti 25% tekjulækkun og 8 söfn (18% þeirra) gera ráð fyrir meira en 50% tekjulækkun. 17 söfn gera ráð fyrir að tekjur af aðgangseyri lækki um allt að 50%. Aðrar sértekjur minnka einnig en flest söfn gera ráð fyrir sama framlagi eigenda/ábyrgðaraðila og frá styrkjum.

Þau söfn sem reiða sig eingöngu eða að mestu á sjálfsaflafé, þ.e.a.s. að meirihluti tekna eru aðgangseyrir og aðrar sértekjur, eru í viðkvæmstu stöðunni, þó svo að öll söfn berjist í bökkuðum nú. Söfn sem eru sjálfs eignarstofnanir falla helst undir þann hóp. Mikill meirihluti safna í þeim hópi tala um verulegt tekjufall og óvissu um framtíðina. Sjálfseignarstofnanir, sem gert var að loka í faraldrinum, gátu heldur ekki nýtt sér þá COVID-19 styrki stjórnvalda.



Mynd 1: Spurning 10. Breyting á áætlunum heildartekjum 2020 – áætlun 43 safnstjóra



Mynd 2: Spurning 13 – Breyting á áætluðum rekstrargjöldum 2020 – áætlun 43 safnstjóra

60% safnstjóra telja að gjöld ársins muni standa í stað, en 35% sjá fram á einhverja lækkingu. Hjá flestum söfnum má því áætla að taprekstur verði árið 2020, því ekki er hægt að bregðast við lækkuðum tekjum með svona stuttum fyrirvara, gjaldaliðir á borð við húsnæði og annan fastan kostnað er ekki hægt að breyta með skömmum fyrirvara. Einn stærsti kostnaðarliðurinn eru laun og launagjöld. Má sjá af svörum að búast megi við fækkun á starfsfólki, þá helst færri sumarstarfsfólk, eða minnkuðu starfshlutfalli, 14 söfn (32% safna) telja að launagjöld lækki eitthvað. Ekki er að sjá af svörum við opnum spurningum að farið verði í miklar uppsagnir sem er gott þar sem faglegt starf safnanna mun bera skaða af ef þær lausnir eru nýttar við stöðunni. Ljóst er að sumir safnstjórnar gera ráð fyrir því að næsta ferðamannaár verði betra og þar sem tekjumissir þessa árs er kominn að mestu leyti vegna samdráttar í heimsóknnum erlendra ferðamanna má álykta að safnstjórnar vilji bíða af sér storminn fremur en að grípa til uppsagna.

Þó er augljóst að þetta ár verður rekið heilt yfir með miklu tapi hjá söfnum sem eigendur þeirra þurfa að taka á sig. Þau söfn sem ekki geta leitað til eigenda eða bakhjarls þurfa að skuldsteta sig til að ná endum saman.

Hrun í aðsókn að söfnum

Að meðaltali gera safnstjórnar ráð fyrir að heildarfjöldi gesta muni fara niður um 50%. Nefndar voru tölur frá 11% fækkun til allt að 90% fækkun. Fyrri áætlunir gerðu ráð fyrir 1.227 þúsund gestum, en ný áætlun 656 þúsund. Það safn sem áætlar mesta fækkun telur að um 130 þúsund færri gestir komi að skoða safnið.

Þegar mat á gestafjölda safnanna eftir staðsetningu er skoðað má sjá að söfn á Vestfjörðum og á Austurlandi munu finna fyrir miklum samdrætti. Þessi landsvæði hafa almennt verið viðkvæm hvað varðar ferðamannafjölda og koma erlendra ferðamanna hefur byggst hægar upp þar. Þó skal taka fram að þau einstöku söfn sem áætla mesta fækkun eru á fjölförnum stöðum, á höfuðborgarsvæðinu eða á vinsælum ferðamannastöðum.

Öll söfn	-49%
Austurland	-60%
Höfuðborgarsvæðið	-35%
Norðurland	-51%
Suðurland	-62%
Vestfirðir	-60%
Vesturland	-53%

Faglegt starf og tenging við gesti

Söfnin í landinu brugðust við í samkomubanninu með margvíslegum hætti. Engir gestir komu á tímabilinu 23. mars til 4. maí. Eftir það var hvert og eitt safn opnað mið-

að við aðstæður og í samræmi við stærð húsakynna og möguleika á að taka á móti gestum aftur. Eins og gefur að skilja þurfti að hugsa reksturinn upp á nýtt og leggja áherslu á innra starf safnanna og finna nýjar leiðir til miðlunar eftir rafrænum leiðum. Helmingur svara greindi frá því að starfsfólk hefði fengið eða útbúið áætlanir um breytingar á verkefnum.

Átak í skráningu í Sarp og líf og fjör á samfélagsmiðlum

Mikill meirihluti safna nýtti sér möguleikann á að vinna í fjarvinnu eða 84% svarenda. Verkefni í fjarvinnunni voru fjölbreytt. Áætlunum var breytt í ljósi aðstæðna og greinilegt að skráningarvinnan var sett í forgang en tæp 90 % svarenda tilgreindi skráningarvinnuna. Þannig gafst tími og friður til að skrá í Sarp og önnur skráningarkerfi. Forstöðumenn, sérfræðingar, framlínustarfsfólk og annað starfsfólk tók höndum saman og kepptist við skráningar. Á aðalfundi Sarps í vor kom það líka fram að merkja mátti mikla notkun á gagnagrunninum. Margir lögðust í rannsóknarvinnu af ýmsu tagi. Einnig voru unnin forvörsluverkefni.

Í kringum 80% safna vann að gerð stafræns miðlunarefnis og birti á vef safnanna eða á samfélagsmiðlum. Tekið var til í geymslum og sýningarbúnaður og sýningar þrífarnar. Þá gafst tækifæri til að vinna að endurbótum á húsnæði. Um helmingur svarenda nefndi að unnið hefði verið í stefnumótunarverkefnum og að gerð fræðsluefnis. Ljóst er að söfnin voru fljót að bregðast við með gerð nýs stafræns efnis og að miðla því með fjölbreyttum og skapandi hætti. Vefir safnanna voru mjög vel nýttir en þó virðist Facebook mest hafa verið notað og það með góðum árangri. Reglulegar færslur, myndir og fræðsluefni fóru í loftið og uppskárú viðbrögð notenda. Færri nýttu sér vefleiðsagnir eða sendu út í beinni út-

sendingu á Facebook. Söfnin nefndu einnig að Instagram hefði verið notað með ágætum árangri m.a. fyrir vefleiðsagnir og miðlun myndbanda. Nokkur söfn nýttu sér þann kost að miðla sýningum í gegnum Sarp. Samfélagsmiðlar eins og Snapchat, Twitter, Tik Tok eru lítið sem ekkert notaðir miðlar. Almenn virðist vera mikil þekking á Facebook en alls töldu 67.4% svo vera og 27.91% töldu að einhver þekking væri til staðar innan safnsins. Mjög fáir telja að engin þekking sé til staðar á samfélagsmiðlum. Einnig kom fram að færni hefði aukist í notkun fjarfundaforrita sem auðvelduðu safnafólki samskipti bæði innan og á milli vinnustaða. Spurt var út í hvort að höfundarréttur kæmi í veg fyrir að hægt væri að miðla safnkostinum með stafrænum leiðum og kom í ljós að meirihluti safnkosts er utan höfundarréttar. Fram kom að tíu söfn hafa gert samning við Myndstef um birtingar á safnkosti sem varinn er höfundarrétti.

Safnið í sófann

Myllumerkið #safniðísófann fór á flug á samfélagsmiðlum. Það byrjaði á Akureyri en brátt fóru söfn um allt land að notað merkið. Líklega hefur rafræn miðlun safnanna glatt fólk á meðan á samkomubanninu stóð. Myllumerkið virkaði vel og var áhugavert að sjá hversu mörg söfn nýttu þennan kost. Miðlunarverkefnið á netinu voru mjög fjölbreytt t.d. voru sýningar í gegnum Sarp, lifandi leiðsagnir á samfélagsmiðlum, boðið var upp á heimsóknir í þrívídd, hægt var að fylgjast með daglegu starfi á söfnum, ljósmyndum og fræðslu var deilt á skapandi hátt. Mismunandi var hvort unnið var nýtt efni í samkomubanninu eða annað efni sem var þegar til notað. Spurt var um hvort söfnin hefðu reynt að tengjast ákveðnum gestahópum/markhópum með miðlun sinni. Börnum og unglingum, eldri borgurum, fólki með fötlun og fólki af erlendum uppruna. Um helmingur svarenda reyndi að ná til barna og

unglinga með markvissum hætti eða að einhverju leyti. Fram kom að flest höfðu reynt að ná til sem flestra hópa í gegnum samfélagsmiðla.

„Líðan er náttúrulega óvissa um framtíðina.“

Í könnuninni var einnig leitast við að draga fram hvernig starfsfólk safna tókst andlega á við faraldurinn og hvaða áhrif hann hafði á dagleg störf starfsfólks út frá þeim þætti. Í svörum kom fram að það sem hvíldi einna mest á starfsfólki var hættan á smiti, hvort sem var á meðal starfsfólks eða gesta. Spurningar um sóttkví og hættuna á að allur vinnustaðurinn yrði settur í sóttkví hvíldi einnig þungt á starfsfólki og almennt hve framtíðin var óljós þar sem framvinda sjúkdómsins var flestum hulin. Eftir því sem á leið faraldurinn snerust áhyggjur starfsfólks einkum að rekstri safnsins og mögulegum uppsögnum. Þá ríkti mikil óvissa um sumarstarf safnanna og hvernig átti að bregðast við kröfum um tveggja metra reglu, til að mynda í tengslum við viðburðahald. Stjórnendur leituðust við að hafa gott upplýsingaflæði og voru sumir með reglulega starfsmannafundi og hópefli þar sem andleg líðan var á meðal umræðuefna. Almenn töldu svarendur að yfirvegun hefði þó ríkt á meðal starfsfólks og tekist á við þau vandamál sem veiran skapaði um leið og þau komu upp.

„Eft samheldni, aukin vitund um mikilvægi hreinlætis og aukinn skilningur á mikilvægi safna og sýningastarfs.“

Þó svo að Covid-19 sé búin að setja allt á hvolf um allan heim þá fundu svarendur ýmislegt jákvætt við þetta fordæmalaus ástand. Margir bentu á að það þetta hafi þurft til að sýna fram á að fjarfundarþúnaður virkar vel og er að margra mati kominn til að vera. Það sátu allir við sama stafræna borðið og var mikil stuðningur að geta leitað til kollega um land allt og heyra hvað þeir voru að gera.

Samkvæmt svörum stjórnenda þá var tíminn nýttur til skráninga muna og ljósmynda og var góður gangur í þeim verkefnum þar sem minna var um annað áreiti eins og þegar opið er fyrir gesti. Einnig var tekið til hendinni í varðveisluhúsum og viðhaldi sýninga og safnhúsa sinnt. Mörg söfn nýttu tímann vel til að miðla stafrænt. Almenn má segja að starfsfólk safna hafi nýtt tímann vel og hugað að innra starfi en einnig unnið að verkefnum framtíðar og unnið þannig í haginn.

Hlutverk safna í veiru og vá ...að „opna“ dyrnar á safninu þó svo að það væri lokað.

Það var svar margra að hlutverk safnsins í kófinu hafi einkum verið að miðla þeim mikla fróðleik sem söfn varðveita. Flestum svarenda þótti mikilvægt að miðla innihaldsríkri afþreyingu og vekja þannig áhuga áhorfenda/lesenda á safninu, í raun opna dyrnar á safninu þó svo að það væri lokað. Þá lögðu mörg söfn áherslu á að sinna innra starfi að kostgæfni og minna þannig samfélagið á mikilvægi sitt.

Þegar lítið er í baksýnisspegilinn töldu flest söfn sig hafa gert eins vel og þau höfðu efni og aðstæður til. Þó tók einn svarandi fram að það hefðu verið mistök að nýta hlutabótaleiðina. Sum nefndu þó að þau hefðu mátt nýta samfélagsmiðla enn betur. Fyrstu viðbrögð safna sýna þó, að mati svarenda, að þau hafi brugðist hratt og skynsamlega við þeirri vá sem við blasti. Starfsfólk safna er skapandi og var fljótt að aðlagast nýjum veruleika án þess þó að slá af faglegum kröfum. Allir settu öryggi gesta og starfsfólks í fyrsta sæti og sinntu áfram af elju og dugnaði þeim faglegum verkefnum sem söfnum er treyst fyrir, sama hvaða vandi stæðjaði að. Þá voru tekin upp ný viðmið er kom að þrífum og umgengni við gesti.

Almennt voru svarendur ánægðir með viðbrögð safnaráðs, FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM á tímum Covid-19. Þegar svarendur voru beðnir um að dæmi um það hvernig stuðningsnet safna geti aðstoðað þau í hugsanlegri framtíðarvá af völdum faraldra komu tillögur um málþing þar sem farið yrði yfir viðbrögð við Covid-19 og hvernig söfn geta nýtt sér þá reynslu ef annar faraldur setti allt á hliðina. Einnig kom fram rík krafa um aðstoð við að útbúa neyðar/ viðbragðsáætlanir.

Covid-19 er alheimsfaraldur sem mannkyn allt stendur nú frammi fyrir. Þetta er í fyrsta sinn sem núverandi kynslóðir glíma við slíka vá, eins og einn svaranda benti á og allir að reyna bregðast við eins vel og hægt er. Sagan mun svo sýna okkur hvað við

gerðum rétt og hvað við hefðum mátt gera betur – eflaust á sýningu á safni!

Lokaorð

Flest sem svöruðu fyrir hönd safna voru þeirrar skoðunar að ekki yrði varanleg breyting á starfsemi þeirra eftir heimsfaraldurinn. Þó nefndu mörg að ýmislegt varðandi verklag í kringum hreinlæti myndi festast í sessi. Einnig var nefnt að bæði fundahald og námskeið gætu vel farið fram með nýju sniði þar sem netfundir væru einfaldari. Þá var einnig nefnt að ýmsar leiðir í miðlun á netinu og samfélagsmiðlum yrðu að líkindum meira notaðar í framtíðinni.

Spurt var um breytingar á áætluðum heildartekjum safnsins. Mikilvægt er að hafa í huga að svörin bárust í lok maí og síðan þá hefur veiran aftur


látið á sér kræla og staðan hugsanlega verri nú en þá samkvæmt samtölum við safnstjóra.

Árið 2020 er ekki liðið og væri fróðlegt að skoða stöðu safna í lok ársins.

Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM, Helga Maureen Gylfadóttir, formaður FÍSOS og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.



SÝNINGAR + SAFNBÚÐ + VINNUSTOFA + RANNSÓKNARÝMI



HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART

Garðatorgi 1, 210 Garðabær • Opið alla daga nema mánudaga, frá 12 – 17. • www.honnunarsafn.is • [f](https://www.facebook.com/honnunarsafn) [i](https://www.instagram.com/honnunarsafn) honnunarsafn

„Ef þú telur þig vera að vinna með einsleitt samfélag, þá ertu hálfsljónlaus“

Jette Sandahl hefur komið víða við á löngum starfsferli. Hún er öflugur talsmaður þeirra mannréttinda sem snúast um aðgengi fólks að menningu, en sú hugsjón hefur litað starf hennar á söfnum í gegnum tíðina. Á síðustu árum hefur hún beint kröftum sínum að leiða vinnu nefndar á vegum Alþjóðasamtaka safna, ICOM, um nýja skilgreiningu á hugtakinu safn, sem var kynnt á heimsþingi ICOM í Kyoto í Japan haustið 2019. Í upphafi árs 2020 var Sandahl boðið til fundar við safnafólk á Íslandi þar sem umfjöllunarefnið var nýja safnaskilgreiningin. Mikill fengur var af komu hennar og sköpuðust góðar umræður um efnið. Síðan þá hefur dregið til tíðinda því Sandahl hefur sagt sig úr nefndinni, ásamt fleira nefndar- og stjórnarfólki, auk forseta ICOM. Ástæðurnar fyrir úrsögnum þeirra úr þessum embættum er ágreiningur þeirra við aðra stjórnendur og meðlimi ICOM um leiðir. Einnig er ósætti um vinnubrögð í ákvarðanatöku þegar kemur að breytingum á skilgreiningu hugtaksins safn.

Í kjölfar komu Sandahl til landsins átti ég við hana samtalið um afskipti hennar af málefnum safna. Af samtali okkar má ráða að Sandahl er kröftug manneskja sem tjáir sig á skýran og hreinskilinn hátt um málefni sem skipta miklu máli fyrir söfn samtímans; eins og mikilvægi aðgengis að söfnum án aðgrein-

ingar, hlutverk safna í að tryggja mannréttindi allra og jafnrétti, svo eitthvað sé talið. Mér lék forvitni á að vita hvað varð til þess að hún fór að vinna að safnamálum, hvaða aðferðum hún beitir í starfi og líka til að skyggast inn í framtíðina.

Hvað varð til þess að þú fórst að vinna í safnageiranum?

Leiðin mín þangað var dálítið óbein. Ég vann í 12 ár í sálfræðistofnuninni innan háskólans þannig að ég kem ekki inn í safnageirann úr hefbundinni safnagrein, heldur í gegnum sálfræði, sagnfræði og feminísk fræði. Fyrsta safnið sem ég vann fyrir og átti þátt í að skapa var Kvennasafnið í Danmörku, svo minn bakgrunnur er aktivisminn og lít ég á safnið sem vettvang til valdeflingar.

Það að vinna með efnismenningu varð algjör umbylting fyrir mig. Vegna þess að ég kem úr sálfræði og sálgreiningu, var jarðtengingin í efnismenningunni mjög góð og ég hélt mig þaðan í frá við söfnin. Ég hef fengið tækifæri til þess að vinna á ótrúlega ólíkum söfnum, Kvennasafninu í Danmörku og síðan á Þjóðminjasafni Danmerkur, sem er ef svo má segja eins feðraveldisleg stofnun og hægt er að ímynda sér. Þaðan var ég beðin um að koma og búa til nýtt safn, Heimsmenningsafnið í Svíþjóð. Að því loknu fór ég til Te Papa Tongarewa safnsins í Nýja Sjálandi, og síðan í Borgarsögu-

safn Kaupmannahafnar. Ég hef því unnið við þjóðarsöfn, borgarsöfn og sértæk söfn. Mér finnast mismunandi tegundir safna mjög áhugaverðar.

Þú talar um að þú komir úr aktivisma og í vinnu þinni fyrir söfnin sem þú minnst á, líkt og í vinnunni við nýju safnaskilgreininguna, þá leggur þú áherslu á aðgengi allra að menningu. Hvað er það mikilvægasta af hálfu safnsins til að tryggja aðgengi án aðgreiningar, er það skýr stefna, ráðningar, val á samstarfsaðilum, eða eitthvað annað?

Allt þetta upptalið og ég held að ekkert þeirra safna sem ég hef talað um bjóði frekar upp á slíkt en annað. Nálgunin byggist á ábyrgð stofnunarinnar, hvernig þú nálgast ábyrgðina, frekar en að það tengist umfjöllunarefni safnsins, uppruna þess eða gerð. Okkur ber skylda til þess, en skyldan er sú að þjóna öllum án aðgreiningar og tengist lagaumhverfinu í þeim löndum þar sem ég hef unnið. Um er að ræða menningarstefnu sem hefur verið í gildi í meira en hálfa öld, en reynist okkur mjög erfitt að uppfylla.

Stundum tala ég um tiltölulega velgengni og algjört klúður safna. Ef aðgangstölur safna eru skoðaðar kemur í ljós að þau eru mjög vel sótt – fjöldi þeirra sem heimsækir söfn er gríðarlegur. En þegar aðgangstölurnar eru skoðaðar með tilliti til þess hverjir það eru sem koma á söfnin, þá er það mjög stéttartengt. Þegar ég er í vondu skapi kalla ég það algjört klúður. Þegar Getty safnið í Kaliforníu var byggt, þá var það fyrsta safnið sem ég man eftir sem lýsti því yfir að þau myndu þjóna öllum þeim sem búa á Los Angeles svæðinu. Sem kallar á það að þú þarft að breyta viðmiðunum. Allt sem þú gerir í stofnuninni þarf að litast af því. Þetta er ekki eitthvað sem hægt er að bæta við eða klístra á fræðsludeildina, heldur eitthvað sem þarf að gegnsýra alla stofnunina. Einu söfnin sem ég



veit að geri þetta gegnumgangandi eru Glasgow [Glasgow Museums] og Liverpool [National Museums Liverpool]. Við vorum nálægt því í Te Papa Tongarewa safninu og líklega það næsta sem ég hef komist því að mæta samfélaginu og uppfylla markmiðið um aðgengi án aðgreiningar.

Þú spyrð um helstu tæki og tól til að ná þessum markmiðum fram. Ég held að ráðningar séu ótrúlega mikilvægar og að of oft sé litið framhjá þeim. Ef þú ert með stofnun þar sem vinna eingöngu karlar, þá getur þú ekki búist við að fá marga gesti sem eru konur. Og öfugt. Ef safninu er stýrt af konum og þar vinna einvörðungu konur, og þú sérð bara konur þegar þú kemur inn á safnið, þá muntu ekki fá til þín stóra hópa af gestum sem eru karlar. Þetta á líka við um aðrar breytur. Ef starfsfólkið er að öllu jöfnu hvítt, þá muntu ekki ná til svarta gesta. Ef allt fólkið sem

þú sérð þegar þú kemur á safnið er 65 ára, mun það ekki höfða til ungra gesta. Ef ég sem gömul manneskja kem inn þar sem 19 ára ráða rýminu, hversu auðveldlega líður mér eins og þetta sé rýmið mitt? Þessi samsömun – hvern sé ég þegar ég kem inn – hver er stillinn – hvernig er andrúmsloftið – er mjög mikilvæg. Og á bakvið það er auðvitað efnið sjálft, það sem er undir yfirborðinu. Umfjöllunarefnið, hvaða málefni eru ávörpuð, hvernig eru þau ávörpuð, hvernig er fjallað um þau, hverjir eru samstarfsaðilarnir, og hversu djúpt inn í samfélagið nærðu. Allt þetta er mikilvægt og þú getur ekki gert bara eitthvað afmarkað, það verður að vera allt samtímis. Það er dálítið yfirþyrmandi verkefni og okkur mistekst svo oft vegna þess að við gerum sumt og höldum að það sé nóg. Við höldum að við getum gert eitthvað eitt í einu, en það er í raun heildarnálgunin sem skiptir máli.

Heldur þú að starfsfólk safna óttist breytingar? Að þau vilji ekki fá alls konar fólk inn til sín, að það vilji frekar starfa eins það er vant og fá fólk á safnið sem er eins og það sjálft?

Á einhvern hátt óttumst við öll það að missa forréttindi, stöðu, eða að missa störfin okkar. Ég held held hins vegar að þetta sé kerfisbundnara en svo og tengist því hvernig okkur hefur tekist að tengjast inn í samfélögin okkar. Ég held að það hafi líka með það að gera hverjum við náum inn til að mennta sig í þeim greinum sem leiða til vinnu á safni. eru söfn aðlaðandi vinnustaðir fyrir fólk sem er kannski innflytjendur, af fyrstu eða annarri kynslóð? Eða er þetta kannski ekki mikilvægasti geirinn? Menningararfleifðargeirinn í Evrópu er ótrúlega hvítur, og ég held að þar séu bæði útilokandi öfl að verki og jafnframt að geirinn þykir ekki skipta verulegu máli. Breyting á því væri afdrifarík, þar sem söfn gera sig

gildandi sem mikilvægar stofnanir í því samhengi. Te Papa Tongarewa safnið var auðvitað í allt annarri stöðu en þau Evrópsku söfn sem ég vann fyrir. Það var miklu tengdara fjölbreyttum hópum á Nýja Sjálandi. Ekki bara Pákehā fólkinu og Maórum, heldur einnig til dæmis ítölskum og japönskum samfélögum. Það var miklu tengdara og miklu meðvitaðara í því að vinna náð saman, sem skapaði hópunum hlutdeild í samfélaginu.

Þú minntist á það í heimsókn þinni til Íslands fyrr á árinu að stjórnvöld eða fjárhagslegir bak-hjarlar ættu kannski að krefjast þess að söfn sýndu í verki framkvæmd yfirlýstrar stefnu um aðgengi án aðgreiningar fyrir ólíka hópa samfélagsins og að þau gætu til dæmis sagt: Jæja, þið hafið haft 75 ár til að uppfylla þetta en það hafa verið afar litlar heimtur, svo þess vegna munum við lækka fjárstyrki til ykkar. Þú sagðir einnig að ríkisstjórnir eða menntamálaráðuneytið gætu veitt söfnum sem eru þegar farin að uppfylla slík markmið umbun í formi athygli og aukins fjármagns. Getur þú útskýrt þetta betur?

Þetta er áhugaverð pæling því mörg lönd eru komin með lágmarksstaðla eða viðmið fyrir söfn til að uppfylla til þess að fá fjármagn. Til dæmis að húsnæði safna þurfi að standast ákveðnar kröfur, öryggismál þurfi að vera í lagi, safnkostur þurfi að vera skráður stafrænt o.s.frv. Að sama skapi gæti sá sem veitir fjármagninu sagt: Við viljum að þú sýnir og skráir vinnuna sem snýr að því að þjóna samfélaginu eða: Við viljum sjá í skýrslunum ekki bara hversu margir gestir koma á safnið, heldur hvaða gestir það eru. Við viljum vita af samstarfinu sem þið skapið. Við viljum sjá hvernig þið komið að gagni eða gerið ykkur gildandi í sumum bæjarhlutum sem eru í erfiðri stöðu, og sérstaklega á þeim svæðum þar sem íbúarnir hafa ekki notað safnið í gegnum tíðina.

Á síðustu áratugum hefur starfsfólk safna búið við einhverju aukreitistil að framkvæma þessa vinnu, hvort sem þú kallar það að vinna að aðgengi fyrir alla, félagslegu réttlæti eða félagsþátttöku, eða hvað annað sem þú vilt kalla það, það er eitthvað sem fólk hélt það myndi gera þegar það fengi aukafjármagn. Maður sækir um aukafjármagn og þá verður af því, en ef þetta aukafjármagn hverfur, þá hverfur líka starfsemin af því að hún er verkefnatengd. Og það er hér sem ég vildi vísa til lagaramma um starfsemi safna – að skuldbindingin til að skapa aðgengi án aðgreiningar að menningarlífi er skylda sem okkur var sett af löggjöfinni. Ekki eitthvað sem við getum valið að sinna eða þegar okkur langar til þess eða þegar við erum með aukafjármagn. Það ætti að vera hluti af grunnplaninu og kannski ætti það endurspeglast í þeim viðmiðum sem söfnum eru sett og ætlað að uppfylla af hálfu stjórnvalda.

Veistu um einhver dæmi um mælingar sem sýna niðurstöður úr slíkri vinnu við það að ná út fyrir veggj safnsins?

Á tíunda áratugnum notuðum við á Þjóðminjasafni Danmerkur það sem kallast sjálfsmatsviðmið frá Texas safni (Texas Museum Self Assessment Guide). Viðmiðin fela í sér langan spurningalista sem reyndist mjög afhjúpandi fyrir stofnunina. Okkur fannst ganga vel með að mæta kröfum um fjölbreytni og samfélagslega vinnu, en spurningalistinn sýndi fram á að okkur hafði misheppnast hrapalega þegar kom að fólki sem vann störfin á safninu. Starfsfólkið okkar var einstaklega einsleitt og algjörlega hvítt. Ég var eina konan við deildarstjórn safnsins og við æðri stjórn voru eingöngu karlar. Spurningalistinn dró þetta fram. Ég hefði sagt með stolti frá öllum frábæru verkefnum sem við unnum. En þau voru á yfirbörðinu og þegar margt lykilstarf hætti í safninu árið 2001 urðu eftir fá ummerki og lítið minni um vinnu okkar.

Af þessum sökum er þess virði að meta alla mismunandi þætti starfsins og líta ekki eingöngu til þess að það séu flott verkefni í gangi. Skoða þarf hversu vel þau eru tengd allri annarri vinnu, til dæmis við söfnun og stjórnun. Eru aðallega bara góð fræðsluverkefni og kvöldviðburðir eða síast það inn í allt safnastarfið? Það að ná að tengja allt saman í eina samfellu ætti alltaf að vera markmiðið. Það er stöðug nauðsyn á því að spyrja sig: Hvers vegna erum við að vinna að þessu verkefni og er það sannarlega samofað þeim samfélögum sem við höldum að við séum að vinna fyrir?

Geturðu sagt mér frá nálgun þinni hjá Heimsmenningarsafninu í Gautaborg, og þá hvað varðar umfjöllunarefni, vinnu með safnkostinn, fræðslustefnu og ráðningar, og markhópa?

Ég var undir áhrifum frá Gettysafninu – þú verður að brenna fyrir því að vilja ná til allra. En þú getur ekki náð til allra samtímis eða með einum og sama hætti. Þú verður að miðla á ólíkan hátt fjölbreyttu umfjöllunarefni. Umfjöllunarefnið, hönnunartungumálið og tungumál orðanna sem þú velur mun laða að sér ólíka hópa og ólíkt samstarf. Við settum ekki upp grunnsýningar á safninu, heldur skilgreindum fimm svæði innan byggingarinnar sem aðgreindu sýningar og viðburði. Á hverju þessara fimm svæða voru ólík umfjöllunarefni sem átti að skipta út eftir tímabilum, sum þeirra stóðu í fimm ár, önnur þrjú og enn öðrum var skipt út oftar.

Umfjöllunarefnin voru valin að vel athuguðu máli, sum voru tengd safnkostinum, önnur málefnatengd. Dæmigerð málefnatengd sýning var um HIV – Nafnlausar veikir. Alnæmi á öld alþjóðavæðingar (No Name Fever. Aids in the Age of Globalization) og næst þar á eftir var sýning um mansal. Það var augljóslega ekkert til í safnkostinum sem tengdist þessum umfjöllunarefnum.

En það er mjög mikilvægt, þegar slík sýningarefni eru valin, að það sé unnið með þau sem efnismenningu. Að þau verði ekki að texta eða myndefni. Það þarf því að fara út og búa til, skapa, fá að láni, leita að, finna og safna hlutum sem gefa mynd af þessum samtímamálefnum og að þú safnir þeim markvisst fyrir safnið. Á hinum enda rófins, þá vorum við með sýningar úr safnkosti og innsetningar. Við réðum til okkar fólk til að búa til eitthvað nýtt og túlka safnkostinn á nýjan hátt, eins og á sýningunni Óséð svæði. Dvalarstaður djöflanna (Sites Unseen. Dwelling of the Demons) eftir listamanninn Fred Wilson, en hann kannaði valdakerfi og velti fyrir sér hefðbundnum safnkosti safnsins, sem er af þjóðháttalegum toga.

Fyrir hverja sýningu var sett saman sýningarteymi. Í hverju teymi var starfsmaður með fræðilegan bakgrunn í umfjöllunarefninu, utanadkomandi arkitekt eða hönnuður, viðburðarstjórnandi frá safninu, yfirmaður fræðslu allt frá upphafi, umsjónarmaður fasteigna, yfirmaður safnkosts, og utanadkomandi manneskja sem þekkti efnið af eigin raun, hafði á því sérfræðibekkingu.

Þegar við réðum inn fyrsta stóra hóp fræðslu- og móttökustarfsmanna, þá réðum við inn um 10 manns samtímis. Við bjuggum til snjalla starfsauglýsingu, þar sem kom skýrt fram að við værum að ráða inn hóp og þannig gátum við leyft okkur að setja heildarkosti hópsins framur kostum einstaklinganna. Með þeim hætti uppfylltum við líka markmið lagarammans um starfsauglýsingar og ráðningar. Eitt af því sem við settum fram í auglýsingunni var sú að persónuleg eða eigin reynsla af ákveðnum málaflokki væri kostur. Innan fyrsta hópsins sem við réðum voru nokkrir HIV skráðir hinsegin aktívistar, stelpa sem var nýútskrifuð úr menntaskóla og aktívisti í mál-efnum ungs fólks. Strákur sem var í

fótboltaliði sem vann verkefni með fólki sem var með HIV í Afríku, var sjálfur ættleiddur frá Afríku. Þarna kom persónulegur bakgrunnur heim og saman við fræðilegan bakgrunn eða menntun og reynslu af kennslu. Hópurinn var sérstaklega fjölbreyttur og þetta reyndist vera lykillinn að því hversu vel tókst til að tengja safnið Gautaborgarsvæðinu.

Safnið hlaut líka mikla reynslu af ótrúlega erfiðu, en jafnframt árangursríku verkefni með stórum hópi fólks sem í voru fyrstu kynslóðar innflytjendur frá Afríku, öll íbúar og ríkisborgarar í Svíþjóð. Þetta var verkefni styrkt af Evrópusambandinu og átti safnið að vinna með ólíkum iðnfyrirtækjum í Gautaborg. Vegna kreppuástands var vinnunni með fyrirtækjunum slaufað, svo að hópurinn var með safninu mun lengur en við öll bjuggumst við en vinnan snerist um að rannsaka og setja safnkostinn frá Afríkuhorni [austurhluti Afríku] í samhengi. Þeim fannst stofnunin einfaldlega rasísk og við urðum að vinna okkur í gegnum oft á tíðum sársaukafull, nærgöngul og persónuleg ágreiningsefni. Við urðum að hlusta mjög vel hvort á annað til að skilja merkingu og táknfræði daglegra samskipta. Safnið bjó til dæmis til herbergi fyrir þetta verkefni sem af safnsins hálfu var nánast heilagt, af því að þaðan var óheft aðgengi að geymslunni þar sem safnkosturinn var varðveittur. Fyrir starfsfólk safnsins fól aðgangur að herberginu í sér ákveðin forréttindi. En það sem þátttakendur verkefnisins sáu var að þetta herbergi var í kjallaranum, svo safnið hafði, eins og alltaf, ýtt þeim niður í kjallara og gert þau þar með ósýnileg. Þetta var gríðarlega erfitt fyrir alla sem tóku þátt, en sumir þátttakenda bundust safninu og eru ennþá í vinnu þar sem fastráðnir starfsmenn. Núna þegar ég horfi til baka, þá finnst mér vera líkindi við það sem mörg söfn finna fyrir núna, með Black Lives Matter í huga, þar sem gagnrýni er sett fram

á söfn og bent á þörfina á því að vinna sig í gegnum bæði kerfisbundinn og persónulegan rasisma – sem er viðhaldið af okkur og hvítu forréttindum okkar.

Gestatölnurnar sýna fram á að gestir safnsins eru miklu yngri en víðast hvar annarstaðar á söfnum í heiminum. Var ákveðið í upphafi að einbeita sér að yngri aldurs- hópum? Hvernig völduð þið mark- hópana og umfjöllunarefnin?

Ef þú ákveður að gera sýningu um HIV veiruna og alnæmi þá er það efnið sem laðar að sér yngri gesti. Í öðrum tilfellum beindum við sjónum okkar að eldri, hefðbundnari hópum. Við unnum mikið með rýnihópa og prófuðum á þeim mismunandi sýningarefni, eins og til dæmis með Paracas textílana sem voru lykilsafngripir í gamla þjóðháttasafninu. Við ákváðum við enduroppnun safnsins að sleppa textílunum. Að hluta til var það vegna forvörslusjónarmiða en líka af því að í rýnihópavinnunni kom í ljós að fólkið sem hafði verið dregið á safnið á barnaskólaaldri langaði minnst af öllu að sjá textílana. Þeir voru neðst á listanum yfir það sem það hafði áhuga á að sjá. En almannarómur og menningarelitán í Gautaborg var annarrar skoðunar, fyrir þeim var það nánast glæpur að sýna ekki textílana. Þetta voru háværar raddir sem höfðu mikil áhrif en endurspegluðu ekki viðhorf almennings. Þetta dæmi sýnir hvernig gestarannsóknir styrkja hugmyndir og byggja traustar brýr yfir til almennings.

Þegar kemur að notkun tungumálsins, er það vandamál að flestir starfsmenn safna komi úr háskólaumhverfinu?

Það fer allt eftir því hversu vel þú tengist samfélaginu. Ef þið eruð öll 25. kynslóðar fræðafólk, þá er ekki víst að það sé geta til þess að eiga samskipti út fyrir fræðasamfélagið, en ef að þú ert með fólk í starfi sem er af fyrstu kynslóð fræðafólks eða fólk sem er varla fræðafólk, þá munu

þau líka hafa aðra tjáningarmáta. Þetta hefur með ráðningar að gera. Fjölbreyttur bakgrunnur starfsfólks er raunverulegur styrkleiki, það þýðir að þú hafir mun fleiri möguleika að vinna með.

Minnistæðasta upplifunin mín af tungumálakóðum var á Kvennasafninu þar sem við tókum mörg viðtöl til að skrásetja munnlega sögu. Með mér frá safninu var ung verkakona. Það áhugaverða var að hún þekkti marga tungumálakóða sem ég þekkti ekki, eins og að spyrja hvort að eiginmaðurinn væri vondur þegar hann var fullur. Þetta var kóði sem kallaði fram langar og nákvæmar sögur hjá fjölda viðmælenda um hvernig maðurinn hennar lamdi hana. Innbyggt í kóðann var það að hann lamdi hana greinilega, en af því það gerðist bara eða aðallega þegar hann var fullur, þá varð hún ekki að fara frá honum. Þetta voru kóðar sem ég var algjörlega grunlaus um, ég hafði sem reynd fræðikona og sálfræðingur sem vann með kvennasögu aldrei áður heyrt slíkar sögur. Þetta kenndi mér margt um takmörk þess sem við teljum okkur vita og um þá þekkingu sem er stétt- og kynbundin.

Þú hefur minnst á það, m.a. í erindi þínu á Íslandi, hvernig þú notaðir Mannréttindasáttmálann þegar þú varst í stefnumótunarvinnunni á Heimsmenn-ingarsafninu í Gautaborg. Núna eru skjöl eins og UNESCO ályktunin um þróun safna frá 2015 og nú nýlega sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna að koma fram. Myndir þú mæla með því að nýta slík gögn í vinnu við að þróa stefnu og markmið safns? Hvert á ég að leita til að gera betur í starfi mínu á safni?

Ég myndi einbeita mér að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og því hvað safnið getur uppfyllt í hverju markmiði fyrir sig og hvernig hægt er að tengja tilgang og markmið safnsins við sjálfbærnimarkmiðin.

Á síðustu árum hef ég litið til rannsóknna og kannana Alþjóðæfnahagsráðsins (WEF), Sameinuðu þjóðanna og heimsþings OECD. Það sem er áhugavert þar er að þau skoða hvað fólk óttast mest með spurningum eins og: Hverju hefur þú áhyggjur af eða hvað eru mikilvægustu málin í þínu lífi, í þínu landi, í þínu fagi? Mér finnst þetta mjög gagnlegt. Við unnum með slíkar spurningar líka í undirbúningsvinnunni fyrir það sem varð að hringborðsumræðunum fyrir nýju safnaskilgreininguna hjá ICOM.

Þegar ég var að vinna í Borgarsögu-safni Kaupmannahafnar varð ég mjög áhugasöm um félags-hagfræðikort sem Kaupmannahafnarborg og margar aðrar stórborgir vinna árlega, en þau sýna með nákvæmum hætti hvernig staðfræði og lýðfræði koma saman. Hægt er að sjá á korti hvar fátækt er að finna og svæði þar sem fátækir hafa ekki aðgang að menntun, hafa ekki aðgang að menningu, geta ekki keypt húsnæði og að þau verði sífellt fátækari, ekki ríkari. Kortið sýnir mynstur, en líka frávik, sem eru til dæmis svæði þar sem pólitískur aktívismi blómstrar í kringum hafnarsvæðin í Kaupmannahöfn, þar sem íbúarnir fylgja ekki mynstrinu. Bæði lýðfræði og staðfræði eru áhuga-verð, en sérstaklega fyrir söfn.

Ef ég fer yfir 100 metra langa brú sem liggur yfir vötnin hér í Kaupmannahöfn, þá lækka lífslíkur mínar um sjö ár. Slíkar upplýsingar þarf borgarsafnið að vita. Ef þú ert að vinna á Þjóðminjasafninu þá þarftu að þekkja inn á slíkar staðreyndir um misrétti sem viðgengst í landinu og vera vakandi yfir því í öllu sem þú gerir. Ef þú telur þig vera að vinna með einsleitt samfélag, þá ertu hálfsjónlaus.

Á ráðstefnunni í Kyoto árið 2019 þegar nýja safnaskilgreiningin var rædd virtist sem stjórni ICOM væri óundirbúin þeirri gagnrýni sem þar kom fram, og að íhaldsamari þjóðir, nefndir og

fólk hafi haft óskorað vald til að hindra framkvæmd breytinga. Kosningunni sem var á dagskrá var frestað á grundvelli laga-tæknilegra atriða í franskri lög-sögu. Heldur þú að vandamál við að það að búa til nýja safnaskilgreiningu tengist stærra máli í heiminum í dag, pólariseringu eða kreppu alþjóðlegra stofnanna þegar kemur að lýðræði, samvinnu og mannréttindum. Þeir sem vilja fara hægar eru við völd, eða að það sé ekki samstaða um gildin sem skipta máli?

Það er vissulega pólarisering og orðræðan sem var í gangi allt að ráðstefnunni í Kyoto kom mér virkilega á óvart. Hér á landi hafa ekki verið menningarstríð, en það virtist sem að á síðasta ári hafi brotist út stríð í safnaumhverfinu. Fólk, blaðamenn, dagblöð, eða tímarit leyfðu sér að segja nánast hvað sem er, í litlu samhengi við sannleikann og ég held að slíkt ástand sé mjög hættulegt pólitískinni.

Ég var mjög ánægð með fundinn á Íslandi um safnaskilgreininguna, því þar var fólk í salnum sem var mér ósammála, og gat tjáð sig opinskátt um það, ég gat brugðist við því og við gátum sætt okkur við þá staðreynd að við vorum ósammála. Af minni hálfu er það ein af stóðum lýðræðis-samfélags að hægt sé að finna leiðir til að kljást við ólíkar skoðanir. Ef við værum öll sammála, þá þyrftum við ekki á lögmálum eða aðferðum lýðræðis að halda. Lög og lagaumhverfið snúast um það að takast á við og komast að samkomulagi af virðingu. Og það er þess vegna sem sum okkar komust í uppnám í Kyoto, af því að lögunum og aðferðunum var kastað fyrir róða. Norðurlandahjóðirnar voru sammála um þetta. Ekki af því að norrænu söfnin séu brautryðjendur, aðgerðasinnuð að einhverju ráði, eða af því að nýja skilgreiningin væri fullkomin eða komin frá guði. En norrænu þjóðirnar voru samstíga í mótmælum sínum gegn frávikum frá viðurkenndum leiðum.

Hvað telur þú að muni gerast núna hjá ICOM? Er einhver vonarglæta á sjóndeildarhringnum?

Nú hafa tíu lykilmanneskjur sagt af sér. Afsögn er uppgjöf, gerningur sem endurspeglar vanmátt og að manneskjinni sé ekki leyfilegt að eiga sér rödd. Í henni felast hvorki mótmæli né hótun. Hún er aðgerð sem felur í sér getuleysi.

En það sem er mjög áhugavert er að neikvæða orkan sem fylgir afsögunum hefur haft það í för með sér að annað fólk hefur risið upp í kröftugri mótspyrnu og andófi. Annað opið bréf til framkvæmdaráðsins er á leiðinni, undirritað af 50 manns, forsvarsfólki nefnda, sem krefjast gagnsæis og innsýnar í vinnu- og ákvarðanatökuferla framkvæmdaráðsins. Sjálfsmat framkvæmdaráðsins var ekki sannfærandi. Það er innri endurskoðun þar sem það metur sjálft sig og þar af leiðandi náttúrulega blindað og útþynnt.

En það er hreyfiafl innan ICOM núna sem ég hef aldrei séð áður og ég veit ekki hver áhrifin verða. Þegar ég tala við mér yngra fólk þá heyrir ég á þeim að þau eru sigurviss. Ég er aðeins minna viss því ég hef áður orðið vitni að hruni. Við sáum á síðasta ári hversu ótrúlega sterk íhaldsömu öflin eru. Ég veit ekki hvort nýja andspyrnan muni vinna, en hreyfingin er áhugaverð. Það er líka áhugavert að sjá að hún er knúin af konum á aldrinum 35–50 ára. ICOM verður að passa að missa þær ekki frá sér. Eins og er þykir mér mjög mikið til þeirra koma og þær vinna algjörlega frábært starf.

Verður af nýrri safnaskilgreiningu?

Það fer eftir því hvar völdin munu liggja. ICOM er ekki ennþá búin að leggja niður MDPP nefndina (Standing Committee for Museum Definition, Prospects and Potentials) og hugmyndir um nýjan forsvarsmann hennar eru í lausu lofti. Niður-



Ljómmyndari: Carsten Smøllberg

staðan mun sýna hvar völdin liggja núna. Afsögn forseta ICOM er stórvíðburður, fólk veit að hún sagði ekki af sér af neinni léttvægri ástæðu og sér að breytinga er þörf. Ef ICOM ætlar að halda sínum sessi, eða styrkja stöðu sína, þá verður safnaskilgreiningin að endurspegla breytingar, hvort sem það gerist núna eða ekki. Kosningarnar árið 2022 gætu breytt ICOM til muna. En ég veit ekki. Ef þér finnst

hlutirnir gerast hægt á söfnum, þá gerast breytingar í ICOM varla á forsögulegum tíma heldur jarðsögulegum. En ég beini því til ykkar, unga fólksins þarna úti, að einbeita ykkur að 2022.

Ingunn Jónsdóttir,
safnafræðingur

Frá sýningum til bóka

Útgáfa Listasafns Reykjavíkur: Leiðangur, Róf og Úngl

Undanfarin ár hefur Listasafn Reykjavíkur staðið fyrir yfirlitssýningum í Vestursal Kjarvalsstaða á verkum núlifandi íslenskra myndlistarmanna sem teljast hafa markað mikilvæg spor í íslenskri samtímalist. Anna Línal (f. 1957) reidd á vaðið með sýningunni *Leiðangur* árið 2017, því næst beindi safnið sjónum að ferli Haraldar Jónssonar (f. 1961) á sýningunni *Róf* 2018 og snemma á þessu ári lauk svo sýningunni *Úngl* á verkum Ólafar Nordal (f. 1961) en hún var opnuð á Kjarvalsstöðum haustið 2019. Samfara sýningarframtakinu hefur Listasafnið gefið út vandaðar, samnefndar bækur um feril listamannanna þriggja og eru þær til umfjöllunar hér. Ólöf K. Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, annaðist sýningarstjórn og ritstjórn bókana um Önnu Línal og Ólöfu Nordal en í tilviki Haraldar var það Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar hjá safninu.

Þessi sýningar- og útgáfuröð Listasafnsins hverfist – að minnsta kosti enn sem komið er – um að kynna og kortleggja ákveðna kynslóð í íslenskri myndlist. Anna, Haraldur og Ólöf eru af sömu kynslóð, eiga það sameiginlegt að hafa sótt nám við Myndlista- og handíðaskólann og eru félagsmenn í Myndhöggvarafélaginu – leiðir þeirra lágu raunar fyrst saman á sýningunni *Skúlptúr, skúlptúr, skúlptúr* á Kjarvalsstöðum árið 1994. Þau hafa því verið samferða og mótask sem virkir þátttakendur í íslensku listalífi síðustu þrjá áratugin. Á hinn bóginn sóttu þau öll einnig nám til ólíkra stofnana erlendis; Anna til Bretlands, Belgíu og Þýskalands, Haraldur til Frakklands og Þýskalands og Ólöf til Bandaríkjanna og Hollands. Þau eru ólíkir listamenn og sem slíkir góð dæmi um tjáningarbreiddina í íslensku listalífi og um þá útvíkkun sem einkennt hefur myndlist síðustu

áratuga og lýsir sér í blendingsformum og krossræktun milli miðla, listgreina og menningarsviða. Anna, Haraldur og Ólöf eru listamenn sem finna hugmyndum sínum farveg og form í því efni eða með þeirri aðferð sem hentar hverju sinni og leita eftir innblæstri og efniviði í til dæmis þjóðsögum, tungumálinu, jarðfræðirannsóknum, aðferðafræði safna og vísindastarfs, í byggingarvöruverslunum, söfnum af ýmsu tagi, hversdagshlutum, náttúrunni eða tilfinningalífi mannsins. Öll hafa þau fengist við skúlptúr og ljósmyndin hefur verið nokkuð fyrirferðarmikil í verkum þeirra. Þá hafa þau hvert um sig nýtt sér ýmsa miðla, svo sem útsaum, vídeó, teikningu, prent og texta.

Yfirlitssýningarnar á verkum listamannanna voru prýðilegar og gáfu góða innsýn í feril þeirra. Færa má gild rök fyrir valinu á þessum þremur ágætu listamönnum í sýningar- og útgáfuröð safnsins þótt skiptar skoðanir geti verið á því hvaða listamenn teljast, umfram aðra, hafa „markað afgerandi spor í íslenska listasögu“ (samanber inngang bókarinnar *Róf*). Með þessu framtaki eins helsta listasafns landsins er ljóst að listsöguleg spor listamannanna eru í öllu falli orðin meira áberandi en ella, ekki síst fyrir tilstuðlan útgáfunnar sem hefur tekist afar vel. Bækurnar eru ekki aðeins heimild um sýningarnar og feril listamannanna, heldur eru þær skapandi vettvangur í sjálfum sér. Hvort sem lesandinn sá sýningarnar og þekkir til listamannanna eða ekki, þá geta bækurnar hver um sig falið í sér upphafið að nýjum eða ítarlegri kynnum. Hafi til að mynda yfirlitssýningin kveikt áhuga á ferli listamanns – yfirlitssýningar eru einstakt tækifæri til að átta sig á þróun og samhengi milli verka og á samhenginu við ytri þætti

– þá er bókin eigulegur gripur sem má hafa með sér heim til að rifja upp, glöggva sig betur á hlutunum, uppgötva eitthvað nýtt og sökkva sér ofan í heim listamannsins.

Bækurnar eru allar harðspjalda og í handhægu broti; um hönnun þeirra sá Ármann Agnarsson. Kápa hverrar bókar gefur fyrirheit um inntakið: hæðarlínur á landakorti og slóðir af ýmsu tagi, saumaðar í léreft með mismunandi lituðum tvinna, liggja þvers og kruss á kápu bókarinnar *Leiðangur*; ljósir og dökkir tónar mynda órætt samspil forma á kápu *Rófs*, og á kápu *Úngls* sést móta fyrir mynstri sem er á mörkum hins kunnuglega. Pappírinn er vandaður og í mismunandi lit eftir því hvort textinn er á íslensku eða ensku. Í *Úngl* er gengið lengst í hönnun bókarinnar sem sérstaks rýmis og prentverks þar sem litur, áferð og þykkt pappírsins er mismunandi eftir bókarhlutum eða verkum sem tengjast innbyrðis. Sú bók er sýnu stærst, um 250 blaðsíður. Prentið er fallegt í öllum bókum og mikið er um litmyndir af verkum listamannanna (þ. á m. eru myndir frá yfirlitssýningunum á Kjarvalsstöðum); stundum ná myndir yfir heila síðu eða opnu. Í öllum bókunum eru textar eftir ýmsa höfunda og fer vel á því að prenta þá á mattan pappír. Fyrir vikið eru myndirnar einnig allar á möttum grunni, en í *Úngl* hefur verið farin sú leið að prenta hluta myndanna á sérstakar myndasíður, þ.e. á pappír með meiri glans, og er það skiljanlegt sjónarmið. Í *Úngl* eru aðrar myndir og textar prentaðir á þykkari pappír með aðeins grófari áferð, utan textasafns Ólafar, Sögur, sem prentað er á þunnan, gagnsæjan pappír. Tilfinning fyrir áferð og mismunandi blæbrigðum er fyrir vikið ríkust í *Úngl*. Í heild má segja að hér sé ekki um að ræða listaverkabækur þar sem sérstök áhersla er lögð á litmyndir af listaverkum í stóru broti. Fremur er leitast við að flétta saman myndum af verkum og textum og leiða þannig lesandann inn í samfelli þar sem eitt tekur við af öðru er varpar ljósi á feril listamannanna.

Um leið er dregið fram að starf margra listamanna er gjarnan nátengt skrifum, textum og tungumáli ekki síður en myndmáli.

Í samspili mynda og ólíkra texta er fólgin viðleitni til að ná utan um þá krossræktun milli listgreina sem einkennir starf margra samtímalistamanna og birtist einnig í þverfaglegu starfi í akademísku umhverfi. *Leiðangur* kallast þannig á við rannsóknar tengdan þátt listsköpunar Önnu Línadal, sem var um árabíl prófessor við Listaháskóla Íslands, en hugtakið „listrannsóknir“ hefur rutt sér mjög til rúms hin síðari ár. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur skrifar upplýsandi grein um feril Önnu, um listamanninn sem landkönnuð, rannsakanda og safnara, og um myndlistina sem sérstaka gerð þekkingarsköpunar. Í stuttum en áhugaverðum texta William Fox vefur höfundurinn saman þræði í listsköpun Önnu; hvernig hún staðsetur sig í heiminum, kortleggur og markar spor sín og annarra um leið og hún tengir saman vísindi og list, heiminn og heimilið, hið ytra og innra. Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarmaður gerir grein fyrir hinum femíníska þætti í verkum Önnu en hún vakti fyrst athygli fyrir verk sem fjölluðu með snörpum hætti um stöðu kvenna. Frá síðari hluta 10. áratugarins hefur ríki jökulsins, sköpunarverk náttúrunnar og tilhneiging mannsins til að kortleggja hana, flokka og safna, verið meginviðfangsefni hennar. Eins og fram kemur í viðtali Bjarka Bragasonar myndlistarmanns við Önnu, þá er sjónarhorn hennar ávallt gagnrýnið: „Að handsauma landakort á léreft er femínískt steitment“ svo vitnað sé í orð listamannsins.

Bókarformið hentar einnig vel verkum Haraldar Jónssonar sem unnið hefur talsvert með texta og gefið út prósaverk og ljósmyndabókina *TSOYL*. Brot úr þessum verkum/bókum hans birtast í *Rófi* auk texta sýningarstjórans Markúsar Þórs þar sem farið er yfir feril listamannsins. En það er



ekki hlaupið að því að gera skil þeim verkum hans – skúlptúrum, innsetningum, gjörningum og vídeóverkum – sem fjalla um skynjun og kalla á líkamlega og jafnvel tilfinningalega þátttöku áhorfandans. Þar kemur grein Sigríðar Þorgeirsdóttur heimspekings um fyrirbærafræðilegan áhuga listamannsins að góðu gagni. Texti eftir skáldið Sjón, Og gátur, veitir einnig skilningarlykla að verkum listamannsins sem liggja á óhlutbundnum mörkum – eða rófi – tungumáls, tjáningar og veruleikaskynjunar. Skemmtilega beinskeytt viðtal Kristínar Ómarsdóttur við listamanninn felur einnig í sér skáldlegt framlag. Þar ræðir listamaðurinn mikilvægi þess að vera á staðnum þegar gjörningar eru annars vegar en eftirfarandi orð hans ná vel utan um inntak verkanna: „Gjörningarnir snúast gjarnan um að virkja og brúa bilið á milli okkar. Ég býð áhorfendum til leiks og bilið breytist í eitthvað annað“.

Samtölin sem birtast í bókunum eru iðulega samtöl tveggja listamanna og í *Úngl* er það Ragnar Helgi Ólafsson rithöfundur og myndlistarmaður sem leitar svara hjá Ólöfu. Hann leggur upp með tvö lykillugtök í listsköpun Ólafar; söguna og safnið. Ólöf er sennilega þekktust þremmenninganna en hún á mörg verk í opinberu rými og má þar nefna Púfuna á Grandagarði. Í Púfunni sameinast, eins og í mörgum

verkum hennar, áhugi á umhverfismálum og tengslum menningar og náttúru eins og þau birtast í menningarminninu og arfinum: Tungumálinu, þjóðsögunum og byggingarlistinni – og í hinum ýmsu sérkennum og jafnvel furðufyrirbærum sem þar fyrirfinnast. Didier Semin listfræðingur tekur skemmtilegan snúning á verk Ólafar í ritsmíðinni Fransk vegabréf sem fjallar um gagnrýnið inntak safnaþáttarins í verkum hennar. Þá er að finna ítarlega listfræðilega greiningu á verkum Ólafar í grein Æsu Sigurjónsdóttur listfræðings.

Í textum bókanna *Leiðangur*, *Róf* og *Úngl* er efnt til margháttaðrar samræðu við feril Önnu, Haraldar og Ólafar. Verkin eru greind með hliðsjón af listsögulegu samhengi, hugað er að rödd listamannanna og sjónarhorni annarra skapandi einstaklinga í viðtölunum, og víddir opnast í forvitnilegum skrifum. Lesandinn þræðir sig í gegnum feril listamannanna út frá myndum af verkum og í gegnum texta og samsamar sig í þeim „leiðangri“ að ýmsu leyti menningarlegum birtingarmyndum verkanna; hvernig og á hvaða „rófi“ þau lifa í samfélaginu og í huga viðtakenda þar sem stundum hrærast „úngl“. Þessi metnaðarfulla ritröð, sem felur í sér vissa listrannsókn, varpar ljósi á listasafnið sem mikilvægan útgefanda í víðum skilningi þekkingar og merkingar.

Íslensku safnaverðlaunin 2020 hlaut Þjóðminjasafn Íslands

Vettvangur safna er margslunginn og mikil gróska hefur átt sér stað í safnastarfi víða um heim, þar með talið hér á landi. Til þess að vekja athygli á því sem vel er gert hefur Íslandsdeild ICOM, alþjóðaráðs safna, og FÍSOS, félag íslenskra safna og safnamanna, veitt Íslensku safnaverðlaunin annað hvert ár frá árinu 2000. Viðurkenningin sem felst í verðlaununum er bæði heiður og hvatning þeim söfnunum sem hljóta tilnefningu ekki síður en því safni sem hlýtur verðlaunin. Verðlaunin eru hvati faglegs metnaðs og góð kynning á því hvernig unnið er með menningu okkar á framsækinn og áhugaverðan hátt.

Auglýst var eftir ábendingum frá almenningi, stofnunum og félagasamtökum um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til fyrirmyndar. Til greina komu sýningar, útgáfur og annað er snýr að þjónustu við safngesti jafnt sem verkefni er lúta að faglegu innra starfi svo sem rannsóknum og varðveislu. Í ár var met slegið í innsendum ábendingum, en þær voru alls 49 til 34 verkefna þar sem a.m.k. 21 safn kom við sögu. Vil ég nota tækifærið til að hvetja alla til að sýna áframhaldandi áhuga fyrir því að vekja athygli á því sem vel er gert með því að halda til haga upplýsingum um áhugaverð söfn og verkefni og senda inn þegar næst verður auglýst eftir tilnefningum. Eins má gjarnan velta því fyrir sér hvort tími sé kominn til að efna til verðlauna og viðurkenninga á hverju ári og ef til vill skipta viðurkenningum upp í mismunandi flokka því eins og áður hefur verið nefnt eru viðfangsefnin margslungin og oft erfitt að bera saman mjög ólík verkefni til sömu verðlauna. Ýmsar vangaveltur komu

upp hjá valnefndinni sem vert væri að fjallað væri nánar um.

Til Íslensku safnaverðlaunanna 2020 voru eftirtalin söfn valin fyrir tilnefningu fyrir verkefni sem þóttu til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

- Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði, Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði ásamt Gunnarsstofnun, sem leiddu verkefnið *Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi*
- Borgarsögusafn Reykjavíkur fyrir *Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár og samstarf við hollvinasamtök skipanna Óðins og Magna*
- Listasafn Reykjavíkur fyrir 2019 – *árlistar í almannarými*
- Náttúruminjasafn Íslands fyrir *Vatnið í náttúru Íslands*
- Þjóðminjasafn Íslands fyrir *Varðveislu- og rannsóknamiðstöðvarnar ásamt Handbók um varðveislu safnkosts*

Verðlaunin, sem nú voru að upphæð ein og hálf milljón króna, féllu í skaut Þjóðminjasafns Íslands og því við hæfi að ræða við Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjavörð og Lilju Árnadóttur, sviðsstjóra munasafns Þjóðminjasafns Íslands, um þessa viðurkenningu.

Hvaða þýðingu hafa verðlaunin fyrir Þjóðminjasafn Íslands?

Í fyrsta lagi var mikilvægt að hljóta tilnefninguna og öðlast sess með öðrum söfnum sem vinna kappsamlega að sínum markmiðum. Þjóðminjasafni Íslands ber samkvæmt lögum að vera í fararbroddi safna og safnaverðlaunin því til handa eru staðfesting þess að mikilvægur áfangi í löngu ferli náðist. Með bættum aðbúnaði og öryggi alls safnkosts hefur Þjóðminjasafn Íslands öyggjandi forystu á því sviði hérlandis.

Það hefur tekið nokkur ár að ná settu marki en enn verður fram haldið.

Verðlaunin eru til þess að minna bæði safnafólk og ekki síður eigendur safna á að hvergi er hægt að slaka á í varðveislu, rannsóknum og miðlun. Þeir þættir eru grundvöllur söfnunar í framtíðinni og söfnun, rannsóknir og miðlun er undirstaða þess að sýningastarfsemi blómstri, sé fræðandi, skemmtileg, veki umræður og vitund fólks um bæði um fortíð og samfélag.

Þá hefur nauðsynleg yfirferð um safnkostinn sem áður var vistaður á nokkrum stöðum veitt glögga yfirsýn yfir það sem er til í safninu. Yfirsýnin og bætt aðgengi er lykillinn að því að hægt sé að halda áfram söfnun undir merkjum samtímans, að söfnun sé markviss og samkvæmt ákveðinni söfnunarstefnu sem við viljum sjá að verði þess eðlis að hún nýtist á landsvísu.

Við vígslu nýju Varðveislu- og rannsóknamiðstöðvarinnar í Hafnarfirði notaði Margrét áhugaverða samlíkingu; að miðstöðin væri eins konar „hátækni-sjúkrahús fyrir þjóðminjar“. Getið þið útskýrt það nánar?

Jú, það hefur verið gripið til þessa orðs til þess að vekja athygli á því að það fræða- og varðveislustarf sem söfnin ástunda krefst húsnaðis og tæknibúnaðar svo að þeim minjum sem ætlað er að varðveitast til komandi kynslóða verði tryggð framtíð. Um er að ræða grunnaðstöðu á okkar fagsviði sem leggur grundvöllinn að árangri almennt, þ.e. nauðsynlegir innviðir á sviði safnastarfs og þjóðminjavörslu.

Hugtakið skírskotar og til þess að húsnaðið er rúmlegt, sérhönnuð rými í samræmi við kröfur sérfræðinga okkar með tilheyrandi tæknibúnaði, loft- og hitastýringu allt eftir því hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að tryggja munum og minjum trausta varðveislu.

Þá höfum við nú yfir að búa ágætu rannsókn- og forvörsluverkstæði með viðeigandi búnaði og aðstöðu. Þegar kemur að skráningu og aðgengi að safnkostinum þá hefur orðið mikil breyting á og á enn eftir að batna þegar öllum frágangi verður lokið.

Okkar vonir standa til að Varðveisl- og rannsóknamiðstöðin verði öðrum söfnum bæði hvatning og fyrirmynd. Að verki loknu erum við í stakk búin að til þess að fræða kollega okkar og samstarfsfólk um það ferli sem við förum í gegnum.

Hvert er mikilvægasta framlag Handbókar um varðveislusafnkosts til varðveislumála?

Handbókin varð til fyrir framtak og forystu Þjóðminjasafnsins í samræmi við hlutverk þess sem höfuðsafns og var unnin í samvinnu við fleiri varðveislustofnanir svo sem Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn sem lögðu til efnivið en frágangur og birting var á okkar höndum. Ritstjóri var Nathalie Jacqueminet, forvörður og þáverandi varðveislustjóri Þjóðminjasafnsins.

Handbókin er mikilvægur liður í því að efla varðveislustarfið og miðlun þar um á vegum Þjóðminjasafnsins. Með þessari vinnu sannaðist forystuhlutverk Þjóðminjasafnsins gagnvart öðrum söfnum. Rafrænt útgáfuform bókarinnar gerir kleift að hægt verður að uppfæra hana á næstunni því í varðveislu og forvörslu eru stöðugar framfarir eftir því sem þekkingu fleytir fram. Bókinni er ætlað að vera styðjandi í safnastarfi og efla samstöðu og samstarf allra safna.

Hvernig hafði nýja Varðveislu- og rannsóknarmiðstöðin í Hafnafirði áhrif á innra starf Þjóðminjasafnsins?

Hún auðveldar umgengni og umönnun safnkostsins. Það þýðir að vinnuaðstaða starfsmanna er prýðileg sem og allra þeirra sem leita eftir þjónustu safnsins við griparannsóknir, í mjög sérhæft bókasafn þess, skjala- og gagnasafn.



Vinnan við yfirferð og flutninga færði starfsfólkinu sem vann hörðum höndum í ríflega fjögur ár í verkinu mjög aukna þekkingu á því efni sem varðveitt er í safninu. Liður í því stórvirki var að starfsmenn öðluðust ekki bara yfirsýn yfir safnkostinn heldur einnig jókst þekking þeirra um gripi og safnkost. Flokkun og vistun safnkosts varð skilvirkari og hagkvæmari m.a. með leigu á rými fyrir þá muni sem ekki þurfa á hátæknivistun að halda. Hægt var að uppfæra aðstöðu og umbúnað Ljósmyndasafns Íslands, sem fékk aukið rými við flutninginn, en það er hluti Þjóðminjasafnsins og áfram með aðsetur í Kópavogi.

Flutningurinn leiddi til þess að ýmiss konar tækjabúnaður og léttitæki voru keypt sem eiga eftir að gagnast næstu árin. Af því er mikill ávinningur fyrir vinnustaðinn því einhvers staðar var sagt að helstu kostir góðs safnmanns væri að geta borið þunga hluti milli staða. Nú er öllu ekið eða lyft með viðeigandi búnaði.

Því fylgir líka ákveðinn léttir að hugsað var vel fram í tímann hvað varðar rými.

Hvernig getur veiting Íslensku safnaverðlaunanna til Þjóðminjasafns Íslands verið fordæmisgefandi og hvetjandi fyrir íslensk safnastarf og samstarf?

Því er auðvelt að svara. Með nýrri Varðveislu- og rannsóknamiðstöð var markmiðið að setja ný viðmið í þágu málaflokksins alls og til þess að sýna

fram á aðstæður safnsins þá er sjón sögu ríkari og þegar tímar leyfa og þegar kórónuveiran hefur verið beisl- uð þá væri gott að geta efnt til hátíðar- dags þar sem fólk yrði boðið að koma að sjá húsakynni og aðstöðu bak við tjöld Þjóðminjasafns Íslands. Það hafa raunar margir komið til þess að skoða og við notum hvert tækifæri til þess að bjóða erlendum gestum að skoða. Þeir hafa lokið upp lofsorði á aðstæður safnsins. Við viljum leggja áherslu á það að umgengni um varðveislumið- stöðina er öryggisstýrð og þar hafa einungis fáir starfsmenn aðgengi enda er öryggis gætt í hvívetna bæði hvað varðar bruna-, hrún- og innbrotsvarn- ir. Verkefni Þjóðminjasafnsins sem verðlaunuð voru draga fram innri störf safna sem oft eru lítt sýnilegt almenningi, en mikilvæg undirstaða fyrir aðra starfsemi og sannlega for- dæmisgefandi.

Við afhendingu verðlaunanna lýsti Margrét því yfir að safnið vildi nota verðlaunaféð til kynningar safna á landsvísi og því var fylgt eftir með átaki sem bæði mátti heyra og sjá á plakötum víða undir yfirskriftinni *Samferða á söfnin*. Það tek ég heils- hugar undir og fyrir hönd valnefndar Safnaverðlaunanna 2020 óska ég tilnefndum söfnum og verðlaunahafa til hamingju sem og öllum þeim sem verkefnanna fá notið.

Inga Jónsdóttir, formaður valnefndar.

Fræðslumál safna

Safnfræðsla sem fag og hreyfiafl

Algengt er að litið sé á safnfræðslu sem þjónustu fremur en fag (*profession*). Ef rýnt er í fræðin er ljóst að safnfræðsla situr á mörkum safnafræða og menntunarfræða.¹ Safnfræðsla er í raun skapandi fag og hreyfiafl. Þrátt fyrir að fræðslumál safna hafi verið hluti af rannsóknum í safnafræði um áratugaskeið er menntunarhlutverkið enn óskýrt og takmörkunum háð.

Efnistöð greinarinnar byggja m.a. á doktorsverkefni höfundar í safnafræði *Horft til framtíðar í fræðslumálum safna: Greining á faglegri nálgun í íslensku safnfræðslustarfi*.² Fyrst er rýnt í skilgreiningar á menningar- og menntunarhlutverki safna auk þess sem hlutverk safnkennara er skoðað. Þá er gerð grein fyrir meginniðurstöðum doktorsritgerðar og hagnýtu líkani sem sýnir samverkandi heild ólíkra þátta/hlutverka í fræðslumálum safna. Að lokum er sagt frá könnun sem framkvæmd var sumarið 2020 sem tilraun til „ástandsskoðunar“ á stöðugildum og starfsheitum þeirra sem sinna fræðslu hjá rúmlega 40 íslenskum söfnum.

Óskilgreind og berskjölduð fræðslumál

Söfn eru flóknar og margslungnar menningarstofnanir. Starfsemi þeirra byggir á fjórum grunnstöðum: að safna, rannsaka, varðveita og miðla. Hverri grunnstöð þarf að sinna af alúð og eru þá ónefnd tímafrek atriði eins og stjórnun, rekstur, starfsmanna-

mál, skráning safnkosts og stafrænn veruleiki. Miðlunarþættir safna eru m.a. sýningar, viðburðir, kynningarmál og fræðsla – í raun allt sem snýr að tengslum við safngesti. Í þessu samhengi skiptir nýja safnafræðin (*new museology*) máli því sú viðamikla stefnubreyting sem átti sér stað í starfsemi safna fól í sér að safngestir voru settir í forgrunn og aukið samráð var haft við samfélög. Nýja safnafræðin jók þannig virkni safna í almannabágu.

Innan skipulagsheilda safna virðast fræðslumálin vera berskjölduð fyrir hvoru tveggja, umróti og stöðnun. Á fámönnum söfnum sinna starfsmenn öllum þáttum starfseminnar jafnvel í hlutastarfi. Á stærri söfnum geta skipulagsbreytingar orðið að tómtundagamni stjórnenda sem leggja mögulega niður stöður, svið og deildir til að hagræða án þess að nokkur fái rönd við reist. Þegar lítið rými er fyrir gagnrýna hugsun í safnastarfi geta fræðslumálin orðið fyrir bardinu á slíkum breytingum eða úrelt fyrirkomulag fest sig í sessi. Í kófi³ og samkomubanni fengust t.a.m. fréttir af því að fjölda fræðslufólks var sagt upp hjá söfnum eins og MoMA í New York. Reynslumiklir safnkennarar voru látnir fjúka vegna ástandsins. Svipað var upp á teningnum í fjármálakreppunni 2009 þegar fræðslufólk safna var fjölmennasti hópurinn sem missti störf sín og fagstöðum í fræðslu í nafni hagræðingar.⁴ Þetta er

áhugaverð klemma. Kreppur og kóf skerða möguleika safna til fræðslu og miðlunar, á sama tíma og kallað er eftir öflugri fræðslu og tilraunakenndari miðlun til að milda áföllin.

Valdeflandi menntunarhlutverk safna

Þegar best lætur hafa söfn þýðingarmiklu og valdeflandi menntunarhlutverki að gegna með framlagi sínu til sjálfbærari samfélaga og símenntunar. Þetta framlag felst einkum í samstarfi safna við þau samfélög sem þau sinna, t.a.m. við skólakerfið (frá leikskólum upp í háskóla) og fjölbreytta hópa safngesta á öllum aldri með mismunandi lærdómsþarfir. Hópar sem nýta sér safnfræðslu eiga það sammerkt að valdefling eða uppbygging fólks er í forgrunni.

Safnfræðsla (*museum learning*) og safnkennsla (*museum education*) er oft sinnt af fólki með ólíkan bakgrunn og reynslu. Störfin eru jafnvel innt af hendi án mikillar ígrundunar um kennslufræðilega þekkingu fagsins. Stundum er fólk ráðið sérstaklega í hlutverk safnkennara (*museum educator*) ef kennslufræðileg menntun er til staðar og hennar krafist. Hlutverk safnkennara felst einkum í því að greiða almenningi leið að fræðslumöguleikum safna og auka þannig vægi þeirra.

Útvíkkun á hugmyndinni um safnfræðslu

Áður en lengra er haldið er rétt að gera örstutta grein fyrir doktorsverkefninu sem liggur hér til grundvallar. Fimmtíu og eitt viðtal var tekið við 28 íslenska og 11 hollenska safnastarfsmenn með viðtæka reynslu af fræðslumálum safna. Það var gagnlegt að spegla fræði og störf hollenskra kollega við íslenskan veruleika. Ég nýtti 40 viðtöl fyrir verkefnið og talaði við 21 konu og sjö karla. Viðmælendur voru á aldrinum 31–65 ára þegar viðtölin voru tekin og stundum tók ég fleiri en eitt viðtal við hvern einstakling.



Mynd 1 – „deep hanging out“

Ég beitti aðferðum grundaðrar kenningar við greiningu gagnanna. Í aðferðafræðinni felst þróun á kenningu eða ramma frá grunni, þ.e.a.s. að láta gögnin vísa veginn. Þá notaði ég aðferðir tilviksrannsókna og fylgdist með á vettvangi. Auk þess nýtti ég fjölbreytt gögn fyrir rannsóknina s.s. stefnumótunarskjöl, sýningarskrár, ársskýrslur, vettvangsnótur, ráðstefnuskjöl, heimildamyndir, kennslufni og smáforrit. Ég framkvæmdi það sem mannfræðingurinn Clifford Geertz kallar „deep hanging out“ (sjá mynd 1), til að kynna betur tilvikum rannsóknarinnar og bera rödd þeirra saman við viðtölin. Einn viðmælandi minn sagði: „Það skiptir ekki máli hvort ég miðla inni á safni, inni í kennslustofu eða uppi á fjalli. Þetta eru sömu grunnþættirnir.“ Þessi sýn var ákveðin útvíkkun á hugmyndinni um safnfræðslu sem skapandi kennsluadferð.


Doktorsverkefnið

Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í fjórum vísindagreinum sem hafa verið birtar á alþjóðlegum vettvangi.⁵ Í fyrstu greininni rýndi ég í aðstæður og eiginleika sem þurfa að vera til staðar svo að safnfræðsla skili kennslufræðilegum árangri. Ég skoðaði söguna á 36 ára tímabili (1980–2016) og áhrifaþætti á mótun safnfræðslu til að finna leiðir til að festa fagið í sessi. Í því tilliti var hugtakið sjálfbærni notað í merkingunni að endast til lengri tíma.

Fagið safnfræðsla hefur um langa hríð búið við ótryggt ástand en þegar horfst er í augu við áskoranir eru miklir möguleikar á að útvíkka starfið í kenningarlegu samhengi. Það ríkir t.a.m. þögn, hér á landi og í alþjóðlegu samhengi, um fræðilegar kenningar og notkun þeirra í starfi en á milli safna- og menntunarfræða eru ákveðin samlegðaráhrif sem mætti efla til muna. Sérstaða safnkennara er mikil í þessu samhengi. Safnkennarar auka aðgengi gesta að menningararfi og gera tengsl þeirra við söfn merkingarbærari. Þrátt fyrir óvissuástand kemur í ljós að kennslufræðilegur árangur felur m.a. í sér skilning á því að nám á safni er skapandi.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Í doktorsrannsókninni var samstarfsverkefni sýningarstjóra og fræðslufulltrúa kannað á sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsinu og skoðað hvernig kennslufræðileg líkön eru nýtt í framkvæmd til að uppfylla menntunarhlutverk safna. Ég tók 14 viðtöl og fann gjá eða rof á milli kennslufræðilegra móðela sem notuð voru og hvernig fræðslustarfið var framkvæmt. Það var t.a.m. stuðst við hugsmíðahyggju (*constructivism*) og búin til sérstök fræðslustefna (kenningarlegur grunnur) fyrir verkefnið en hún samrýmdist ekki fræðslustefnu Þjóðminjasafns Íslands sem er í forsvari fyrir Safna-



Mynd 2 – Hagnýtt líkan

húsið. Þrátt fyrir góðan vilja og áhugavert samstarfsverkefni virtist kenningarlegi grunnur þess ekki ná að skjóta rótum. Í Safnahúsinu birtist ákveðið rof á milli valdasviða annars vegar hjá ábyrgðaraðilum samstarfsverkefnisins (ÞJMS) og hins vegar hjá einstaklingum sem höfðu með fræðslumál sýningarinnar að gera fyrir hönd sex menningarstofnanna sem tóku þátt í verkefninu. Menntunarhlutverk sýningarinnar virtist hafa lítið vægi eftir að hún var opnuð. Þögn ríkti varðandi kennslufræðilega nálgun í samstarfsverkefninu og umboð safnkennara var rýrt. Einn viðmælandi sagði sem dæmi að ekkert samtal hefði átt sér stað um sameiginlegar forsendur fræðslunnar.

Fræðsludeild sem var


Í doktorsrannsókninni var langtímaþróun fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur einnig skoðuð til að komast að því hvaða áhrif skipulagsheild safns hefur á menntunarhlutverk þess. Alls voru tekin 20 viðtöl við fólk sem hafði unnið í fræðsludeild safnsins 1991–2018. Safnfræðsla sem fag virðist glíma við samfelldar áskoranir bæði hvað varðar kenningarlegan grunn og framkvæmd. Til að ná kennslufræðilegum árangri þarf aukin víxlverkun að eiga sér stað á milli formlega skipulagsstrúktúrsins (skipurit, stefnur o.þ.h.) og hins óformlega

þar sem reynsla starfsfólks af vettvangi hefur meira vægi. Niðurstöður leiddi í ljós að skipulagsstrúktúr safna hefur bein áhrif á fræðsluhlutverk þeirra. Opinber rödd safnsins, sem birtist m.a. í stefnumótunar-skjölum og ársskýrslum þess, sýndi fram á að viðfangsefnið myndlist var sett í forgrunn en fagleg þróun safnfræðslustarfsins og samfélagslegt hlutverk safnsins hafði minna vægi. Engin opinber fræðslustefna var til staðar og áform um mótun hennar hafa dofnað með árunum. Tækin sem notuð eru til að mæla árangur safnsins á þessu sviði (t.d. skorkort) styðja ekki við faglega þróun. Það sem kom einna mest á óvart var að safnfræðsla virðist teljast stökkpallur yfir í önnur störf innan safna sem njóta meiri virðingar. Þá er faglegur grunnur safnfræðslustarfsins ekki skýr. Ákvarðanir eru teknar á persónulegum nótum fremur en að safnið hafi skýra sýn sem mennta- og menningarstofnun. Vöntun á virðingu fyrir fræðslustarfi safna er ein ástæða þess að fólk kys að stökkva í önnur safnastörf þar sem meira rými er fyrir vöxt og þróun.

Framtíðarmúsík

Stafræna menntaverkefnið *Biophilia* var skoðað til að kanna framtíðarmöguleika og hömlur við faglega nálgun safnfræðslu. Verkefnið er runnið undan rifjum Bjarkar Guðmundsdóttur sem gaf út plötu með sama nafni 2011 og 10 kennslufræðileg smáforrit í kjölfarið. Björk sá verkefnið upphaflega fyrir sér sem safn með afgerandi fræðsluhlutverk og sterk umhverfistengsl. Spjaldtölvur voru nýkomnar til sögunnar þegar verkefnið fór af stað og smáforritin virkuðu eins og pop-up safn eða smástundarsafn.⁶ Á alþjóðavísu tóku a.m.k. 17 söfn þátt í framkvæmd fræðslusmiðja *Biophilia* sem jafnframt var formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2014–2016, leitt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samstarfi við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir sterkan meðbyr þeirrar

Safnfræðslustarfi á 42 söfnum
(svörin frá 72 starfsmönnum)



Mynd 3 – Flestir þátttakendur í hlutastarfi.

stjórnsýslu sem jafnan hefur með starfsemi íslenskra safna að gera var farið á mis við söfn sem óformlegan námsvettvang hér á landi. Ég tók sex viðtöl og aflaði mikilla gagna til að komast að því hvað safnfræðsla gæti lært af verkefninu. Kennslufræðileg nálgun *Biophilia*-menntaverkefnisins reyndist keimlík því námi sem fram fer á söfnum. Þegar best lætur er nálgunin eins og bráðsmitandi „vírus“ sem kveikir áhuga allra þátttakenda á skapandi, tilraunakenndri og þverfaglegri teymisvinnu. Nálgun *Biophilia* er opin fyrir óvæntum möguleikum, varpaði ljósi á tengsl milli safnfræðslu, gjörnings (*learning as performance*) og gagnrýnnar kennslufræði (*critical pedagogy*).

Hagnýtt líkan


Doktorsverkefnið leiddi m.a. í ljós að safnfræðsla sem sérstakt fag krefst fræðilegra kennslulíkana og styðjandi skipulagsheilda (*organizational structure*) innan safna. Stuðla þarf að valdeflingu safnkennara innan þessara skipulagsheilda til að ná fram breytingum til lengri tíma. Ef söfn ætla sér að ná langvarandi árangri sem fræðslustofnanir verða þau að gefa safnfræðslu aukið vægi og rými í skipulagi sinna stofnanna (þ.m.t. fjármál) og auka markvisst skuldbindingar sínar gagnvart menntunarhlutverkinu. Söfn hafa verið gagnrýnd fyrir

að vera menningarlega ríkar en kennslufræðilega fátækar stofnanir. Til að sporna við slíku ástandi var kynnt til sögunnar hagnýtt líkan, byggt á niðurstöðum rannsóknarinnar (sjá mynd 2). Líkanið beinir sjónum að samverkandi heild þriggja ólíkra þátta: menningarhlutverki safna, menntunarhlutverki þeirra og fólkinu sem sinnir safnfræðslu innan þessara stofnana. Rannsóknin leiddi í ljós að þegar horft er til framtíðar í fræðslumálum safna er nauðsynlegt að samþætta víðtækt menningarhlutverk safna sem birtist m.a. í stefnumótun og framtíðarsýn, ígrunda kenningarlegan grunn menntunarhlutverks þeirra og ígrunda hvernig hlutverki safnfræðslufólks er best háttað þannig að safnfræðsla sem skapandi fag nái að festa rætur.

„Ástandsskoðun“ 2020

Til gamans og sem tilraun til að tengja efnistöð greinarinnar við íslenskan veruleika var framkvæmd eins konar „ástandsskoðun“ á stöðugildum og starfsheitum þeirra sem sinna safnfræðslu. Könnun var lögð fyrir 55 manna Facebook-hóp sem kallar sig „Fræðslusérfræðingar á söfnum“. Þá voru heimasíður viðurkenndra safna skoðaðar og þeim send skrifleg fyrirspurn um starfshlutföll og starfsheiti. Svör bárust frá 72 starfsmönnum á 42 söfnum,

Starfsheiti safnfræðslufólks
fyrir utan safnstjóra (47 svör)



Mynd 4 – Hvað á starfið að heita?

11 listasöfnum, 24 minjasöfnum og sjö náttúruminjasöfnum eða öðrum söfnum (sjá mynd 5). Könnunin leiddi í ljós að um 65% þátttakenda sinna safnfræðslu í hlutastarfi. Það er umhugsunarvert að aðeins um 9% þátttakenda starfa við fræðslu í fullu starfi og rúmlega 16% þátttakenda sinna einnig skipulagningu og framkvæmd viðburða í sínum söfnum. Annir við önnur verkefni virðast því hamlar fræðslustarfinu (sjá mynd 3).

Hvað á starfið að heita?

Frá örófi alda hefur fræðsluhlutverk safna verið samofid starfsemi þeirra. Fagið safnfræðsla er hins vegar rétt rúmlega 50 ára gamalt. Grunnur og skilningur á starfi (fagvitund) er mikilvægur þáttur í þróun fags af hvaða tagi sem er. Dæmi um slíkt eru starfsheiti. Í safnfræðslu er töluvert misræmi á starfsheitum bæði í fræðum og framkvæmd. Svörin þátttakenda í ofangreindri tilraun leiddi í ljós að misræmið er enn til staðar. Fyrir utan safnstjóra/forstöðumenn eru 10 starfsheiti í notkun fyrir safnfræðslufólk. Algengustu starfsheiti eru verkefnastjóri og/eða sérfræðingur fræðslu en innan þeirra mátti greina ýmsar útfærslur og viðbætur við störf. Orðið safnkennari er mjög lýsandi fyrir kenningarlegan grunn starfsins en aðeins 11% þátttakenda nota það starfsheiti (sjá mynd 4).

Þá er umhugsunarvert að safnstjórar/forstöðumenn eru 35% þátttakenda sem, auk stjórnunarstarfa, eru að sinna fræðsluhlutverki á sínum vinnustöðum. Gefur sú niðurstaða til kynna að full ástæða er til að endurskoða stöðugildi í fræðslu á íslenskum söfnum. Fjölgun stöðugilda kallar á meira fjármagn og mætti þá skoða menningarstefnur og menntastefnur ríkis og sveitafélaga til að finna samstarfsfleti safnfræðslu til framdráttar.

Andrými til athafna

Starfsumhverfi safna virðist hamlandi fyrir safnfræðslu – sagan ber merki um innri átök og þöggun. Það vantar endingarbetri ramma fyrir safnfræðslustarf hér á landi, sem hægt væri að ná fram með því að horfa til framtíðar í fræðslumálum safna og tryggja faglega stöðu fræðslu innan skipulagsheilda safna þegar hugað er að viðtæku menningarhlutverki þeirra, festa fræðslustefnu í sessi þegar horft er til menntunarhlutverks safna og styðja betur við faglega nálgun safnfræðslufólks í stað þess að horfa á framkvæmd safnfræðslustarfsins sem þjónustu og á ábyrgð fárra aðila. Fræðslustarf er sérstakt fræðasvið sem þarf að efla og næra í safnasamhengi. Safnkennarar þurfa að öðlast sterkari fagvitund með því að gerast breytingasinnar (*change agents*) og fá skýrt umbod til að þróa og efla safnfræðslustarfið. Síðast en ekki

Þátttakendur í könnun eru:

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Bókasafn Kópavogs
Byggðasafn Árnesinga, Eyrarbakka
Byggðasafn Hafnarfjarðar
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
Byggðasafn Reykjanesbæjar
Byggðasafn Skagfirðinga
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsið)
Byggðasafn Vestfjarða
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík
Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
Flugsafn Íslands, Akureyri
Gerðarsafn, Kópavogi
Grasagarður Reykjavíkur
Gljúfrasteinn, Mosfellsbæ
Hafnarborg, Hafnarfirði
Heimilisíðnaðarsafnið, Blönduósi
Hönnunarsafn Íslands, Garðabæ
Hvalasafnið, Húsavík
Íðnaðarsafnið, Akureyri
Landbúnaðarsafn Íslands, Hvanneyri
Listasafn ASÍ
Listasafn Árnesinga, Hveragerði
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Listasafn Reykjavíkur
Listasafnið á Akureyri
Menningarmiðstöð Pingeyinga
Minjasafn Austurlands
Minjasafnið að Hnjóti
Minjasafnið á Akureyri
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Náttúruminjasafn Íslands
Nýlistasafnið
Safnahús Borgarfjarðar
Safnasafnið, Svalbarðsströnd
Sagnheimar, Vestmannaeyjum
Sildarminjasafn Íslands
Skógasafn
Tækniminjasafn Austurlands
Veidisafnið, Stokkseyri
Þjóðminjasafn Íslands

Mynd 5 – Söfnin 42

- 1 Þjónustuhugsun hefur staðið safnfræðslu fyrir þrífum vegna þess að í henni er einblínt á framkvæmd starfsins en horft framhjá fræðilegum (kenningarlegum) grunni þess.
- 2 Verkefnið var ritad á ensku: *Toward Sustainable Museum Education Practices: A Critical and Reflective Inquiry into the Professional Conduct of Museum Educators in Iceland*. Ensk hugtök eru því sett í sviga vilji lesendur kynna sér þau betur.
- 3 Íslenskun á veirufaraldrinum Covid-19.
- 4 Sjá t.d.: Kley, R. 2009. „Recessionary Layoffs in Museum Education. Survey Results and Implications.“ *Journal of Museum Education* 34(2): 123–128.
- 5 Greinarnar eru aðgengilegar hér: www.hi.is/academia.edu/AlmaDisKristinsdottir
- 6 Nánar um smástundarsafnshugmyndina í MA-ritgerð Eddu Björnsdóttur frá 2013.

síst yrði það söfnum til hagsbóta að víkka út sína kenningarlegu ramma og huga að safnfræðslu til framtíðar, tengja saman kynslóðir og samfélög. Safnkennarar eru í lykilstöðu í því verkefni fái þeir til þess andrými.

AlmaDís Kristinsdóttir,
doktor í safnafræði og safnstjóri
Listasafns Einars Jónssonar

Kvistur hefur oft spurt nýtt starfsfólk safnanna um störfin, áskoranir og áætlanir og það er líka gert núna. Það er handleggur að taka við nýju safni og í mörg horn að líta. Þessir fjórir safnstórar gáfu sér tíma til að svara þremur spurningum.



AlmaDís Kristinsdóttir

Safnstjóri Listasafns Einarssonar

Hverjar eru helstu áskoranirnar í nýju starfi?

Ef ég tek óvissuástand vegna Covid-19 út fyrir sviga þá er mín helsta áskorun að efla faglegt starf safnsins og vinna á skapandi hátt með þá annmarka sem því eru settir. Markmiðið er að koma starfseminni í þann farveg að hún samræmist betur kröfum sem gerðar eru til safna á 21. öld. Mér finnst spennandi áskorun að samþætta ólík rými safnsins: sýningarsali, íbúð sem er eins og lítið minjasafn og höggmyndagardinn.

Hverjar verða helstu áherslur á næstu 2–3 árum?

Ég sé fyrir mér að halda í þá jákvæðu þætti í starfseminni sem fyrirrennarar mínir hafa skapað safninu eins og öflugt samstarf og áform um að reisa samtengda þjónustubyggingu sem teiknuð var fyrir áratug síðan. Stóra verkefnið framundan, fyrir utan að glíma við fjölmargar áskoranir, er að halda upp á 100 ára afmæli safnsins á Jónsmessu 2023. Það blasir við að ný þjónustubygging væri safninu til sóma á afmælisárinu og ég mun gera mitt allra besta til að hreyfa við því máli.

Verður bryddað uppá einhverjum nýjungum?

Í Listasafni Einarssonar eru fjölmörg tækifæri til að brydda upp á nýjungum ef viðmiðið er safnið sjálft, garðurinn og turníbúðin. Margt af því sem þykir sjálfsagt í nútíma safnastarfi er hins vegar enn óunnið eða óskýrt. Safn er stærra og meira en viðfangsefni þess og hjarta mitt brennur fyrir því að þetta fallega og rótgróna safn eigi aukið erindi í lífi fólks sem spennandi viðkomustaður í miðborginni.



Zuhaitz Akizu

Forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands

Hverjar eru helstu áskoranirnar í nýju starfi?

Helstu áskoranirnar sem ég stend frammi fyrir sem nýr safnstjóri Tækniminjasafns Austurlands er að uppfæra stefnu þess og gera aðgerðaáætlun fyrir næstu ár. Það er jafnframt áskorun að fá góða yfirsýn yfir fjármál safnsins og sjá út fjármögnunarleiðir svo hægt sé að bæta umgjörð safnsins og möguleika þess til að koma nýrri stefnu í framkvæmd. Stærsta áskorunin sem ég stend

frammi fyrir sem safnstjóri Tækniminjasafnsins er að skipuleggja og forgangsraða verkefnum þannig að vinnuálagið verði ekki yfirþyrmandi, ná að hafa í huga þann árangur sem náðst hefur og vera jákvæður og bjartsýnn á framtíðina.

Hverjar verða helstu áherslur á næstu 2–3 árum?

Það eru nokkur markmið sem við höfum fyrir safnið á næstu 2–3 árum: að meta ástand safnkostsins og safnabygginganna, að uppfæra safnastefnuna, að koma á kerfi svo við höfum yfirsýn og getu til að vinna faglega með safnkostinn; að grisja safnkostinn á faglegan hátt, að vinna að endurbótum húsa sem eru í slæmu ásigkomulagi, að leita að traustum fjármögnunarleiðum og almennt að vinna að því að gera safnið sjálfbært fjárhagslega og koma til móts við þarfir samfélagsins.

Verður bryddað uppá einhverjum nýjungum?

Gamla Skipasmiðastöðin fær löngu tímabæra andlitslyftingu og sett verður upp trésmíðaverkstæði þar með áherslu á endurgerð gamalla timburhúsa og báta. Ný sýning verður sett upp um sögu Seyðisfjarðar. Þá munum við hanna fræðsluprógramm þar sem stofnanir og einstaklingar fá tækifæri til að læra handverk og aðferðir sem tengjast tæknisögu Seyðisfjarðar, Austurlands og Íslands alls.



Jóna Símónía

Forstöðumaður Bygðasafns Vestfjarða

Hverjar eru helstu áskoranirnar í nýju starfi?

Helsta áskorunin er að taka á geymslumálum safnsins og skráningu muna. Fyrsti veturinn fór í að skipuleggja skráningu og tiltekt ásamt því að skipuleggja sumarstarfið.

Hverjar verða helstu áherslur á næstu 2–3 árum?

Helstu áherslur verða á skráningu en líka á að breyta aðeins opnun safnsins sem hingað til hefur verið bara yfir sumarið. Við viljum gjarnan hafa opið t.d. í desember og koma til móts við íbúa með jóladagskrá sem og um páska. Safnkennsla er líka eitt sem við leggjum áherslu á að komist í gagn.

Verður bryddað uppá einhverjum nýjungum?

Nýjungarnar hjá okkur verða helst í formi lifandi safns og að sýna gamalt verklag. Við erum t.d. núna að setja upp aðstöðu til beitningar þar sem sjá má hvernig það hefur breyst í tíðans rás og stefnum á að fá menn til að kenna beitningu, hnýta net og seinna að verka saltfisk og þurrka. Aukið samtal við nærumhverfið er þannig mál málanna hjá okkur.



Kristín Scheving

Safnstjóri Listasafns Árnesinga

Hverjar eru helstu áskoranirnar í nýju starfi?

Að komast inn í öll mál þar sem safnstjóri í litlu safni þarf að geta gengið í flest störf í safninu þannig að það er margt að læra. Svo er mikilvægt að ná eyrum samfélagsins og mynda góð tengsl. Mér fannst líka mikilvægt að kynnst safneigninni og það var eitt af fyrstu verkefnum mínum að skoða hana frekar.

Hverjar verða helstu áherslur á næstu 2–3 árum?

Listasafn Árnesinga mun áfram vera með fjölbreyttar sýningar eins og áður og við munum einnig vinna í að kynna safneignina. Við byrjuðum strax á því á covid tímum. Stefnan er að vinna í skráningum til að geta miðlað enn frekar upplýsingum um verkin okkar og við erum að skoða ýmsa fleti á því starfi. Við erum einnig að vinna að því að efla vefsíðuna okkar og stefnum t.d. á að gera allar katalógur sem safnið hefur gefið út aðgengilegar þar, sem og meiri upplýsingar um sýningar safnsins. Fræðslustarfið mun áfram vera mikilvægur hluti af starfi okkar.

Verður bryddað uppá einhverjum nýjungum?

Við munum örugglega gera það, erum mikið að hugsa um hvernig safnið nær til fleiri aðila og viljum nota tæknina enn frekar.



Andri Guðmundsson

Forstöðumaður Skógasafns

Hverjar eru helstu áskoranirnar í nýju starfi?

Það er auðvitað margt nýtt að takast á við þegar tekið er við sem forstöðumaður safns. En þar sem ég hafði unnið á safninu í nokkur ár áður, kynntist ég safninu vel og faglegu starfi þess og hafði því ákveðna reynslu. Engu að síður var nauðsynlegt að setja sig inn í margt nýtt í sambandi við fjármál og rekstur ásamt viðhaldi húsa. Þetta hefur verið lærdómsríkt ferli og ég er enn að læra og tileinka mér nýja hluti.

Hverjar verða helstu áherslur á næstu 2–3 árum?

Í ár fengum við úthlutað öndvegissstyrk frá Safnasjóði til ársins 2022 í sambandi við frágang og endurskipulagningu í geymslum safnsins. Á næstu árum verður lögð áhersla á þetta verkefni samhliða öðrum verkefnum tengdum safnkosti safnsins. Einnig þarf að bregðast við breyttum aðstæðum eftir heimsfaraldur kórónuveiru og erfitt er að segja um hvort gengið verði að sama rekstrarumhverfi.

Verður bryddað uppá einhverjum nýjungum?

Það eru margar spennandi hugmyndir í gangi hjá okkur um þessar mundir í sambandi við miðlun. Við höfum verið dugleg að miðla efni frá okkur á vef og samfélagsmiðlum og munum halda því áfram. Þá erum við að vinna að útfærslu á ýmsum miðlunarleiðum svo sem hljóðleiðsögum um hluta safnsins.



Safnafræði

BA-nám, diplómanám, MA-nám og fjarnám

hi.is/safnafraedi



Diplóma í safnafræði, 30 ECTS

Diplómanám í safnafræði veitir nemendum hagnýta þekkingu á safnastarfi og hentar m.a. fólki sem starfar á söfnum eða við varðveislu og miðlun menningararfs og lokið hefur háskólagráðu. Námið tekur tvö misseri og samanstendur af þremur skyldunámskeiðum í safnafræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um í MA-námi í safnafræði og lokið MA-prófi kjósi þeir það. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í safnafræði. Hægt er að stunda diplómanám í safnafræði í fjarnámi.

Gimli við Sæmundargötu - 101 Reykjavík

Sími 525 4500

fom@hi.is

hi.is/safnafraedi

Meistaránám í safnafræði, 120 ECTS

Námið er 120 einingar, þar af 30 eininga lokaverkefni, og lýkur með MA-prófi. Full námsframvinda á einu misseri viðast við 30e. Allir sem lokið hafa BA- eða BS-prófi með fystu einkunn (7,25) eða sambærilega prófgráðu geta sótt um að innritast í MA-nám í safnafræði. Auk námskeiða í safnafræði geta nemendur tekið námskeið á sínu sérsviði í öðrum greinum eða deildum háskólans í samráði við umsjónarkennara en margir snertifletir eru við safnafræði. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að nemendur í MA-námi í safnafræði til 120e taki hluta námsins við erlendan háskóla.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Til hvers eru söfn?

Hugleiðingar safnkennara

Já, til hvers er unnið?

Til hvers eru söfn? Hver er tilgangur allrar þeirra vinnu sem fer fram við söfnun, varðveislu og sýningar á gripum? [...] Í raun er það allt undirbúningur fyrir að opna þekkingu og safneign fyrir almenningi, svo fólk á öllum aldri og með alls kyns bakgrunn fái hlutdeild í þekkingu og menningu. Þess vegna er mikilvægt að allar aðgerðir safnsins miði að því að þjóna almenningi og menntun þeirra.¹

Einhvern veginn á þessa leið kemst Cornelia Brüninghaus-Knubel að orði í grein sinni *Museum Education in the Context of Museum Functions* fyrir ICOM frá árinu 2004.

Ef við samþykkjum að tilgangur safna sé að deila safnkosti sínum og þekkingu með öllum almenningi, hvað þýðir það þá varðandi sýningagerð og safnfræðslu? Við viljum væntanlega að heimsókn á safn bæti einhverju við fyrir gestinn, að heimsóknin skilji eitthvað annað og meira eftir hjá gestinum en hann hefði getað fengið með því að hlýða á fyrirlestur eða lesa texta. Upplifun á safni sem hreyfir við tilfinningum, vekur upp minningar, kveikir hugmyndir og forvitni og setur hluti í nýtt samhengi er mörgum sem reynt hafa ógleymanleg. Að okkar mati verða sýningargerð og safnfræðsla að haldast í hendur til að undirbúa þessa upplifun. Samstarf starfsfólks safnfræðslu og sýningagerðar getur ýtt undir að gesturinn fái notið einstakrar

upplifunar og tryggt að fræðslan sé á forsendum þess sem nemur.

Framan af var söfnum ætlað að kenna útvöldum safngestum fyrirfram skilgreinda hluti og ýta undir þjóðernistilfinningu. Nú eru breyttir tímar. Fræðafólk veltir upp tilgangi safna, hvernig þau starfa og fyrir hverja. Um hlutverk safna segir m.a. í safnalögum frá 2011: „Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.“ Til þess að öll sú þekking sem til verður á safni nái til almennings þarf að miðla henni og til þess er safnfræðslan enda er hún einn „mikilvægasti þáttur þeirrar þjónustu sem söfnin veita samfélaginu“ eins og segir í skýrslunni *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu* fyrir árin 2003–2008 (bls. 10). Þessi umræða hefur legið í loftinu um nokkurt skeið, enda nefna Guðbrandur Benediktsson og Rakel Halldórsdóttir í grein í tímaritinu *Sögu* árið 2006 að menntunarhlutverk safna sé svo ríkt að ekki sé hægt að réttlæta opinber framlög eða aðra styrki til safna eingöngu fyrir söfnun gripa og varðveislu þeirra.

Sem meðlimir í samfélagi safnafólks til margra ára vitum við að um allt land leitast starfsfólk safna við að rækja menntunarhlutverk safnanna. Það hefur þó verið áhyggjuefni fræðslufólks í söfnum hversu lítið það

hefur komið að sýningarundirbúningi. Þessar áhyggjur hafa verið ræddar á samstarfsvettvangi, meðal annars á Farskóla safnmanna á Siglufirði árið 2017. Í nýjustu útgáfu *Safnastefnu á sviði menningarminja* (2017) eru söfn hvött til að leggja alúð og metnað í safnfræðsluna og taka mið af þörfum ólíkra hópa gesta sem sækja fræðslu til safnsins, t.d. út frá ólíkum bakgrunni, aldri eða skólastigi. Í *Safnastefnunni* er safnfræðslan felld undir markmiðið: Að samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi. Þar segir: „Söfn eru til fyrir samfélagið og safnastarfið miðar að því að koma til móts við þarfir þess.“

Á sviði safnafræða hafa nokkrir fræðimenn valið að gera safnfræðslu að megin rannsóknarefni sínu. Þeirra á meðal er Janet Marstine sem segir að lýsa megi safni á fjóra vegu. Í fyrsta lagi sem helgidómi (e. shrine) sem sé elsta og algengasta leiðin til að upplifa safn. Þar upplifi fólk helgi og jafnvel heilun. Þar sé afdrep frá umheiminum og möguleiki á hugljómun. Í öðru lagi sem markaðsdrifnum iðnaði. Í þriðja lagi sem afurð nýlendustefnu en mörgum finnist að á safni sé fólk flokkað í hópana „við“ og „hin“ sem er að sjálf sögðu ekki lengur í boði á tímum fólksflutninga og fjölmennningar. Fjórða og síðasta lýsingin á safni skv. Marstine er hið póstmóðerníska safn (e. post-museum). Slíkt safn er ný og endurskilgreind stofnun. Þar er hlustað á ólíka hópa og umdeild og viðkvæm málefni gjarnan sýnileg. Starfsfólk slíks safns gerir sér grein fyrir því að gestir eru ekki hlutlausir eða viljalausir neytendur og vinnur stöðugt að því að koma til móts við þarfir þeirra. Það leitar til samfélagsins eftir viðbrögðum og gagnrýnum sjónarhornum. Safnið tekur á mismunun og misrétti. Með öðrum orðum, skyldur safna gagnvart samfélaginu hafa breyst, þau eru til fyrir samfélagið og ber að vera í stöðugu samtali við ólíka hópa þess.

Þessi nýja sviðsmynd safnastarfs kallar á ný vinnubrögð innan safnanna samkvæmt Marstine. Hún segir að efla þurfi samstarf á milli ólíkra deilda. Tillhneigingin sé sú að sýningarstjórar taki allar ákvarðanir varðandi sýningahald en safnkennarar hafi litla rödd. Safnfræðslan hefur gjarnan verið jaðarsett, segir hún, og hengd utan á innihaldið eftir á. Nútíma sýningagerð kallar á samstarf milli sýningarstjóra og safnkennara alveg frá upphafi undirbúnings sýningarverkefna.

George E. Hein skrifaði bókina *Learning in the Museum* (1998) sem margt safnafólk kannast við. Hann er leiðandi fræðimaður á sviði safnfræðslu og gagnast umfjöllun hans vel þeim sem áhuga hafa á miðlun þekkingar á söfnum til ólíkra gesta. Hein notar hugtakið safnfræðsla (e. museum education) fremur vítt en samkvæmt honum eru meginstólpar safnfræðslu allt í senn sýningargerð, framsetning og túlkun sýningarefnisins, auk dagskrár og leiðsagna sem safnkennarar sinna. Hann segir ekki nógu mikla þekkingu innan safna á því hvað nám er og af hvaða þáttum nám samanstendur, sem endurspeglar meðal annars í óskýrri safnfræðslustefnu. Hein fjallar um ólíkar kenningar um þekkingu, nám og kennslu og undirstrikar mikilvægi þess að starfa samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði í allri safnfræðslu. Söfn eru uppfull af alls konar menntunartækifærum enda eru þau talin til menntastofnana. Hugmyndir sýningahöfunda um eðli fræðslu endurspeglar í sýningum sem þeir setja upp. Að okkar mati miðast sýningagerð safna alltof oft við mötun á endanlegum sannleika fremur en að fá gestinum vald yfir þekkingarleit sinni og ályktunum.

Einn útgangspunkta við sýninga- og dagskrárgerð safna þarf að vera hvernig fólk lærir. Hein ræðir um fjóra flokka fræðslu á sýningum í söfnum, sem eru á rófi frá því að



vera mötun á upplýsingum yfir í að tengja við hugarheim þess sem nemur, sem síðan fetar sína eigin leið til að byggja við sína þekkingu og skilning út frá fyrri þekkingu og reynslu, með öðrum orðum hugsmíðahyggja. Heimspekingurinn John Dewey er einn upphafsmanna hugsmíðahyggjunnar. Hann lagði höfuðáherslu á reynslu og upplifun í allri heimspekiumræðu en ekki síst þegar fjallað væri um inntak, eðli og markmið menntunar. Hein vitnar í Dewey og útskýrir að það sé ekki nóg að reynslan sé áhugaverð og lifandi því þá falli hún fremur undir afþreyingu en fræðslu. Hún þurfi líka að vera skipulögð, úthugsuð, svo hægt sé að læra af henni. Rúttínubundin reynsla, sem ekki örvar eða hvetur, hefur heldur ekkert menntunargildi. Inni á söfnum sé t.d. ekki nóg að hafa eitthvað til að prófa eða snerta (e. hands-on) heldur verði að vera einhver meining á bakvið, eitthvað til að uppgötva (e. minds-on).

Og hvað svo?

Áðurnefnd Cornelia Brüninghaus-Knubel brýnir mikilvægi þess að koma til móts við allt samfélagið fyrir lesendum sínum í sömu grein og við vitnum til í byrjun.

Allir sérfræðingar í söfnum, hvert sem starf þeirra er eða sérhæfing, þurfa að vera sannfærðir um nauðsyn þess að deila mikilvægi þekkingar og skilnings á uppruna mannkynsins og menningunni sem það hefur skapað, sem og náttúruarfleifð plánetunnar. Vitneskjunn þarf að deila með sem flestum, á öllum aldri og af öllum félagslegum stigum.²

Með nýrri safnafræði (sem helst í hendur við hið póstmóðerníska safn sem áður er minnst á) breytast starfshættir safna, og athygli starfsfólks færir meira á samfélagsleg verkefni samtímans og að takast á við ólíkar skoðanir og sjónarhorn. Fagfólk á söfnum gerir þá kröfu að allir hafi tækifæri til að segja sína sögu og ólíkir gestir sjái sögu sína speglaða á sýningum. Þungamiðja safnastarfs hefur færst frá safnkostinum yfir á þjónustu við samfélagið. Þetta kallar á breytingar í starfsháttum safna. Það er alveg sama hvernig safn er um að ræða, samstarf verður að vera á milli starfsfólks safnfræðslu, sýningargerðar og safnkosts.

Þó að hugsmíðahyggjan sé sannfærandi er ekki er líklegt að neitt safn notist eingöngu við fræðslu í anda hennar heldur mun að líkindum verða notast við ólíkar aðferðir fræðslu áfram. Safnfræðslan þarf að vera úthugsuð í samstarfi safnkennara og annarra

sérfræðinga safnsins og hún þarf að byggja á viðeigandi kennslufræðum og hugmyndafræði menntunar. Þá er hægt að semja og styðjast við safnfræðslustefnu sem byggir á betri skilningi á milli ólíkra fagsviða safnsins og endurspeglar sameiginlegt markmið alls starfsfólks; þ.e.a.s. þjónustu við samfélagið og sífellt samtal og samvinnu við hina ólíku hópa þess.

Samkvæmt Marstine sjást breytingar í safnastarfi helst í tímabundnum sýningum en síður innan safnsins sjálfs sem stofnunar. Breytingar taka tíma. Stórar grunnsýningar eru endurnýjaðar á margra ára fresti en það þýðir ekki að það megi ekki breyta ýmsu. Til dæmis er hægt að endurskoða sýningartexta sýninga með hugsmíðahyggju í huga og bæta safnfræðsluna með kennsluaðferðum sem veita gestum meira frelsi. Skipa má út hefðbundnum leiðsögnum fyrir aðra nálgun sem reiknar með fyrri þekkingu og virkni gesta. Til þess að svo megi vera þarf að vera unnið eftir meðvitaðri safnfræðslustefnu sem allt starfsfólk safnsins stendur að.

Að lokum

Söfn standa frammi fyrir nýjum veruleika. Sama krafa hljómar úr öllum áttum: ICOM (International Council Of Museums), CECA (Committee for Education and Cultural Action), *Safnastefna á sviði menningarminja*, safnalög, fræðafólk, safnafólk, fulltrúar minnihlutahópa, menningarstefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins, aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Hið endurskilgreinda safn, póstmóðerníska safnið, er mál málanna í safnaheiminum í dag. Það sést til dæmis í tillögu að nýrri safnaskilgreiningu ICOM og efni ráðstefnu CECA fyrir 2021. Þar verður rætt um ofangreint, sbr. lýsingu sem gefin hefur verið út um þema ráðstefnunnar. Lykilorðið þar er samsköpun (e. co-creation). Lýsingin hljómar svo í þýðingu okkar:

Sífelld fleiri söfn nota verklag þar sem gengið er út frá því að margir taki þátt í að móta hugmyndir, dagskrá og viðburði. Hugsjón þeirra og markmið er að allir hópar séu með, þau hvetja til samtals, samvinnu og samsköpunar ólíkra samfélags hópa og einstaklinga, ungra sem eldri. Þessi nýi tónn er kominn til að vera. Að eiga í samvinnu og samtali við almenning er hvetjandi afl fyrir margar stofnanir sem vinna ötullega að því, ekki aðeins innan veggja safnsins heldur einnig utan þeirra. Þetta er ekki aðeins tískubylgja; þetta er ný hugsjón um söfn og hlutverk þeirra. Þar sem samsköpun snertir þó nokkur svið safnastarfs liggur ábyrgð á henni ekki aðeins hjá safnfræðslu eða markaðs- og kynningardeildum heldur hjá stofnuninni í heild. Þetta þýðir að við þurfum að breyta skipulagi okkar. Lykilatriðið í aðlöguninni liggur í fræðslu-sýningarstjórn (e. edu-curation), (þar sem safnkennarar taka þátt í að móta sýningar og sýningasali), vegna þess að samsköpun með þátttöku almennings gengur aðeins upp ef ólíkar deildir safnsins vinna á þann hátt sín á milli.³

Ný safnaskilgreining og hin nýja safnafræði kallar á ný vinnubrögð innan safna. Nú þegar eru fjölmörg dæmi um starfsemi í safnageiranum hér á Íslandi þar sem verið er að svara þessu kalli. Við hvetjum lesendur til að rífa upp í huga sér eitt og annað sem sýnir fram á að íslensk söfn séu með á nótunum. En til brýningar er hér stutt upptalning á atriðum sem við teljum farsælt að við safnafólk höfum í huga við skipulag vinnu okkar:

- Tengjast ólíkum hópum samfélagsins til að fá breiða sýn og hugmyndir
- Leita sífellt nýrra leiða til miðlunar
- Vera meðvituð um bæði það sem er yrt og óyrt á sýningum og viðburðum
- Gera safnið að aðlaðandi vettvangi samtals um ólík málefni
- Innleiða skýra sameiginlega sýn starfsfólks á markmið safnastarfsins, þvert á allar deildir og sérhæfingu
- Skapa vettvang innan safna til samsköpunar sýninga, viðburða og dag-

skrár, bæði með þátttöku starfsfólks og aðila utan safnsins

- Taka afstöðu í málefnum sem snerta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við vonum að þessar hugleiðingar verði lesendum hvatning til að stíga skrefið til fulls inn í hið nýja safn, safnið sem starfar þverfaglega og tekur samfélagið inn í starfsemina.

Frumtextar á ensku:

- 1 What are museums for? What is the purpose of all the efforts in collecting, restoring and displaying objects? [...] In fact, this is undertaken in order to make the museum's knowledge and collections known to the public, to people of all ages and backgrounds, and to let them participate in knowledge and culture. Consequently it is important that every action of the museum should aim to serve the public and their education.
- 2 All museum professionals, whatever their particular job or specialization, need to have a strong belief in the need to share with as many persons of all ages or social levels as possible knowledge of the importance of discovering and understanding the roots of mankind and their creation of culture as well as the natural heritage of our planet.
- 3 An increasing number of museums are operating within a participatory framework as regards ideas and activities. Taking an inclusive mission as their starting point, they are embracing dialogue, cooperation and co-creation with various communities and individuals, young and less young. This new tone would seem to be irreversible. Collaborating and engaging in dialogue with the public is a motivating force for many organizations and one that is being worked on ardently, not only inside but also outside the museum walls. It is more than a trend; it is a new vision of the museum and its remit. Since co-creation affects several of a museum's areas of activity, responsibility for it lies not solely with the educational or external relations departments, but with the whole organization. This means that we will have to adjust our organisation. A movement in which edu-curation (the educator's participation towards exhibitions and gallery museography) can play a key role, because co-creation with the public can often be only successful if there is co-creation between the different departments in the museum.

Anna Leif Elíðóttir,
meistaraniemi í Safnafræði.
Jóhanna Bergmann, meistaraniemi
í kennslufræðum við LHÍ.

Einn miði þrjú söfn



Ásgrímur Jónsson (1876–1929)
Botnssúlur, 1928–1929

+354 515 9600
listasafn.is

Listasafn Íslands
Frikirkjuvegur 7

Safn Ásgríms Jónssonar
Bergstaðastræti 74

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestangi 70

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM TIL SAFNAGEYMSLU OG VIÐGERÐAR

VIÐGERÐARPAPPÍR
BÓKBANDSLÍM
GRISJUR
SAURBLÖÐ
SÝRUFRÍR SILKIPAPPÍR
SÝRUFRÍR KASSAR



hvitlist

569 1900 | Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | hvitlist.is

Bjargir í safnfræðslu

Safnkennarar nálgast verkefnið á fjölbreyttan hátt og mótast af ólíkum hlutum. Nokkrir reyndir safnkennarar voru teknir tali og þær spurðar að því hvað hefði helst haft áhrif á þær í þeirra störfum.



AlmaDís Kristinsdóttir
Safnkennari til margra ára og nú safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Mér dettur helst í hug að nefna 51 viðtal sem ég tók við fræðslufólk hér á landi og í Hollandi á árunum 2011–2018. Það var gríðarlega lærdómsríkt að hlusta á allt þetta frábæra fólk og fá innsýn í fræðslustarf ólíkra safna. Ég tengdi sterkt við reynsluheim þeirra, áskoranir og árangur í starfi. Það voru í raun viðtölin sem hjálpuðu mér að halda það út og klára doktorsverkefni um safnfræðslu því mér rann blóðið til skyldunnar að leyfa röddum kollega minna að heyrast. Raddir fræðslufólks eru magnaður þekkingarbrunnur sem mætti rannsaka mun meira og nýta betur í safnastarfi. Málið er að ábyrgð safna á menntunarhlutverkinu er oft sett á fáa einstaklinga sem eiga það til að brenna út því álagið getur orðið mjög mikið. Ástríða og þreyta í fræðslustarfinu skein í gegn í hverju einasta viðtali sem ég tók. Að mínu mati er vandinn kerfislægur og mun stærri en einstaklingurinn. Það er ofuráhersla lögð á viðfangsefni safna og ákveðna afgreiðslu hópa. Minna

er gert úr kennslufræði safna og að skoða hvaða þekkingu er verið að miðla og af hverju. Ef ég ætti að sjóða þetta saman í eina setningu þá myndi ég segja að helsta bjargráð safna til að bæta fræðslustarf sitt er að horfa og gagnrýnum augum á það. Það er erfitt en nauðsynlegt. Annars er mikil hætta á stöðnun í stað þess að virkja þá ástríðu og sköpunarkrafta sem eru svo sannarlega til staðar í safnfræðslustarfinu.



Helga Einarsdóttir
Fræðslustjóri hjá Alþingi:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Ég nota talsvert mikið úr kennslunáminu við störf mín í safnfræðslu, yfirleitt hef ég heimsóknina á svokallaðri kveikju til að vekja áhuga nemenda. Ég hef alltaf verið hrifin af fjölgreindarkenningu Gardners þar sem lögð er áhersla á að allir geti tileinkað sér vissar upplýsingar þó einstaklingar nálgist þær á mismunandi máta. Ég styðst yfirleitt við aðal-

námskrá hverju sinni þegar ég útbý og þróa safnfræðslu fyrir skólahópa. Þó reyni ég að hafa markmiðin ekki beint sjáanleg heldur legg frekar áherslu á að heimsóknin sé skemmtileg upplifun en á sama tíma fræðandi, án þess helst að krakkarnir fatti það. Eins er ég farin að hafa *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna* talsvert að leiðarljósi. Ég fylgist með hvað önnur söfn, bókasöfn og menningarstofnanir eru að gera í fræðslumálum en sjálfri finnst mér lærdómsríkast að heim-sækja aðra fræðslusérfræðinga, heyra og upplifa hvaða áherslur þeir eru með í sinni vinnu.

Mér finnst radd-og áherslubeiting, líkamstjáning og augnsamband við nemendur í hópnum skipta miklu máli. Ég reyni að hvetja nemendur til að spyrja eða spyr þá sjálf reglulega út í það sem tekið er fyrir. Ég legg mikið upp úr að gera upplýsingar aðgengilegar og einfalda eftir þörfum hópsins. Það þarf heldur ekki að koma öllum upplýsingum til skila í einni heimsókn heldur frekar byggja fræðsluna upp á þann hátt að nemendur geti komið á mismunandi skólastigum í ólík safnfræðsluþrógrömm. Og þannig fræðst um viðkomandi stofnun út frá mörgum sjónarhornum og ólíkum nálgunum.



Jóhanna Bergmann
Safnkennari við
Þjóðminjasafn
Íslands:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Ég sótti ráðstefnu í Manchester í Englandi sem haldin var af GEM – Group for Education in Museums árið 2005. Þá hafði ég starfað um tíma við safnfræðslu í Þjóðmenningarhúsinu. Ferðin hafði gríðarleg áhrif á mig, faglega. Það sem hristi svona upp í mér var að sjá hversu afgerandi söfnin sem við skoðuðum höfðu stigið út úr hinu hefðbundna formi fræðslu, þar sem sérfræðingur upplýsir passífa, fróðleiksfúsa þiggjendur fræðslunnar. Öll söfnin höfðu fléttað inn leiðir fyrir gesti að hafa áhrif á sýninguna, að skilja eftir hugleiðingar sínar, að setja sig í spor fólksins sem fjallað var um, að nota líkamann og skilningarvitin á fjölbreyttan hátt, að fræðast en í leiðinni að láta sig varða um örlög einstaklinga áður fyrr. Eitt sem ég man sérstaklega eftir frá fyrirlestrunum var nokkuð sem hollenskir safnkennarar höfðu að segja. Þau sögðu frá því að í sínu safni hefði verið ákveðið að fela safnkennara að vera sýningarstjóri til þess að tryggja að fræðslumarkmið sýninganna yrðu örugglega sýnileg og áþreifanleg í hinni endanlegu sýningu. Þetta fannst mér gríðarlega merkilegt og mikilvægt því ég var að fást við það að gera sýningar áhuga-verðar fyrir börn eftir á.

Ég sótti ráðstefnu á vegum Hands On! International Association of Children in Museums í október 2017. Hún hafði líka mikil áhrif á mig að því leiti að ég gerði mér grein fyrir

því að til að safn höfði til barna þá verða þau að geta leikið sér. Það eru engar undantekningar á þessu. Skemmtilegast er ef leikur barna er fléttaður inn í sýningarhönnun, fremur en að börnum sé smalað á aflokað leiksvæði. Viðhorf alls starfsfólks til barna þarf líka að vera samhæft; að þau leika sér og gera hluti öðruvísi en fullorðnir og að það sé bara allt í lagi.

Ég er núna fyrst að sækja mér sérmenntun í kennslufræðum og les þá Hein og umfjallanir um Dewey og Vygotsky og fleiri. Ég finn hversu mikilvægt það er mér að setja það sem ég hef lært af reynslunni í fræðilegt samhengi og nota réttu hugtökin um það sem ég fæst við í starfinu.



Ragnheiður Vignisdóttir

Verkefnastjóri viðburða og fræðslu í Listasafn Íslands:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Það að heimsækja safn á að vera upplifun sem skilur eitthvað eftir, hvort sem það er tilfinning, ný þekking eða reynsla.

Bókin From Knowledge to Narrative. Educators and the Changing Museum eftir Lisu C. Roberts hefur verið mér veganesti í starfi mínu. Þar fjallar höfundur meðal annars um hvernig góð safnafræðsla getur haft jákvæð áhrif á heildarupplifun safngesta. Móttökur, aðgengi, gæði

og miðlun skipta einnig miklu máli. Allt þetta eykur líkur á jákvæðri upplifun og hvetur fólk til að segja öðrum frá og koma aftur. Góð þekking á viðfangsefni þess sem er miðlað er grundvöllur fyrir góðri safnafræðslu en fleiri þættir leika líka stórt hlutverk svo sem skýrleiki, skemmtun, hnitmiðuð frásögn og meðvitund um þarfir og væntingar þess hóps sem miðlað er til.

Aðferðir myndlæsis (e. Visual Thinking Strategies) hafa síðustu ár vakið áhuga minn, en þar er færni nemenda þjálfuð í því að skoða listaverk með markvissum og gagnrýnum hætti. Heimasíðan vtshome.org er mjög aðgengileg þeim sem hafa áhuga á að kynna sér betur þessa aðferðafræði. Þá er tengslanet sérfræðinga sem sinna fræðslu á söfnum mikilvægt og hvetjandi, bæði innanlands og erlendis. Á þeim vettvangi er faglegri þekkingu og reynslu miðlað sem eflir mann í starfi.



Rakel Pétursdóttir

Safnkennari, deildarstjóri fræðslu-deildar og almannatengsla, og deildarstjóri fræðsludeildar við Listasafn Íslands frá 1987–2014:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Þátttaka mín í starfi ICOM/CECA og kynni af safnastarfi í Skandinavíu veittu mér innblástur meðan ég byggði upp fræðslustarfsemi við

ríkislistasöfnin þrjú og í raun allar götur síðan í starfi mínu við Listasafn Íslands. Að geta mátað eigin verkefni í alþjóðlegu samhengi á ráðstefnum safnafólks var hvetjandi og mikilvægur þáttur í þróun starfsins. Þá vil ég nefna kynni mín af mörgum reynslumiklum safnkennurum svo sem Michael Cassin sem þá starfaði hjá National Gallery í London og kenndi mér um mikilvægi töfra augnabliksins, gagnvirkni og nánd auk kynna minna af fræðimanninum George E. Hein og kenningum hans um nám og kennslu á söfnum. Kenningar Mikhaíl Bakhtin um mikilvægi gefandi samræðu í núningi tíma og rýmis studdu einnig mína nálgun. Endurgjöf þátttakenda, munnleg og skrifleg elfdi að jafnaði trú mína á mikilvægi starfsins.



**Ríkey Hlín
Sævarsdóttir**

Jarðfræðingur og verkefnastjóri fræðslu og viðburða hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Verkferakistan mín geymir bjargir og tól úr ýmsum áttum sem ég gríp oft og iðulega til í hvers kyns fræðslu og verkefnum. Kenningar úr kennslufræðinám eru ákveðinn grunnur að uppbyggingu fræðsluverkefna, t.d. með því að mæta nemendum/hópum þar sem þeir eru staddir, byggja ofan á það og hvetja til virkrar þátttöku og eigin lausnaleitar. Ég reyni að nýta áhuga-

verðar kveikjur markvisst sem og ýmis hagnýt ráð úr leiðsögunámi þegar kemur að frásögn og raddbeitingu. Eins reynist það mér oft vel að segja hreint út að ég viti ekki svarið við ákveðnum spurningum og snúa þeim til hópsins í staðinn; “hvað haldið þið?”. Þannig næst hópurinn gjarnan á flug og valdeflist með eigin vangaveltum og uppgötvunum sem síðan eru dregnar saman og unnið með.

Starfsreynsla úr leikskóla er einstaklega góður og dýrmætur reynslubanki sem nýtist mér vel í núverandi starfi; hlýleg og róleg nálgun og ýmsar hagnýtar kennsluáðferðir og vinnulag sem virka m.a. vel til að halda áhuga, athygli og ró hjá yngstu safnfræðslugestunum þegar á þarf að halda.

Leiðarljós mitt í allri náttúrufræðisfræðslu er að “færa fræðin upp úr bókinni og út út stofunni” á lifandi, sjónrænan og áþreifanlegan hátt; að sá fræjum sem, vonandi, kveikja áhuga og undrun og hjálpa nemendum að lesa í landið og opna augun fyrir stórfengleik og samspili náttúruferlanna allt í kring.

Grunnþættir menntunar og hæfniviðmið í aðalnámskrám leik- og grunnskóla eru til hliðsjónar við fræðsluefnisgerðina og ég leita innblásturs og efnisfanga víða; skoða fræðsluefni frá öðrum söfnum, skólum og stofnunum, íslenskum og erlendum, les mér til og fylgist með helstu málefnum líðandi stundar er varða m.a. náttúrufræði og náttúruvernd. Samvinna verkefnastjóra mismunandi Menn-ingarhúsa hér í Kópavogi er einnig ómetanleg og fjöldi skemmtilegra fræðsluverkefna sem hafa litið dagsins ljós þar sem fléttaðar eru saman t.d. bókmenntir, listir og náttúrufræði.



**Kristín
Harðardóttir**
Safnkennari og
líffræðingur
á Náttúru-
minjasafni
Íslands:

Hvað hefur helst haft áhrif á störf þín í safnfræðslu?

Ég er menntaður líffræðingur og yogakennari og áhugi minn og metnaður felst í að miðla efni sem tengist náttúrufræði á áhugaverðan hátt til barna. Til að það sé hægt þarf að ná til hópsins strax í byrjun og mynda samhug. Þar nýti ég mínar bjargir úr yogafræðum. Ég hef sótt ýmis yoga-nám-skeið m.a. krakka-yoga kennaranám á vegum Little flower yoga sem á rætur að rekja til New York. Kennarar þar fara inn í skólana og leiða nemendur í yoga-æfingum til að bæta líðan þeirra og auka núvitund. Til hliðsjónar hef ég lesefni sem Little flower yoga gefur út og heitir Teacher training part one, Foundations of children's yoga and mindfulness. Við safnkennarar þurfum að hafa í huga að við þekkjum ekki bakgrunn gesta okkar og truflandi hegðun þeirra er mjög líklega að endurspeglar eitthvað sem þau glíma við í sínu persónulega lífi. Nemendurnir eru gestir okkar og við eigum ávallt að koma fram við þá sem slíka.

Dóra Sigurbjörnsdóttir,
safnafræðingur

Leikur sem verkfæri til að æfa myndlæsi

Á Ljósmyndasafni Reykjavíkur hefur leikur með orð og mynd reynst vel í að þjálfra nemendur efstu bekkja grunnskóla í myndlæsi. Leikurinn ýtir undir samtal um túlkun á ljósmyndum um leið og þátttakendur skemmta sér við að leysa þraut sem hann felur í sér. Leikurinn er einfaldur í framkvæmd og hægt að laga hann að ólíkum sýningum. Við þróun leiksins var tekið mið af hugmyndum um læsi, persónubundnum skilningi og myndnæmi barna.

Læsi afmarkast ekki bara við ritað mál heldur nær yfir færni í að lesa í ólíka miðla, menningu, tilfinningar annarra og einnig myndir. Það er því upplagt að nýta skólaheimsókn á ljósmyndasafni í að æfa lestur mynda, túlka myndefni og draga fram merkingu úr því. Til þess þarf að gefa sér tíma til að velja vöngum yfir því sem fyrir augu ber á myndunum og átta sig á því hvaðan túlkun okkar kemur. Hvað sjáum við á tiltekinni mynd sem gerir það að verkum að okkur finnst hún t.d. einmannaleg, kraftmikil eða friðsæl?

Ólíkir einstaklingar geta dregið mismunandi merkingu úr því sem

lesið er því þeir skapa merkingu út frá persónubundinni reynslu sinni og þekkingu. Fyrir vikið getur einum fundist mynd kyrrlát á meðan öðrum finnst hún ógnandi. Hluti af þjálfun í myndlæsi er að átta sig á því að túlkun fólks er ólík og hún má (og á að) vera það.

Börn eru mörg mjög næm á myndir og flest þeirra nota myndmál daglega með því að senda frá sér og taka á móti myndum á samfélagsmiðlum. Myndlestur þeirra er oft ómeðvitaður og þau eru óvön að rökstyðja túlkun sína. Til að gera sér grein fyrir hvernig myndlæsi fer fram er góð æfing að setja myndlesturinn í orð. Það að orða hugsunina og benda á þau atriði í myndinni sem hafa áhrif á túlkunina gerir myndmálið sýnilegt. Á þann hátt er líka hægt að skilja hvernig lesturinn er einstaklingsbundinn og leiða samtalið að því að margvíslegar túlkanir eiga rétt á sér.

Framkvæmd leiksins

Ein aðferð til að skerpa á myndlæsi er að nota leik sem felst í að para saman mynd og titil. Í stuttu máli gengur leikurinn út á að nemendur draga titil og eiga að athuga hvort þeim finnist

hann passa við einhverja af myndum sýningarinnar. Það sem þarf til að fara í leikinn er sýning með verkum sem hanga ekki of þétt og eru nógu stór til að heill bekkur geti horft á þau í einu. Það er gott að hafa um 30 titla úr að möða og þá er ýmist hægt að skálda upp eða nota t.d. bókatitla. Ég nota titla úr dagskrá RÚV því þeir geta verið svo dásamlega lýsandi og dramatískir um leið og þeir eru skýrir og auðlesnir. Áður en leikurinn hefst fá nemendur upplýsingar um sýninguna og tíma til að skoða hana á eigin hraða. Því næst býð ég þeim í leikinn, þau draga titil og byrja að leita að mynd sem þeim finnst passa við hann. Þegar þau hafa fundið mynd sem þeim finnst eiga við leggja þau titilinn hjá myndinni og draga svo annan þar til allir titlarnir eru búnir.

Hraði leiksins fer eftir hópnum. Sum hreyfa sig hratt um salinn, kippa í félag sína og benda á tiltekna mynd og útskýra í fáum orðum hvernig titillinn passar við. Það fer svo eftir ýmsu hvernig félagarnir taka í tillöguna, hvort allir eru sammála eða hvort einhver sé með betri hugmynd. Aðrir hægja á ferðinni, gefa sér góðan tíma til að velja vöngum og skoða.



Þegar allir titlarnir eru búnir er hópurinn kallaður saman hjá mynd sem hefur fengið nokkra ólíka titla. Við ræðum hvernig þeir eiga við myndina, á hvaða hátt þeir eru ólíkir og hvað það er við myndina sem kallar á þessa margvíslegu titla. Nemendur eru oft mjög virkir í samtalinu því það snýst um þeirra framlag og hugmyndir. Þau geta verið ósammála um að ákveðinn titill passi við tiltekna mynd og þá þarf að leiða samtalið í þá átt að allar túlkunir eigi rétt á sér. Að þessu loknu fær hver nemandi tvo litla miða með stjörnu og fyrirmæli um að þau eigi að skoða alla titlana og setja stjörnu við þá tvo titla sem þeim finnst eiga sérstaklega vel við. Í lokin förum við svo yfir þá titla sem fengu flestar stjörnur og ræðum þá. Við það klárast leikurinn og eftir standa titlar sem hópurinn hefur kosið besta.

Stjörnugjöfinni er sleppt hjá yngri bekkjum því hún getur snúist upp í vinsældakosningu og áherslan fer af myndlestri og fræðslutilgangi leiksins. Fyrir yngri nemendur skiptir meira máli að fá umfjöllun um sína túlkun og þá er betra að fara í lengra samtal um titlana svo allir fái viðbrögð og athygli fyrir sitt framlag.

Kostir leikjaformsins

Leikurinn hægir á áhorfi nemenda, þau gefa sér betri tíma til að skoða hvert verk og velta því fyrir sér. Rammi leiksins veitir nemendum tækifæri til að slaka á og skemmta sér um leið og hann skapar umgjörð utan um samtal sem fær nemandur til að tjá sig. Aðalmarkmiðið er að þjálfar nemandur í myndlestri, ræða um myndir og rökstyðja túlkun sína. Kostur leiksins er að hann virkjar þátttakendur því allir taka þátt og þau stjórna framkvæmdinni að því leyti að þau velja hvort þau vinna stök eða með öðrum og á hvaða hraða leikurinn er.

Leiknum svipar til borðspils en á það sameiginlegt með frjálsum leik að innan hans eru lögmál sem skapa skýran ramma. Á meðan leikurinn varir er hann það sem skiptir aðal máli og þátttakendur geta leyft sér að hætta að hugsa um annað á meðan. Í honum felst þraut sem þau þurfa að leysa og stjörnugjöfin er spennandi því hún tryggir ákveðinn sigurvegara. Leikurinn gagnast vel til að skapa samtal um myndmál og rímar við hæfniviðiðmið Aðalnámskrár grunnskóla um að nemandur allra skólastiga geti greint áhrif myndmáls.

Viðbrögð hafa verið mjög góð bæði frá kennurum og nemendum. Krakkararnir brosa og hlæja meðan á leiknum stendur og draga spennt nýjan og nýjan titil. Um leið geta þau verið í samskiptum við jafningja sína og speglað viðhorf sín í þeim. Leikir búa yfir ótal möguleikum í safnfræðslu og það hefur verið mjög gaman að geta nýtt styrkleika safns eins og Ljósmyndasafns Reykjavíkur í að gefa nemendum tækifæri á að þroska hæfni sína í myndlæsi.

Myndir eru teknar á sýningu Christophers Lund, *Vitni*, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Hlín Gylfadóttir,
sérfræðingur fræðslu

Fræðsla í Listasafni Íslands

Í Listasafni Íslands fer fram fjölbreytt fræðsla fyrir börn og fullorðna. Fræðsluviðburðir skapa tækifæri til að nálgast myndlistina og menningararf þjóðarinnar á margvíslegan hátt, bæði á fræðilegum forsendum og með óformlegum hætti, í safninu sjálfu og utan þess.

Þar sem Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar er það okkur starfsfólkinu mikilvægt að höfða til allra í samfélaginu.

Fræðsludagskráin er því hugsuð út frá þörfum fólks á mismunandi aldri og þörfum ólíkra hópa. Við einsetjum okkur að staðnæmast hvergi við að skoða nýja hópa. Á meðal fastra dagskráliða eru: *Gæðastundir*, *Krakkaklúbburinn Krummi*, listasmiðjur fyrir fullorðna, inni- og útileiðsagnir, leiðsagnir fyrir innflytjendur og rafræn miðlun.

Krakkaklúbburinn Krummi býður upp á dagskrá fyrir yngstu gesti safnsins. Starfsemin miðar að því að auka aðgengi barna að sýningum safnsins til að þau geti tekið virkan þátt í menningarstarfi. Eitt af markmiðum Krakkaklúbbsins er að kynna mismunandi listgreinar á fjölbreyttan hátt, auka skilning á starfi listamanna og verkkunnáttu og kenna ólíkar aðferðir til listsköpunar.

Með miðlun í gegnum listasmiðjur fá yngstu gestir safnsins leiðsögn um sýningar og innblástur til þess að skapa sín eigin verk. Slík miðlun eflir einnig orðaforða og hugtakaskilning barna. Börnin koma í fylgd með forráðamönnum sínum og eiga ásamt þeim skapandi og notalega stund í safninu.

Frá stofnun Krakkaklúbbsins hefur þátttaka barna og forráðamanna þeirra aukist með hverjum mánuðinum. Dagskráin er vinsæl og ákaflega vel sótt. Allir þátttakendur og forráðamenn þeirra fá ókeypis aðgang. Þannig komum við til móts við samfélagið og stuðlum að jöfnum tækifærum allra til þess að njóta menningararfsins við skapandi aðstæður.

Fullorðinsfræðsla og samfélagið

Einu sinni í mánuði er haldin *Gæðastund* fyrir eldri borgara (+60 ára). Dagskráin er samsett af fjölbreyttum viðburðum, til að mynda sérsniðnum leiðsögnum, spjalli við sérfræðinga um ákveðin listaverk, tímabil í listasögunni og valda listamenn.

Viðburðirnir eru vel sóttir af eldri borgurum sem sumir hverjir mæta reglulega. Þá má nefna að sérsniðnu leiðsagnirnar, útileiðsagnir um slóðir listamanna í nágrenni Listasafns Íslands og innlit á bakvið tjöldin í starfsemi safnsins eru mjög vel sóttir viðburðir. Þá taka sérfræðingar innan safnsins á móti gestum og kynna starfsemi þess, varðveislu safneignar, skráningu, ljósmyndun og miðlun hennar.

Hver heimsókn er fróðleg og gefur gestum tækifæri til að kynnst betur sýningum, listamönnum og sérfræðingum safnsins.

Hámarksfjöldi gesta miðast við 25 manns, sem við teljum að sé hæfilega stór hópur fyrir gæðastund í safni. Þar með gefst fólki meira svigrúm til að ræða við sérfræðinga, spyrja spurninga og öðlast nýja sýn á starfsemi safnsins. Í lok hverrar *Gæðastundar* er

boðið upp á kaffi og meðlæti í notalegu rými á efri hæð safnsins ásamt spjalli um málefni dagsins.

Skapandi safnaheimsókn

Á vormánuðum hófust listasmiðjur fyrir fullorðna gesti safnsins. Fyrstu smiðjurnar tengdust vatnslitaverkum eftir Mats Gustafson á sýningunni *Að fanga kjarnann* og einnig vatnslitaverkum eftir Ásgrím Jónsson. Við fengum Karlottu Blöndal myndlistarmann og listkennara til að stýra smiðjunum við góðar undirtektir. Gestirnir voru bæði byrjendur og fólk sem hefur ákveðna undirstöðu í tækni vatnslitamálnar. Hver smiðja hófst á leiðsögn um vatnslitaverk eftir Ásgrím og verk eftir Gustafson. Þá var farið yfir aðferðir, tækni og eðli vatnslitamálnar ásamt stuttum æfingum. Gestir fengu efnivið á staðnum en eins var nokkuð um að gestir kæmu með sín eigin áhöld og efni í smiðjuna.

Þátttakendur í smiðjunni máluðu undir leiðsögn Karlottu umkringdir verkum eftir Gustafson á meðan aðrir gestir safnsins skoðuðu sýninguna. Upplifun gesta á verkum á sýningunni dýpkar þegar þeir ná að fanga aðferðirnar og tengjast verkferli listamannsins. Smiðjurnar hafa verið uppbókaðar langt fram í tímann og þátttakendur eru almennt mjög ánægðir.

Á haustmánuðum verður haldið áfram með listasmiðjur fyrir fullorðna í tengslum við þær sýningar sem verða í safninu. Þemu smiðjanna breytast því í takt við sýningar safnsins.

Fræðslustarfsemi fyrir innflytjendur

Listasafnið tók þátt í norrænu samstarfsverkefni þjóðlistasafna á Norðurlöndunum sem sneri að því að ná til nýrra markhópa – *Reaching new audiences in the Nordic countries*. Verkefnið fól í sér að söfnin spyrðu sig ákveðinna spurninga varðandi markhópa, svo sem: Hvaða hópum þjónar safnið? Hvaða hópar fá ekki jafn góða þjónustu og hvaða leiðir eru færar til þess að ná til þeirra? Í þróunarvinnu

safnsins við verkefnið horfðum við á velgengni nágranna okkar í Danmörku, nánar tiltekið Statens Museum for Kunst – Þjóðlistasafni Danmerkur. Safnið hefur verið mjög virkt og leiðandi í sérstökum verkefnum fyrir innflytjendur í Danmörku. Þá er safnkosturinn notaður sem fræðsluefni um samfélagið, menningu og sögu landsins. Boðleiðir til þessara hópa geta stundum verið erfiðar en Þjóðlistasafnið starfar með tungumálaskóla og kennari á vegum hans leiðir hópana á safninu í samstarfi við starfsmann safnsins.

Við höfðum samband við Rauða krossinn á Íslandi sem stendur fyrir öflugri fræðslustarfsemi fyrir innflytjendur og tók sérstaklega mið af samstarfsverkefni Rauða krossins og Mímis, *Æfingin skapar meistaran*. Við buðum nýjum íbúum landsins í heimsókn til að kynna safninu, starfsfólki þess og safnkosti. Í hverri heimsókn eru nokkur valin verk skoðuð, rædd og sett í menningarlegt samhengi og athygli er vakin á skírskotunum þeirra til samfélagsins, auk þeirra minninga og hughrifa sem vakna.

Undirbúningur gesta fyrir hverja heimsókn fer fram áður en þeir mæta og úrvinnslan fer fram eftir að heimsókn lýkur. Skemmtilegar samræður skapast í hverri heimsókn og má finna mikinn áhuga hjá gestunum. Í lok heimsóknar eru þeir hvattir til þess að kynna sér Krakkaklúbbinn Krumma og koma aftur í heimsókn með fjölskylduna.

Áhersla lögð á stafrænan fróðleik

Í samræmi við markmið um fjölbreytni þegar kemur að auknu aðgengi að menningararfinum leggjum við áherslu á sýnileika á samfélagsmiðlum og á vefsvæði safnsins og þar miðlum við fróðleiksmolum. Það er okkar mat að samfélagsmiðlar séu gott verkfæri í fræðslu og miðlun, svo sem til að koma á framfæri upplýsingum og vekja áhuga fólks óháð staðsetningu. Þannig náum við að verða sýnilegri fyrir alla landsbyggðina. Á samfélagsmiðlum hvetjum við



Fritz Hendrik Berndsen og Helga Kjartansdóttir, þátttakendur í listaverka- og myndaleiknum, sendu inn þessa mynd

bæði stóra sem smáa til að taka þátt í léttum leikjum og senda okkur spurningar ef fólk vill dýpka skilning sinn á ákveðinni sýningu eða verkefnum innan safnsins. Með jöfnu millibili sendum við frá okkur póst sem kallast Spurt og svarað, þar sem spurningum frá áhugasömum gestum er svarað á skýran og hnitmiðaðan hátt.

Á Instagram síðu safnsins eru settar inn upplýsingar um verk úr safneign og eins eru þar birt myndskleið af sérfræðingum safnsins við störf.

Vinsælasti leikurinn sem fór fram bæði á Instagram og Facebook var listaverka- og myndaleikurinn þar sem fólk valdi sér listaverk, notaði þrjá eða fleiri hluti í kringum sig og endurgerði verkið með ljósmynd.

Á heimasíðu safnsins má finna 360 gráðu ljósmynd af sýningunni *Fjárjóður þjóðar* og af safninu við Fríkirkjuveg. Þannig geta gestir skoðað safnið og sýninguna hvort sem þeir eru heima hjá sér, á ferðalagi, í vinnunni eða annars staðar. Vefsýningar á verkum Ásgrím Jónssonar má finna á heimasíðu safnsins og einnig má finna fjölbreyttar vefsýningar á Sarpi, sarpur.is.

Þann 4. ágúst 2020 hófum við samstarf við DailyArt samkvæmt því markmiði að miðla safneign okkar og íslenskri listasögu innan alþjóðlega listaheimsins. Þann dag birtist fyrsta listaverkið frá listasafninu, *Hekla* eftir Ásgrím Jónsson frá 1909. DailyArt er öflugt og ókeypis fræðslu- og listaverka-app sem auðvelt er að sækja í símann. Einnig kemur verk dagsins á Facebook-síðu og heimasíðu DailyArt. Á hverjum degi sendir DailyArt eitt listaverk í símann til áskrifenda sinna um allan heim, með upplýsingum um verkið, listamanninn og safnið sem varðveitir verkið. Í DailyArt-appinu er einnig hægt að finna upplýsingar um ýmsa listamenn og söfn víðsvegar um heiminn.

Guðrún Jóna Halldórsdóttir,
verkefnisstjóri viðburða og fræðslu.

Vatnið í náttúru Íslands

Vatn er algengasta efni jarðar og án vatns væri ekkert líf! Ferskvatn er viðfangsefni Náttúruminjasafns Íslands á sýningu safnsins í Perlunni. Vatnið er mikilvæg auðlind og á sýningunni er það skoðað frá ýmsum sjónarhornum og fjallað um eðli þess og gerð. Í safnfræðslu er fjallað um fjölbreytt lífríki ferskvatns og hlutverk þess við mótun landsins.

Öll skólastig eru velkomin í leiðsögn á sýninguna. Safnfræðslu er þó aðallega beint til grunn- og framhaldsskóla enda er sýningin sérstaklega sniðin að þeim aldurshópum. Safnkennarar eru tveir og eru með menntun í jarðfræði og líffræði sem tryggir faglega þekkingu.

Það fyrsta sem blasir við þegar hópar koma í heimsókn er vatnsköttur í 120-faldri stækkun en vatnsköttur er lírfa vatnabjöllu og einkennisdýr sýningarinnar. Anddyrið hentar vel til kynningar á efnistöfum sýningarinnar því þar er mesta næðið. Það hefur gefist vel að fá hópinn til að setjast niður, þá færast ró yfir hann og einbeiting verður betri. Kynningin byrjar á vatnskettinum, það er hann sem fangar athygli nemenda og vekur upp spurningar. Reynt er að hafa fræðsluna lifandi og tengja hana við aldur gesta. Kynningin fer fram á óformlegan hátt með fræðslu og spurningum sem nemendur ýmist þekkja eða geta giskað á rétt svar. Vatnskötturinn er spennandi dýr sem fæstir þekkja og er hann skoðaður í krók og kring, fæturnir taldir og spáð í önnur sér-

kenni. Þá er fjallað um sérstakan lífsferil skordýra og hann tengdur við lífsskeið nemendanna (ungviði, fullvaxta o.fl.). Margar spurningar vakna og oft verða líflegar umræður. Einnig er velt upp spurningunum: Hvað er ferskvatn? og hvaðan kemur vatnið? Hér fá nemendur að spreyta sig og ýmsar hugmyndir skjóta upp kollinum. Nemendur skoða þrjár megingerðir ferskvatns í vatnssúlum og ræða um eðlismun vatnsgerðanna, sem eru lindavatn, jökulvatn og dragavatn, hvar líklegast er að finna hverja gerð og hvað af þessu nemendur vilja drekka! Yngri börn fá í hendurnar hnattlíkan (sundbolta) þar sem þau sjá hvað hlutfall ferskvatns er lítið borið saman við magn sjávar. Meginmarkmið kynningarinnar er að fá nemendur

til að velta vöngum yfir mikilvægi ferskvatns, spjalla um útlit og lífsferil vatnadýra og vatnajurta, hvernig lífverur aðlagast ólíkum aðstæðum og til verður fjölbreytt lífríki. Með þessu móti er reynt að vekja áhuga nemendanna á náttúrinni og víkka út þá þekkingu sem þau búa yfir og færa hana í orð eða hugsun.

Þegar kynningu lýkur fá nemendur verkefnablöð sem þau vinna með og leita lausna inni í sýningarrýminu um leið og þau njóta sýningarinnar. Safnkennarar eru til staðar og hjálpa nemendum ef á þarf að halda og veita þeim upplýsingar um það sem vekur áhuga þeirra. Verkefnablöðin eru sniðin að aldri nemenda og eru fyrst og fremst hugsuð til að halda einbeitingu þeirra. Yngri



Tjarnartitur eru meðal þeirra dýra sem sjá má í búrum sýningarinnar. Ljós. Wim van Egmond.

Árstíðabundin fræðsla



Löng hefð er fyrir árstíðabundinni fræðslu á erlendum útisöfnum og því gaman að þróa slíka hér á landi sem viðbót við íslenska safnaflóru. Árbæjarsafn nýtur þeirrar sérstöðu að vera sveit í borg, hafa torfbæ innan sinna vébanda og vera staðsett við miðju höfuðborgarsvæðisins. Markhópur fræðslunnar er allir 3.–4. bekkir grunnskóla á stór-höfuðborgarsvæðinu. Því er úr nægum efnivið að móða, bæði hvað snertir stærð markhópsins sem og efni sem hægt er að nýta í fræðsluna, og verður nánar lýst í þessari grein.

Veturinn 2016 hóf göngu sína fræðsla á Árbæjarsafni undir heitinu *Verk að vinna* fyrir 3.–4. bekk grunnskóla.

Fræðslan er hugsuð sem vettvangsferð í tengslum við námsefnið *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* og leysti af hólmi leiðsögnina *Ísland áður fyrr* sem lengi hafði notið mikilla vinsælda hjá kennurum, enda beintengd við fyrrnefnt námsefni. Tími var kominn til að hleypa að breytingunum í takt við nútímalegar áherslur í faginu og bæta virkni við þetta vinsæla efni. Börnum er nú gefið tækifæri til að prófa að vinna eitthvað af þeim verkum sem unnin voru áður fyrr með því markmiði að vitneskjan festist í gegnum virkni.

Verk að vinna er skipt í tvo hluta og er notast við stöðvaskipulag í stað þess að leiða bekkinn í gegnum gömlu

bæjarhús safnsins undir leiðsögn eins og gert var áður. Í öðrum hlutanum skoða börnin torfbæinn á eigin vegum út frá ratleik þar sem þau eiga að finna valda hluti eins og ask, strokk og helstu muni sem tilheyrðu torfbæjarlífi. Með því að sjá raunverulega gripi rifja þau upp námsefnið eða undirbúa sig fyrir að læra um það í skólanum. Í hinum hlutanum vinnur hópurinn verk sem er mismunandi eftir árstíma og veðri, sem eins og við vitum skiptir miklu máli á Íslandi. Ullarvinnan hefur reynst hentugust yfir vetrartímann. Börnin fá óunna ull í hendur og þurfa að átta sig á hvernig henni er breytt í ullarþráð sem hægt er að þrjána flík úr. Þetta er eitthvað sem flest börn geta ómögulega áttað sig á fyrr en þau fá að prófa. Á veðurblíðari árstímum: Vor, sumar og haust eru útiverk í forgrunni eins og að finna til eldivið, bera vatn og sópa fyrir utan bæinn. Þau kynnast mikilvægi vatnsburðar áður en vatn á krana var leitt inn í hús, bera hrís að stöðum sem hann var notaður, ýmist til eldiviðar í smíðju og í fjárhúsinu við gerð á torfbaki.

Breytingin hefur gefist mjög vel og nær undantekningarlaust hafa nemendur verið gladdir að heimsókn lokinni. Það hefur verið gaman að finna hvernig þeir virðast njóta þess að fá tækifæri til að læra um verklega þekkingu með því að prófa hana en ekki bara hlusta á fróðleik um hana. Enda hafa flestir flestir á þessum



aldri ríka hreyfibörf og eiga erfitt með að einbeita sér við hlustun í langan tíma í einu.

Tengsl viðburða og fræðslu eru einnig mikil í Verk að vinna. Einn af sumarviðburðum safnsins hefur sama heiti þar sem gestum safnsins er boðið að vinna þessi verk. Fastir liðir í viðburðadagskrá safnsins eins og að þvo þvott og þurrka saltfisk hafa einnig verið nýttir fyrir skólahópana. Hugsunin á bak við árstíðabundna fræðslu er einmitt að vísa til þeirra verka sem þurfti að vinna hverju sinni.

Þegar litið er yfir farinn veg þá hefur virkað rökrétt skref að taka upp árstíðabundnu fræðsluna Verk að vinna. Hún uppfyllir fræðslumarkmið safnsins um þátttöku og sköpun, hún miðlar handverki og verklegri þekkingu auk þess er spennandi að geta þróað og bætt við fleiri verkum inn í hana í framtíðinni.



Jóhanna Guðrún Árnadóttir,
verkefnastjóri í miðlunar-
og fræðsludeild

Söfn eru eitt mest spennandi tæki sem við höfum

Ég settist niður með Lilju Alfredsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra á sólríkum mánudegi í ágúst og átti við hana spjall um ýmislegt sem tengist söfnum, rekstri þeirra og stefnu. Ritnefnd Kvist hafði í undirbúningi sett saman spurningalista með nokkuð tæknilegum spurningum um söfn, stjórnsýsluna, safnaráð og fleira. Ráðherra svaraði þeim spurningum hratt og örugglega en leiddi síðan talið að því sem brennur á henni varðandi miðlun og varðveislu menningararfsins og var augljóst af okkar spjalli að Lilja er bandamaður íslenskra safna – og kannski bara safna almennt.

Fyrst langar mig að fá þína sýn þín á stöðu safna í samfélaginu og hvar þú sérð fyrir þér mikilvægi safna; er það samfélagsleg hlutverk þeirra sem snýr að miðlun og fræðslu eða er það varðveislan.

Söfn gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki og ég er mjög stolt af íslensku söfnunum. Þau eru fjölbreytt og áhugaverð. Við erum vissulega með mörg söfn miðað við höfðatölu, en það gerir það að verkum að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Fræðsluhlutverk safna er að mínu mati mikilvægt, að þekkingu sé miðlað milli kynslóða þannig að þú getir séð þrjár kynslóðir fara inn á safn og þar finni allir eitthvað við sitt hæfi. Ég tel mikilvægt að söfn séu barnamiðuð því þannig færðu barnafólk inn á söfnin – því það vill fræða börnin sín. Þarna eru tækifæri til að tvínna saman varðveislu menningararfsins og fræðslu.

En varðveisluhlutverkið?

Þarna erum við svolítið komin inn á hlutverk stjórnvalda, sem hefur til dæmis með nýjum geymslum Þjóðminjasafnsins í Hafnarfirði sýnt

að stjórnvöld leggja áherslu á varðveislumálin. Við þurfum að aðstoða við að koma menningararfinum í öruggt skjól. Við verðum að varðveita til framtíðar til að auka skilning þeirra kynslóða sem nú eru að vaxa úr grasi og komandi kynslóða – til að vita hvert við erum að fara þá þurfum við að vita hvaðan við erum að koma svolítið til að skilja hvar við erum. Söfnin eru eitt mest spennandi tæki sem við höfum til þess að miðla sögu, listum og þau þurfa að vera fjölbreytt eins og þau eru – allskonar.

Safnamenn og sveitarfélögin sem eru eigendur margra safna spyrja sig hvort edlilegt sé að öllu fé safnasjóds sé nú úthlutað til verkefna – en ekki til daglegs rekstrar eins og áður var. Jafnvel þó kröfur til viðurkenndra safna hafi aukist. Hefur ráðherra ákveðna sýn á þetta eða er treyst á stefnumótun safnaráðs?

Rekstrarstyrkirnir voru ekki felldir niður heldur voru þeir felldir undir almenna úthlutun í umsóknarferlinu, þannig erum við að gera þetta. Hugmyndin var að við værum að



efla grunnstarfsemina, t.d. í gegnum Öndvegissstyrki. En ég er mjög meðvituð um það að þarna er einhver svolítil togstreita, við finnum það auðvitað. Við vitum það hvað óvissa í rekstri getur dregið þrótt úr söfnunum að vera með þá sýn sem ég var að kynna. Erfitt er að meta reynsluna af breyttum áherslum við úthlutun vegna áhrifanna af heimsfaraldri en stuðningskerfi við söfnin þarfnast stöðugrar endurskoðunar. Safnstjórar verða að geta einbeitt sér að inntakinu, varðveislunni, miðluninni. Við þurfum líka að taka tillit til þeirra sem vilja standa utan við viðurkenningarferlið og kjósa það frelsi sem finnst utan ramma safnala. Við erum búin að vera í miklum uppbyggingarfasa í menningartengdri ferðaþjónustu og auðvitað hefur maður áhyggjur af því hvaða áhrif núverandi ástand hefur. Þetta þurfum við að fara yfir í vetur. Hvar standa söfnin okkar? Við verðum að hlúa að þessari flóru.

Ég hvet fólk til að heimsækja söfn oft, fara aftur og aftur á sama stað og gefa sér tíma til að melta það sem fyrir skilningarvitin ber. Fólk hefur áhuga á fortíðinni og menningunni sem tæki til að skilja betur samtíðina og framtíðina.

Á síðasta ári var voru framlög til safnasjóðs hækkuð – fylgdu þeirri hækkun einhver tilmæli?

Þessi ríkisstjórn hefur það á stefnuskrá sinni að rækta menninguna og sér þess stað í stjórnarsáttmálanum þar sem höfuðsöfnin eru tiltekin og að styrkja beri starfsemi þeirra. Við vitum að það hefur þurft að setja meiri fjármuni í þessi verkefni, en við settum þetta í hendur þeirra sem eru að stýra ráðinu og söfnunum og erum að segja „við treystum ykkur fyrir þessari sköpun og miðlun“. Söfnin eru með ákveðna framtíðarsýn og við treystum henni, við kjósum að treysta fólkinu okkar fyrir því. Við vitum að söfn lentu mörg í niðurskurði í kjölfar hrunsins en hafa síðan náð að efla sértekjur sínar í takti við aukna ásókn ferðamanna. En nú sjáum við að Íslendingar eru að taka við sér – við eigum að nýta okkur tækifærið sem býðst núna til að kynnast menningararfinum.

Það má segja sem svo að það séu ákveðnar línur lagðar af ríkisstjórninni og síðan treystið þið í raun á stefnumótun þeirra aðila sem fá peningana?

Það er auðvitað þannig, hvort sem það verður í vetur eða næsta haust að það mun fara fram ákveðin endurskoðun í ljósi breyttra aðstæðna.

Eitt sem hefur legið á safnamönnum lengi, það er þessi hugmynd um tiltekt í þessari flórusafna líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Okkur langar að fá þitt alit á ákvæðinu um ábyrgðarsöfn í safnalögum og hvort að það standi til að

innleiða þetta ákvæði og hvort þið sjáið frekari sameiningar fyrir ykkur í safnageiranum á næstu árum.

Í stefnumótandi byggðaáætlun frá 2018 til 2024 þá voru settir ákveðnir fjármunir í verkefnið Samstarf safna – ábyrgðarsöfn og landshlutasamtök sveitarfélaganna gátu sótt um styrk til þess að fara í fýsileikakönnun þar sem þau áttu að skoða hvort áhugi væri fyrir frekari samvinnu og sameiningu til þess að efla söfnin í mismunandi landshlutum. Fimm landshlutasamtök sóttu um og fengu styrk til þess að framkvæma könnunina. Ein hafa skilað skýrslu með góðri heildarmynd af safnastarfi á sínu svæði og við erum að kalla inn þessar skýrslu til að fá heildarmyndina. En ég er á því að það þurfi að vinna mikið saman – en ég tel einnig mikilvægt að hlúa að sérkennum safna og steypa þau ekki um of í sama mót. En ég er trúuð á það að frumkvæðið þurfi að koma frá landshlutunum, ég tel að til að ná velgengi þá þurfi drifkrafturinn að koma úr ástriðu, áhuga og metnaði. Við hér í ráðneytinu höfum það hlutverk að tryggja ákveðnar fjárveitingar og vera í stóru myndinni en ég lít ekki á það sem mitt hlutverk að sameina stofnanir nema þær hafi sjálfar áhuga á því. Við viljum auðvitað að allur rekstur gangi upp, en það er bara ótrúlegt þegar fólk stýrir með ástriðu.

En sjáið þið fyrir ykkur að búa til gulrætur?

Já, þegar við sjáum grundvöll fyrir því í vilja eigenda og aðstandenda þá getum við að sjálfsögðu komið inn af því að frumkvæðið er til staðar. Ég held að það sé lykilatíði að þetta sé drifið áfram af þeim sem eru á svæðinu, þeir þekkja sína sögu best og eru best til þess fallnir að miðla henni.

Þú talaðir um höfuðsöfnin áðan og menn velta fyrir sér hlutverki höfuðsafnanna gagnvart viðurkenndum söfnum og þau eru kannski misjafn-

lega í stakk búin til að takast á við þetta hlutverk, og þetta er kannski bara ein spurning – á ráðuneytið þátt í einhverskonar miðlægu samtal við höfuðsöfnin um hlutverk þeirra gagnvart þeim söfnum sem tilheyra þeirra flokki – eða leggið þið það í hendur forstöðumannanna sjálfra eða safnaráðs?

Við höfum lagt það í hendur forstöðumanna, þeir hafa hafa útfært þetta með mismunandi hætti. Og ég legg áherslu á að það sé virkni á landsvísu. Tökum sem dæmi Þjóðminjasafnið, Þjóðminjasafnið er um allt land og er mjög duglegt í að miðla, vera með sýningar og vera leiðbeinandi.

Finnst þér nálgun Þjóðminjasafnsins á hlutverk sitt sem höfuðsafns geta verið fyrirmynd fyrir önnur höfuðsöfn?

Já, ég tel að Þjóðminjasafnið geri þetta vel. Nú erum við komin með drög að því hvernig er hægt að koma Náttúruminjasafninu á varanlegri stað. Þarna eru tækifæri til að tengja saman menntun og menningu. Söfnin hafa hlutverk inn í skóla-kerfið og geta þar nýtt ýmsar leiðir. Sjáum bara tengsl náttúrunnar og tungumálsins til dæmist í gegnum nýyrðasmíð Jónasar Hallgrímssonar – slík dæmi geta verið uppspretta nýsköpunar. Í sýningum á borð við Fullveldissýninguna í Listasafni Íslands árið 2018 sjáum við söfn og fleiri menningarstofnanir vinna saman og miðla þeim arfi sem þau varðveita inni í skólana.

Það er hlutverk safna að miðla menningararfinum til unga fólksins svo þau fái tilfinningu fyrir menningararfinum og áhrifum hans á allt frá Tolkien til Marvel-mynda. Lykillinn að því að þekkingin flytjist milli kynslóða er að nota tæknina, bjóða upp á eitthvað sem ungt fólk hefur áhuga á. Ef við nefnum dæmi þá má segja að Örlygsstaðabardagi sé okkar

Gettysburg. Við þurfum að nota sýndarveruleikann eins og er verið að gera á Sauðárkróki.

Nú mættu breytingarnar í Skagafirði nokkurri andstöðu meðal safnamanna.

Að mínu mati er best að hægt sé að tvinnna þetta saman, sterkan fræðilegan grunn sem byggir á fjölbreyttri reynslu og þekkingu starfsfólks og það sem ég held að við munum líka sjá er að fólk er að fara á söfn til að njóta. Til að geta tengt við eitthvað sem fólk þekkir úr sínum veruleika. Við höfum sérstakt tækifæri til að gera söguna spennandi – hver hefur ekki áhuga á Sturlungaöld?

Hvað með stöðu safnaráðs í stjórnsýslunni, nú hefur oft verið rætt um að slíkar einmenningsskrifstofur eigi ekki framtíðina fyrir sér. Hvernig sjáid þið þróunina varðandi þessar einmenningsskrifstofur fyrir ykkur í þeirri umræðu sem nú á sér stað um breytingar í menningarstjórnsýslu á vegum ráðuneytisins?

Ég sé fyrir mér að það sé ákveðin heildstæð stefna, en ef þú ætlar að vera með opinbera stefnumótun sem er byggð á góðum grunni þá verður eignarhaldið að vera þeirra sem starfa innan málaflokksins til þess að þeir hafi trú á stefnunni. Það getur ekki komið frá okkur í ráðneytinu, þar sem við segjum bara „svona verður þetta“. Það sem við eigum að passa upp á er að stjórnsýslan sé vel rekin en um leið treysta faglegum bakgrunni fólksins sem þarna starfar og það er það sem við erum að gera. Taka samtalið, fá skýrslur og líka leita leiða til þess að styðja við þá sem vilja vera í samstarfi. Við vitum það að samstarf getur verið mjög gefandi sé það vel gert og snýst fyrst

og fremst um samvinnu fólks. En ég er ekki á því að við eigum að gera það nema það sé ríkur samstarfsvilji og fólk sjái tilganginn. Við getum sett ákveðna gulrætur inn í þetta og ég held að fólk sjái einhvern vísi að því. En svo verðum við að horfast í augu við að við stöndum frammi fyrir allt öðrum veruleika í dag en við gerðum í upphafi árs. Ég er mjög meðvituð um það.

Að lokum bað ég Lilju um að hugsa um veturinn framundan með mér, hvað gerum við. Draga söfnin sig í hýði eða sækja þau fram. Megum við eiga von á breytingum á styrkveitingum hins opinbera til safna sem verða fyrir verulegu tekjutapi?

Söfnin eiga að sækja fram, það er einstakt tækifæri til að efla heima-markaðinn þó það þurfi að reyna að halda aðgangseyri í lágmarki þannig að hann verði ekki hindrun, t.d. fyrir barnafjölskyldur. Við þurfum að ala upp kynslóðir áhugasfólks um sögu og menningu og lykilfólk í þeirri vegferð er starfsfólk safnanna sjálfra.

Þegar Lilja hafði svarað mínum nokkuð þurru spurningum áttum við spjall um ýmislegt varðandi söfn, sýningar og menningararfinn.

Eins og kannski þú heyrir þá er ég mjög áhugasöm um söfn og við fjölskyldan skipuleggjum ferðir til útlanda í kringum safnaheimsóknir. Við bjuggum í Washington DC, þar sem er gríðarleg safnamenning, á meðan börnin okkar voru ung. Ókeypis er inn á öll söfnin í Washington og þau eru troðfull allar helgar, þú sérð alla þjóðfélagshópa þar. Það er inni í menningunni þar eins og víðar að fara á safn, það er partur af helginni hjá venjulegum

fjölskyldum. Minn draumur er að það sé partur af helginni hér líka að þú farir á safn. Mér finnst íslensku söfnin flott og metnaðarfull, við erum með góða fagþekkingu sem hefur aukist mikið á síðustu 25 árum. Miðlunin er að verða öflugri og mér finnst það skemmtilegasta við að ferðast um Ísland það er að fara á söfn.

Lilja sagði mér frá því að hún hefði heimsótt Cabinet War Rooms og sýninguna um Churchill í London, eftir heimsóknina sendi hún safninu athugasemdir um að ekkert væri minnst á tengsla hans við Ísland heimsókn hans hingað í ágúst 1941. Hún hefur síðan staðið í bréfaskiptum við aðstandendur sýningarinnar. Ráðherrann er greinilega áhugasamur safngestur.

Ágústa Kristófersdóttir,
forstöðumaður Hafnarborgar

Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?

Minjasafn Austurlands, Tækniminjasafn Austurlands, Sjóminjasafn Austurlands ásamt Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri hlutu tilnefningu til íslensku safnaverðlaunanna fyrir verkefnið „Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?“ sem söfnin tóku þátt í í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands árið 2018. Í umsögn dómnefndar kom fram að verkefnið „[væri] fordæmisgefandi um hvernig söfn af hvaða stærðargráðu sem er geta gert sig gildandi í samfélagsumræðunni og verið leiðandi í samstarfi við fleiri stofnanir“. Hér var um að ræða viðamikið samstarfsverkefni þar sem söfn og fleiri stofnanir tóku höndunum saman til að minnst tímamótanna en um leið að staldra við, líta í eigin barm og horfa til framtíðar nú þegar loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein hlesta ógnin sem mannkynið stendur frammi fyrir. Aðdragandinn var tiltölulega stuttur en með samstilltu átaki tókst að búa til eftirtektarvert verkefni sem bæði minnti fólk á hvaðan við komum og hvatti það til að íhuga hvert við stefnum.

Aðdragandi og útkoma

Sumarið 2017 kölluðu fulltrúar Austurbrúar saman hóp fólks úr safna- og menningargeiranum á Austurlandi til að ræða hvernig staðið skyldi að hátíðarhöldum í fjórðungnum í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Austurbrú er þverfagleg stoðstofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og að þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna

og menningarstarfs í landshlutanum. Ljóst var að margar stofnanir voru áhugasamar um að gera eitthvað í tilefni tímamótanna en fáar höfðu aðstæður, bolmagn eða ráðrúm til að standa fyrir viðamiklum hátíðarhöldum upp á eigin spýtur. Niðurstaðan varð að stofnanirnar myndu sameina krafta sína og taka höndum saman um verkefni sem myndi ramma inn hátíðarhöld í fjórðungnum í tilefni tímamótanna.

Af stað fór mikið hugarflug og hugmyndin tók að mótask. Úr varð að verkefni myndi snúast um að skoða með gagnrýnum hætti hugtökin fullveldi annars vegar og sjálfbærni hins vegar. Það var gert með því að bera saman aðstæður barna árið 1918 og 2018 og spegla þær við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Fleiri stofnanir voru kallaðar að borðinu, aðrar heltust úr lestinni og á endum urðu þær nú: Austurbrú, Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði, Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði, Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri í Fljótsdal, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Landgræðslan, Skólaskrifstofa Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum.

Stærsti hluti verkefnisins var fjórskipt sýning sem sett var upp á söfnunum þremur auk Skriðuklausturs. Sýningarnar voru þannig byggðar upp að á hverjum stað voru tvö börn í forgrunni, annars vegar barn árið 1918 og hins vegar barn af sama kyni og á sama aldri árið 2018. Aðstæðum



þessara barna var lýst í áhrifamiklum fyrstu persónu frásögnum þar sem komið var inn á mismunandi málefni sem tengjast heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, s.s. fátækt, hungur, heilsu, menntun, jafnrétti, aðgang að vatni, sjálfbæra orku, atvinnumöguleika og nýsköpun. Sögurnar voru frumsamdar en byggðar á heimildum um aðstæður barna þá og nú. Frásagnirnar voru myndskreyttar með ljósmyndum, annars vegar af barni í nútímanum og hins vegar af þessu sama barni í „fortíðinni“. Til að ná fram einkennum gamalla ljósmynda var myndin af barninu í fortíðinni tekin með gömlum ljósmyndabúnaði á Tækniminjasafni Austurlands. Til að auka á upplifun voru bæði til sýnis gripir úr safnkosti safnanna og gripir úr nútímanum sem tengdust umfjöllunarefnum auk þess sem gestir voru hvattir með margvíslegum hætti til að líta í eigin barm og spegla sínar eigin aðstæður við aðstæður barnanna og heimsmarkmiðin.

Allar lögðu stofnanirnar sitt af mörku til verkefnisins. Söfnin hóstu sýningarnar og lögðu til muni og sérþekkingu á sviði heimildaöflunar og sýningargerðar. Héraðsskjalasafn Austfirðinga gegndi lykilhlutverki þegar kom að heimildaöflun, Landgræðslan lagði til sérþekkingu á sviði menntunar til sjálfbærni og Skólaskrifstofan og Menntaskólinn tengdu verkefnið við skólasamfélagið. Hönnuðirnir Litten Nyström og Ingvi Örn Þorsteinsson voru fengin til að hanna sýningarnar og allt efni þeim tengt. Þar var áhersla lögð á einfaldleika og sjálfbærni. Áherslurnar birtust meðal annars í sérstökum stöndum sem voru hannaðir og smíðaðir fyrir sýninguna en þá er auðvelt að taka í sundur og geyma. Standarnir eru fyrirferðarlitlir og auðvelt að setja þá upp aftur og þeir hafa nú þegar nýst á öðrum sýningum safnanna. Síðast en ekki síst lagði Austurbrú til verkefnastjóra sem hafði yfirsýn fyrir alla þætti verkefnisins og stillti saman strengi svo úr yrði heilstætt verk.

Allir fjórir sýningarhlutarnir voru opnaðir á þjóðhátíðardaginn, 17. júní 2018, en verkefnið markaði eins og áður sagði umgjörð um öll hátíðarhöld á Austurlandi í tilefni fullveldisafmælisins. Auk sýninganna var sett upp heimasíða, austfirsktfullveldi.is, en þar mátti nálgast upplýsingar um verkefnið og aðra viðburði á Austurlandi. Þá var búið til sérstakt fræðsluefni fyrir skóla sem kennarar gátu nálgast á heimasíðunni og nýtt í tengslum við heimsóknir á sýninguna. Heimasíðan er ennþá opin og þar er enn hægt að nálgast þetta efni.

Hápunktur verkefnisins var síðan vegleg fullveldishátíð sem fram fór í Menntaskólanum á Egilsstöðum 1. desember 2018 þar sem áhersla var lögð á unga fólkið og framtíðina. Þar voru allir fjórir hlutar sýningarinnar sameinaðir og sýndir sem heild í fyrsta sinn auk þess sem nemendur skólans, listamenn, hönnuðir og fleiri stigu á stökk og fögnuðu áfanganum með margvíslegum hætti.



Verkefnið var sérstakt á margan hátt. Í fyrsta lagi var hér um að ræða einstakt samstarfsverkefni þar sem níu ólíkar stofnanir tóku höndum saman með söfn í fararbroddi til að skapa sýningu sem bæði var ætlað að fræða og vekja til umhugsunar.

Í öðru lagi teygði sýningin anga sína inn á fjögur mismunandi söfn á Austurlandi sem hvatti íbúa og gesti fjórðungsins til að sækja allar þessar stofnanir heim og vakti athygli á fjölbreytti safnaflóru svæðisins. Í þriðja lagi var umfjöllunarefnið nýstárlegt og nálgunin frumleg. Þarna nýttu söfnin tækifærið til að taka á stórum málum eins og sjálfbærni, loftslagsbreytingum og heimsmarkmiðunum. Síðast en ekki síst má nefna hönnun sýningarinnar og alls efnis í kringum hana en þar voru einfaldleikinn hafður að leiðarljósi sem skilaði sér í stílhreinum og áhrifamiklum sýningum þar sem aðalatriðin voru í forgrunni.

Hvernig tókst til?


Almenn ánægja var meðal allra sem að verkefninu komu um hvernig til tókst. Sýningarnar vöktu athygli meðal gesta safnanna og greinilegt að þeim þóttu sögur barnanna áhrifaríkar og að þær fengu fólk til að leiða hugann að eigin aðstæðum, fortíðinni og framtíðinni. Samspil gripa úr safnkosti safnanna og úr nútímanum var skemmtilegt og myndaði áþreifanlegar tengingar við efnið.

Frá upphafi var lögð rík áhersla á að tengjast skólasamfélaginu og gera skólum kleyft að nýta sýningarnar og efnið í í kennslu. Í þeim tilgangi var útbúið fræðsluefni sem var gert aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins. Efnið var bæði hugsað sem ýtarefni til að styðja við heimsóknir á sýninguna en einnig var lagt upp með að skólar sem ekki áttu þess kost að heimsækja sýningarstaðina, t.d. vegna fjarlægðar frá þeim, gætu nýtt efnið heima í skólastofnunni. Upplýsingar um hve margir skólar nýttu sér fræðsluefnið liggja ekki fyrir en aðsókn þeirra að sýningunni sjálfri var ekki ýkja mikil. Erfitt er að segja til um hvað olli því, mögulega hefði mátt standa öðruvísi að kynningu á verkefninu til kennara og tengja einstaka hluta þess skýrar við aðalnámskrá grunnskóla og hæfniviðmið hennar. Þá er nokkuð ljóst að fjarlægð skólanna frá sýningarstöðunum hefur í einhverjum tilfellum verið stór áhrifaþáttur. Það er einmitt ein af þeim áskorunum sem söfn og skólar víða um land standa frammi fyrir þegar kemur að safnfræðslu og hvernig skólar geta nýtt söfn í sinni kennslu. Aðgengi skóla að söfnum og öðrum menningarstofnunum er mjög mismunandi eftir því hvar þeir eru staðsettir. Sumir hafa söfn í göngufæri og geta auðveldlega tvinnnað safnaheimsókn inn í sína kennslu á meðan aðrir þurfa um mjög langan veg að fara og þurfa því að standa í flókinni skipulagningu til að fara í slíkar heim-

sóknir. Ein leið til að koma til móts við þá skóla sem ekki eiga þess kost að heimsækja söfn er að nýta tæknina til að opna glugga inn á söfnin í gegnum netið. Fyrir nokkrum árum lét Minjasafn Austurlands til dæmis gera sérstakt námsefni með það að markmiði að jafna aðgengi skólanna á starfssvæði safnsins að safninu og hefur það gefist vel. Slíkt kemur auðvitað ekki í staðinn fyrir heimsókn á safn eða sýningu en fjar-safnfræðsla er þó betri en enginn og getur kveikt neista sem leiðir nemendur inn á söfnin síðar. Öll söfn og menningarstofnanir mættu skoða hvernig þau geta stuðlað að jafnara aðgengi allra barna á landinu að sinni safnfræðslu og safnkosti með hjálp tækninnar.

Mikilvægi Austurbrúar í verkefninu var ótvírætt. Auk þess að hafa frumkvæði að því að kalla hópinn saman í upphafi stóð Austurbrú undir nafni sem brú á milli allra stofnanna sem að verkefninu komu og má segja að hún hafi verið límið sem batt verkefnið saman. Innan Austurbrúar er til staðar margvísleg sérþekking á sviðum sem stundum verða útundan á þétt-skrifuðum verkefnalista safnanna, t.d. á sviði verkefnastjórnar og markaðs- og kynningarmála. Með því að leggja til vinnu við þessa þætti verkefnisins og hafa yfirsýn yfir það, skapaðist meira svigrúm hjá öðrum sem að verkefninu komu til að einbeita sér að þáttum eins og heimildaöflun og sýningargerð. Þá hefði sýningin jafnfamt verið harla lítilfjörleg ef ekki hefði komið til vinna hönnunarteymisins við bæði sýningarhönnun og hönnun kynningarefnis en þeim tókst afar vel að laga sýningunna að mismunandi sýningarrýmum á hverjum stað.

Í tilefni af tilnefningunni til Íslensku safnaverðlaunanna var ákveðið að setja sýninguna upp á nýjan leik sumarið 2020, að þessu sinni í Sláturhúsinu, menningarmiðstöð Fljótssdalshéraðs á Egilsstöðum. Sýningunni var vel tekið og greinilegt að umfjöllunarefni hennar eiga enn vel við. Þó var eitt atriði sem virtist hafa tekið ákveðnum



breytingum í hugum fólks á þessum tveimur árum sem liðin voru frá því sýningin var fyrst sett upp. Í einum hluta sýningarinnar er fjallað um sjötta heimsmarkmiðið sem tengist hreinlæti og aðgangi að vatni. Þar er munurinn á hreinlætisvenjum fólks árið 1918 og 2018 dreginn fram og spurt hvort við séum ef til vill orðin of upptekin af hreinlæti og sótthreinsun nú á dögum. Sú spurning virtist hálf taktlaus á Covid-árinu 2020 þegar handþvottur og handsprittun er orðin mun stærri og mikilvægari hluti af tilveru fólks en hann var síðast þegar sýningin var sett upp. Breytt hegðun og áherslur fólks þegar kemur að hreinlæti komu einnig berlega í ljós á opnun sýningarinnar sumarið 2020 en hjá áður nefndri umfjöllun um hreinlæti og aðgang að vatni hafði verið stillt upp brúsa með handspritti. Á opnun sýningarinnar, 17. júní 2020, voru mjög margir sýningargestir sem gengu að brúsanum og fengu sér spritt á hendur, nokkuð sem gerðist aldrei þegar sýningin var uppi árið 2018.

Að halda mörgum boltum á lofti og missa engan

Starfi safnafólks á smærri söfnum hér á landi hefur oft verið líkt við starf fjöllistamannsins sem heldur mörgum boltum á lofti. Starfsfólkið hefur í höndunum marga bolta sem allir eru mikilvægir og þurfa allir að ná að svífa til að starfsemi safnsins blómstri. Þar er um að ræða verkefni sem geta

spannað allt frá þrífum og viðhaldi húsa, launavinnslu og bókhaldi yfir í rannsóknir og varðveislu, sýningar og viðburðahald. Eðli málsins samkvæmt getur verið erfitt fyrir fámennt starfslið að halda öllum boltunum á lofti til lengri tíma, sumir fljúga hátt og svífa lengi á meðan aðrir falla til jarðar og komast seint á loft á ný. Þegar nýir boltar bætast við, eins og til dæmis stór tímbundin verkefni eins og það sem hér hefur verið lýst, getur verið erfitt að fá hann til að flæða

áreynslulaust með öllum hinum. Það er því mikill hagur fólgin samstarfi eins og því sem þetta verkefni byggði á. Að geta sameinað krafta, lagt til mismunandi sérþekkingu og reynslu og skipt með sér verkum, skilaði sér í sterkri lokaafurð. Það var jafnframt bæði lærdómsríkt og hollt að stíga út úr daglegri rútínu, prófa eitthvað nýtt og vinna með fólki sem kom út ólíkum áttum. Það var mikill heiður fyrir alla sem að verkefninu komu að það skyldi hljóta tilnefningu til Íslensku safnaverðlaunanna. Tilnefningin er viðurkenning á því viðamikla starfi sem fram fór í tengslum við verkefnið og sýnir að margur er knár þótt hann sé smár.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir,
safnstjóri Minjasafns Austurlands

Hvað er ofan í moldinni?

Fræðsluverkefni í opnu safni undir opnum himni

Hvað er ofan í moldinni?

Fræðsluverkefni í opnu safni undir berum himni

Hlutverk grasagarða er að safna og varðveita plöntutegundir og að efla skilning á mikilvægi gróðurs með fræðslu og rannsóknum. Fræðsla um ræktun og umhverfismál er afar mikilvæg nú á tímum þegar loftslagsbreytingar og mengun af mannavöldum ógna tilveru okkar og annarra lífvera. Grasagarðar eru afar góður vettvangur til að fræða almenning um umhverfismál og náttúruvernd. Í plöntusafni Grasagarðs Reykjavíkur eru um 5.000 safngripir af um 3.000 tegundum, auk alls hins óskráða í lífríki garðsins, og því um auðugan garð að gresja þegar kemur að fræðslu. Árið 2019 sóttu rúmlega 4.700 manns skipulagða fræðsluviðburði í Grasagarðinum. Þar af er drjúgur hluti leik- og grunn-skólanemar sem komu í garðinn til að fræðast sérstaklega um ræktun plantna og hvernig við getum hjálpað að við að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika á jörðinni.

Umhverfisfræðsla er oftar en ekki áþreifanlegri og áhrifaríkari í nánd við gróður og dýralíf Grasagarðsins heldur en í venjulegri kennslustofu og eru plöntur safnsins ákaflega notadrjúg töl við fræðsluna. Þannig íhugum við hvað plönturnar gera fyrir okkur og hvers vegna sé mikilvægt að passa upp á gróandann. Undir 80 ára gömlu birki ræðum við um að skógar séu lungu hnattarins. Trén búa til súrefnið sem er okkur lífsnauðsynlegt. Hjá fallegum ýviði

tölum við um hvers vegna maður megi aldrei borða plöntur nema vera viss um að þær séu ætar – af því að nánast allir hlutar þessarar plöntu eru baneitraðir. Ýviðurinn er samt ekki sleginn út af borðinu af því að hann var notaður til að búa til boga í gamla daga. Við hummum brot úr forleiknum að Vilhjálmi Tell eftir Rossini og ímyndum okkur hve stressandi það hafi verið fyrir Vilhjálmi karlinn að skjóta eplið af höfði sonarins með boganum sínum. Þegar við skoðum safndeild íslensku flórunnar spjöllum við um hvað fólk- ið í gamla daga hafi nú verið snjallt. Konurnar bjuggu til lampakveik úr fræull fífunnar sem vex svo víða um landið. Eski er ríkt af kísil sem gerir það hrjúft og hart og þess vegna var það tilvalið efni til að skrúbba potta og pönnur. Síðla sumars skoðum við hádegisblómin sem koma alla leið

frá Suður-Afríku og við notum sem sumarblóm. Suðandi hunangsbý úr Fjölskyldu- og húsdýragarðinum sveima í kringum blómin og færa blómasafa og frjókorn úr þeim heim í búið til drottningarinnar. Við veltum fyrir okkur þessu samspili flóru og fínu; flugurnar fá mat úr blómum- um og launa fyrir sig með því að hjálpa til við frjóvgun blómanna. Við skoðum okkur sjálf og veltum fyrir okkur hvort við séum klædd í eitthvað úr plönturíkinu. Margir eru í gallabuxum og bómullarbolum, hvort tveggja búið til úr plöntum. Við skulum ekki gleyma matnum okkar heldur, plönturíkið kemur heldur betur við sögu þar! Umfjöll- unarefnin eru óþrjótandi þegar maður er umvafinn náttúrunni í Grasagarðinum, safnið er hinn fullkomni útínámsstaður.



Leikskólabörn gróðursetja túlípanalauka.



Í heimsókn að vori.

Sofnað að hausti – vaknað að vori

Haustið 2018 var verkefnið *Sofnað að hausti – vaknað að vori* sett á laggirnar í Grasagarðinum. Verkefnið hlaut styrk frá Safnaráði og þátttakendur komu úr leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og úr 1.-4. bekk nágrannaskóla Grasagarðsins, Langholtsskóla. Verkefnið var svo endurtekið með elsta árgangi leikskólanema haustið 2019. Ákveðið var að fylla nýuppgerðan hluta gamla garðsins í Grasagarðinum af túlípönunum af ýmsum stærðum og gerðum. Börnin komu í garðinn í september og fræddust, eins og nafnið gefur til kynna, um hvað plönturnar gera á veturna. Þau skoðuðu reyniber og fræin inni í þeim og við töluðum um þátt garðfuglanna í að fjölga trjánunum. Börnin plöntuðu svo einum túlípanalauk hvert og pössuðu upp á að laukarnir sneru rétt áður en þau „breiddu yfir“ laukana með mold svo þeir hefðu það nú gott í vetrardvalanum. Að vori mættu nemendurnir aftur í heimsókn og skoðuðu árangur ræktunarinnar. Sumir laukanna döfnuðu vel á meðan aðrir höfðu orðið fyrir

smávægilegum skakkaföllum. Við veltum fyrir okkur hlutum á borð við hvers vegna sumir túlípananna væru skaddaðir, braut einhver kannski reglur safnsins og labbaði í blómabeðunum sem hafði þessi áhrif?

Ber þetta árangur?

Söfn eins og Grasagarður Reykjavíkur sem eru rekin undir berum himni, með lifandi safnkosti og eru öllum opin alla daga ársins, eru sérlega viðkvæm fyrir skemmdum og ágangi safngesta sem gera sér kannski ekki fyllilega grein fyrir því að þeir eru staddir í safni. Í Grasagarðinum er meirihluti safngripanna ræktaður upp af fræi og getur eitt ógætilegt skref eyðilagt margra ára vinnu og drepíð safngrip sem tók kannski sjö ár að fá til að spíra, og þá eru ótalin árin í uppeldi eftir spírun, áður en plantan er færð í safndeild.

Fræðsluverkefni eins og *Sofnað að hausti – vaknað að vori* veita okkur tækifæri til að þjálfa unga safngesti

í að umgangast hinn viðkvæma safnkost Grasagarðsins á réttan hátt. Börnin eru svo sendiherrar safnsins sem þjálfa jafnvel aðra fjölskyldumeðlimi í hvernig maður eigi að hegða sér á safni undir berum himni sem er aldrei læst. Þannig eykst áhuginn á starfssviði safnsins og næmnin fyrir mikilvægi þess að allir þurfi að vinna saman í því að passa upp á safngripina.

Mikilvægasti ávinningur fræðsluverkefna á borð við þau sem eru í boði í Grasagarðinum er þó tvímælalaust sá að auka umhverfisvitund almennt og tilfinninguna fyrir nærumhverfinu. Því er oft haldið fram að á meðan börn í dag þekki mörghundruð vörumerki þekki þau aðeins örfáar plöntur með nafni. Það er alveg ljóst að plöntur eru nauðsynlegar fyrir tilvist okkar en hvernig á maður að vilja vernda og varðveita eitthvað sem maður þekkir ekki? Það er því afar ánægjulegt að rekast á unga þátttakendur fræðsluverkefna á vegum safnsins með foreldrum sínum í Grasagarðinum þar sem börnin ráða ferðinni. Börnin eru að sýna foreldrunum afrakstur ræktunarinnar og leita jafnvel uppi starfsfólk garðsins við leit að ákveðnum plöntum sem þau hafa fræðst um. Virðing og skilningur á náttúrunni er nauðsynlegur fyrir framtíð lífs á jörðinni og ungir og vel uppfræddir ræktendur eru ákaflega mikilvægur hlekkur í því samhengi.

Björk Þorleifsdóttir,
verkefnastjóri fræðslu

Safnfræðsla í Þjóðminjasafni Íslands veturinn 2019–2020

Döff fjölskylduleiðsögn á sunnudegi

Alþjóðleg baráttuvika Döff 2019 var 21. til 29. september. Að frumkvæði safnkennara tók Þjóðminjasafn Íslands þátt í þessari viku og bauð upp á döff fjölskylduleiðsögn um grunnsýningu safnsins *Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár*. Var sú leið valin að fá táknmálstúlk til að vera með leiðsögn einungis á táknmáli. Þannig voru döff gestirnir settir í fyrsta sæti í stað þess að tal væri túlkað fyrir þau. Safnkennarar fengu táknmálstúlkinn um handrit að leiðsögn fyrir börn og hittu hana einu sinni á sýningunni til undirbúnings. Það mættu 13 börn og 15 fullorðnir á þennan viðburð. Fylgdi safnkennari hópnum og var til staðar ef upp komu spurningar um sýninguna sem táknmálstúlkur gat ekki svarað. Það að leiðsögnin fór einungis fram á táknmáli ýtti undir skemmtilega stemmingu í hópnum enda var leiðsögnin þannig algjörlega þeirra. Safnkennarinn varð að eins konar aukastærð og skildi ekki það sem fram fór en sá um leið áhugann og ákafann skína úr andlitum og táknmáli gesta. Var þetta mjög skemmtilegur viðburður og er þetta eitthvað sem vonandi er komið til að vera.

Leiðsögn fyrir blind eða sjónskert börn, fjölskyldustund á sunnudegi

Í mars sl. buðu safnkennarar Þjóðminjasafnsins blindum eða sjónskertum börnum og ungmen-

um og fjölskyldum þeirra að heim-sækja grunnsýningu safnsins með leiðsögn sem sniðin var að þeirra þörfum. Var ýmsum brögðum beitt til þess að draga fram efni sýningarinnar án þess að reiða sig á sjónina. Snertigripir af fjölbreyttum toga gegndu lykilhlutverki en einnig gafst gestunum tækifæri til að þreifa á raunverulegum sýningargripum með hanskaklæddum höndum. Safnkennarar gáfu stærð knarrar til kynna með hljóði úr stefni og skut, baðstofuna var hægt að ganga í kringum og þannig átta sig á stærð hennar. Rímur og munkasöngur sem óma á viðeigandi stöðum í sýningunni gáfu réttu stemmninguna. Gafst leiðsögnin vel og er fullt tilefni til að bjóða hana árlega.

Hittumst í Þjóðminjasafninu – dagskrá fyrir Alzheimer sjúklinga

Hittumst í Þjóðminjasafninu, verkefni sem innleitt var í Þjóðminjasafninu 2018 undir handleiðslu Halldóru Arnardóttur, listfræðings, hélt áfram með nýju sniði frá og með hausti 2019. Markmiðið með verkefninu er að veita Alzheimersjúklingum innihaldsríka og gefandi stund innan um safngripi á sýningum og bæta þannig líðan þeirra og geð. Í kjölfar fundar um þetta verkefni sl. haust, með m.a. safnfræðslusérfræðingum fjögurra safna í Reykjavík sem þátt taka í verkefninu, var ákveðið að söfnin fjögur hefðu með sér samvinnu um dagskrána. Söfnin eru,

auk Þjóðminjasafnsins, Borgarsögu-safn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands. Lykilatriði í samvinnunni er að öllum dagþjálfunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu var boðið að taka þátt, en ekki aðeins einstökum stofnunum eins og áður var. Það sýndi sig að allar vildu þær njóta góðs af þessari dagskrá og er það til mikilla bóta að geta nú boðið öllum stofnunum að senda sína skjólstæðinga í uppbyggjandi heimsókn á söfnin. Halldóra setti upp miðlæga dagskráráætlun og skv. henni tók hvert safn á móti tveimur hópum á mánuði yfir vetrarmánuðina og fékk skjólstæðinga allra stofnananna í heimsókn. Þetta starf hefur verið í mótun undanfarin ár á söfnunum sem taka þátt í því og mun eflaust þróast áfram. Engin vafi er á því að það er styrkur fyrir söfnin að vera í þessu verkefni sem teymi. Þannig hafa safnfræðslusérfræðingarnir stuðning hver af öðrum og skjólstæðingarnir njóta fjölbreytts safnkosts og fræðslu.

Nýjar miðlunarleiðir í kóvíð-lokun

Þegar Þjóðminjasafninu, eins og öðrum söfnum, var gert að loka sýningarsölum í vor lagðist starfsfólk safnfræðslu, munasafns, kynningarmála og ljósmyndasafns á eitt við að miðla fjölbreyttu efni í gegnum vefsíðu safnsins. Einnig voru samfélagsmiðlar safnsins virkjaðir á nýjan máta og í huga undirritaðra ber þar hæst beina útsendingu á Facebook á



ratleik í gegnum grunnsýninguna. Safnkennarar klæddu sig upp í þjóðlega búninga og leiddu ratleikinn Á þeysireið um Þjóðminjasafnið og spjölluðu saman og við áhorfendur um efni hans. Mikil stemmning myndaðist í kringum útsendinguna hjá starfsfólki sýningagæslu og fleirum sem þróaðist út í það að þau öll klæddu sig líka í búninga og þróuðu hvert um sig karakter sem lék þögn en áhrifamikið hlutverk í útsendingunni. Ratleikurinn er síðan aðgengilegur í gegnum heimasíðu, á Facebook og YouTube rás safnsins.

Á meðan heimsóknir skóla lágu niðri buðu safnkennarar kennurum í heimsókn með nemendur sína í gegnum beint streymi á Teams. Undirtektir voru dræmar en þó þáði einn árgangur grunnskóla nokkurs slíka fjarheimsókn og nutu þá þrír

bekkir fræðslunnar í einu, hver í sinni skólastofu. Reynsln af þessari tilraun var góð og finnst okkur full ástæða til að bjóða fjarheimsóknir í safnið áfram.

Samferða í söfnin

Í sumar buðum við gestum margs konar leiðir til að upplifa sýningar safnsins og sögu þjóðarinnar. Börn og fjölskyldur voru sérstaklega boðin velkomin í safnið með fjölbreyttri dagskrá undir handleiðslu safnkennara. Dagskráin fór fram á þriðjudögum, miðvikudögum og föstudögum í níu vikur samfleytt. Þriðjudagar í Safnahúsinu voru undir þemanu *Ímyndun eða veruleiki? Þjóðsögur, kynjaskepnur, goðsögur*. Saman þræddu safnkennarar og gestir hluta sýningarinnar *Sjónarhorn* og kynntust sögunum á bak við sýningar-munina. Á miðvikudögum kallaðist

dagskráliðurinn *Morgunstund gefur gull í mund* og fól í sér að eiga rólega morgunstund, kynnst nánar ólíkum tímahólfum í grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, læra á sýninguna og þá leyndardóma sem þar er að finna. Á föstudögum fór dagskráin fram í *Stofu* (sjá hér að neðan). Ýmist voru dregnir fram safnkassar eða haldnar smiðjur. Safnkassarnir innihalda mismunandi þematengda hluti frá fyrri tíð. Kíkt var í kassana og innihald þeirra tengt við grunnsýningu Þjóðminjasafnsins og þær sérsýningar sem standa yfir.

Til að höfða til fleiri aldurshópa var boðið upp á örleiðsagnir í fyrsta sinn í Þjóðminjasafninu í sumar. Þær tóku rúmlega 20 mínútur og var grunnsýningin *Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár* skoðuð út frá mismunandi þemum. Þau voru



Lög og regla – glæpur og refsing, Trúin í aldanna rás, Hamfarir og drepsóttir og svo vinsælasta leiðsögnin Draugar, huldufólk, hjátrú og galdrar. Þessar leiðsagnir voru vel sóttar og gaman að bjóða gestum upp á þessa nýjung.

Stofa

Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu er unnið að mótun *Stofu* sem er spennandi aðstaða fyrir börn, nemendur og fjölskyldur. Mennta- og menningarmálaráðherra opnaði formlega fyrsta áfanga *Stofu* 17. júní 2019. Nafnið var valið með tilvísun í baðstofur fyrri alda, rannsóknarstofu, kennslustofu og stofur heimila. Með hinni nýju aðstöðu er aðgengi yngstu gesta safnsins að menningararfinum bætt með aukið menningarlæsi að leiðarljósi.

Stofa er staðsett í miðbiki grunnsýningarinnar, í opnu rými og á leið allra. Tengist það aukinni áherslu á barnamenningu og áherslu á yngstu safngestina. Það er mikilvægt að gera söfn að áfangastað fyrir fjölskyldur þar sem börnum finnst þau velkomin og þar sem afþreying er fræðandi og skemmtileg í senn.

Í *Stofu* eru skápar og skúffur með gripaheildum úr Þjóðminjasafninu. Þar er *Bæjarhóllinn*, sérhönnuð set- og leikaðstaða. Þar má leika sér með bú, lita, teikna, herma eftir höfðaletri og öðrum útskurðarmunstrum, máta búninga, handfjatla snertigripi, skoða stereóskópmyndir í þrívíddarkíki, svo eitthvað sé nefnt. Í bígerð er leikur á gólfi sem tengir við safngripina í *Stofu* og á grunnsýningu í gegnum leik- og fræðslu.

Honum er ætlað að mæta hreyfiþörf barna og leikgleði. Jafnframt er áhugi á að innleiða nýja mörkun fyrir barnastarf Þjóðminjasafnsins sem fælist í gestgjöfum barnanna í líki fugls og dreka sem ættu þá heimilisfesti í *Stofu*.

Hrafnhildur Eyjólfssdóttir,
safnfræðslufulltrúi
Jóhanna Bergmann, safnkennari

Tilnefning til Íslensku safnaverðlaunanna 2020



reddot winner 2019
best of the best

Velkomin í Perluna!



NÁTTÚRU
MINJASAFN
ÍSLANDS

Icelandic
Museum
of Natural
History

VATNIÐ

Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
WATER IN ICELANDIC NATURE



Hafnarborg

Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar

Opið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
Iceland



www.hafnarborg.is
(354) 585 5790



Á Sturlungaslóðum í Skagafirði

Rýni á tvær sýningar

Sturlungaöld er sögu svið tveggja sýninga sem nýverið opnuðu í Skagafirði. Á annarri þeirra er fjallað um Sturlungaslóðir með sýndarveruleikataækni, en á hinn er greint frá Sturlungaöld með augum myndlistarlistamanna og sögumanns.

Á Sauðárkróki er sýningin 1238, *Baráttan um Ísland* þar sem Örlygsstaðabardagi er í forgrunni. Tilkoma sýningarinnar hefur ekki verið átakalaus og aðkoma sveitarfélagsins Skagafjarðar að henni hefur verið pólitískt bitbein. Mikið hefur verið lagt undir enda sýningin ekki síst hugsuð sem liður í baráttu „um túristann á Íslandi.“ Hún er því hrein og bein markaðsaðgerð fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð og, hugsuð sem eitthvað nægilega dramatískt, stórt og tilþrífamikið til þess að fanga athygli ferðamanna, fá þá til að beygja af leið inn í Skagafjörð eða ferðast sérstaklega norður í þeim tilgangi einum að berja sýninguna augum eins og segir á vef eigenda sýningarinnar hn.is.

Væntingar mínar voru nokkuð miklar miðað við áherslur í markaðssetningu sýningarinnar, sem segir sýninguna gera meira en hefðbundnar sýningar og söguöfn. Það kom því á óvart hversu hefðbundin sýningin er í raun og veru þrátt fyrir tölvuleikjatofrabrögð, sem eru vel gerð enda þungamiðja sýningarinnar.



1238, Baráttan um Ísland.

Á sýningunni 1238, *Baráttan um Ísland* fær sýningargesturinn tækifæri til að ganga til liðs við Sturlu í Örlygsstaðabardaga, bókstaflega að stíga inn í sögu Sturlungaaldar og taka þátt í átakamestu atburðum Íslandssögunnar, eins og segir á heimasíðu sýningarinnar. Bardaginn er sviðsettur í gegnum sýndarveruleika og er gesturinn staðsettur innan varnarmúrs, vopnaður grjóti og spjótum, og tekur virkan þátt í orrustunni eftir upplýsingar sögumanns sýndarveruleikans um hlutverkið í bardaganum. En nú er ég kominn ögn fram úr mér því sýningin byrjar hvorki né endar í sýndarveruleikanum. Hún byrjar í sýningarsölum þar sem sögu sviðið

er búið til. Þar er sagt frá Sturlungu í stuttu máli með teikningum og myndum. Gripir og búningar eru svo látnir búa til tilfinningu um líf fólks á Sturlungaöld. Þar er stuðst við hefðbundnar aðferðir til að koma upplýsingum á framfæri.

Viðbótarveruleikataækni hefur ekki verið nýtt í sýningum á Íslandi, að því ég best veit. Í sýningunni er hún notaður til að gefa gestinum tækifæri á að taka þátt í Flóabardaga með því að nota spjaldból sem haldið er yfir leikjaborði. Þessi tilraun gengur því miður ekki upp því það er töluvert erfitt að spila leikinn. Skipin láta illa að stjórn og enduðu stundum upp á fjalli og grjótið

flaug ekki á milli skipa. Ég og aðrir gestir stöldruðum stutt við annars flott borð. En ég er víst miðaldra. Hins vegar voru krakkarnir og aðrir sem voru við borðið ekki miðaldra og gekk jafn illa að fá tækin til að virka. Já og þannig var það líka í annað skipti sem ég fór á sýninguna. Nema að þá tókst mér ekki að draga neinn af ferðafélögunum með mér af veitingastaðnum á sýningunni (sem er dálítið góður). En hugmyndin að Flóabardaga er áhugaverð og verður vonandi þróuð áfram. Það væri samt snjallt að segja aðeins frá hinum raunverulega Flóabardaga í tengslum við leikinn. Enginn af þeim sem voru við borðið, í hvorugt skiptið, vissi nokkuð um Flóabardaga eða um hvað þetta snerist nú allt annað en að kasta grjóti í hitt liðið.

Það er vel þekkt kennsluaðferð að læra í gegnum leik og hér eru svo sannarlega tækifæri til þess sem eru vannaýtt. Vissulega nær sýningin að gera meira en hefðbundnari sýningar enda greinilega verið úr meiru að móða en söfn og sýningar hafa öllu jafna að spila úr. En sýningin er ekki „allt um liggjandi...“ eins og hamrað er á í markaðskynningum eða færir gestinn „mun nær sögulegum stóratburðum en hefðbundnar fræðslusýningar...“ Þetta gerir sýningin að takmörkuðu leiti en styðst að miklu leiti við hefðbundna spjaldasýningu þó framsetningin sé falleg á svörtum plast bakgrunni. Textinn er mikill, enda sagan stór og reynt að setja upp söguvið bardagans. Lítið er nýtt í þeirri framsetningu og textinn dálítið gamaldags og þjóðernislegur rembingur í honum. Það hefði verið skemmtilegt að sjá svona tæknivædda sýningu gera annað en setja texta á vegg jafnvel þótt hann sé hringlaga. Í miðju salarins er 360°skjár sérstaklega fluttur inn fyrir þessa sýningu. Þar bjóst ég við flugeldasýningu í framsetningu því eitthvað hefur sér

innfluttur skjárinn kostað. Það voru hins vegar vonbrigði að bregða sér inn í hringinn og sjá ofurvenjulega textasýningu um Snorra Sturluson. Ok maður fær ekki allt! En kannski er markaðssetningin að bera sögu-efnið og sýninguna ofurliði.

Í Skagafirði hafa farið fram um áratugaskeið umfangsmiklar alþjóðlegar fornleifarannsóknir. Hefði ekki verið tilvalið að tvinna þær rannsóknir og upplýsingar um Skagafjörð á miðöldum inn í sýninguna? Hægt hefði verið að nýta þann slagkraft sem var í að koma upp þessari sýningu til að búa til kjarnbetri sýningu sem byggir á nýjustu upplýsingum eða var hugmyndin ekki stærri en svo að gera átti tölvuleik og búa til umgjörð utan um hann? Hér hefur farið forgörðum einstakt tækifæri til að tvinna saman rannsóknir og framúrstefnulega miðlun. Það hefði haft alla möguleika á að skjóta sterkum stöðum undir sýninguna og safnastarfið í Skagafirði.

Eitt af því sem ég og samferðafólk mitt velti fyrir sér var framsetning á gripum og búningum. Þetta eru allt leikmunir og ekkert að því. Alls ekki. Gripir frá þessum tíma eru fágætir og viðkvæmir og aðeins sýndir við aðstæður sem taka tilliti til varðveislusjónarmiða. Það er því afar snjallt af sýningarhöfundum að verða sér úti um leikmuni sem þessa. Þarna gefst tækifæri sem söfnum gefast alla jafna ekki, að uppfylla snertipörf gesta. Þetta er samt ekki óþekkt á íslenskum söfnum t.d. er Þjóðminjasafnið með hringabrynju, sverð og fleira sem hægt er að snerta og prófa. Leikmunir hafa það umfram safngripi að þeim er hægt að skipta út og fá nýja eða senda í hreinsun. Í sýningunni 1238 er leikmununum hins vegar komið fyrir eins og um safngrip sé að ræða í veglegum sýningarskápum. Með þessu fá leikmunirnir meira gildi,



1238, Baráttan um Ísland.

þó það komi skýrt fram í texta að ekki sé um eiginlega safngripi að ræða. En þá spyr maður sig hvort það sé ekki óþarft að búa til fjarlægð milli gesta og sýningargripa? Hefði ekki verið skemmtilegra og meiri upplifun að leyfa gestum að snerta og skoða í meiri nálægð? Með framsetningunni á búningum og gripum er verið að búa til safnalega upplifun, sem þó er það sem sýningin ætlar sér að forðast.

En þá aftur að sýndarveruleikanum, þungamiðju sýningarinnar. Þegar til kastanna kom, bókstaflega, var upplifunin skammvinn og yfirborðskennd. Í fyrsta sinn sem ég heimsótti sýninguna fannst mér skemmtilegt að henda grjóti og spjóti í andstæðingana. Það er gaman að prófa sýndarveruleika. Áhuginn dvínaði þó hratt á grjót-kasti en var þess meiri á að skoða sig um í bardaganum. Kannski hefði verið hægt að bjóða gestinum upp á að velja á milli grjót-kasts eða fá að vera fluga á vegg. Fylgjast með undirbúningi andstæðra fylkinga og framgangi orustunnar. Fá jafnvel að vita meira um hvernig þetta gerðist nú allt þarna 1238.

Rétt áður en Kófið skall á var ég í Amsterdam þar sem ég skoðaði

sýningu Sjóminjasafns Amsterdam. Inni í einum sýningargripnum, eftirgerð af kaupskipi frá 1749, er sýndarveruleiki notaður til að sýna umhverfi hafnarinnar á tíma skipsins. Þetta er greinilega sýning sem er komin til ára sinna en bætir samt heilmiklu við í þeirri sögu sem sögð er í skipinu. Í sýndarveruleikanum flýgur þú yfir höfnina og sérð umhverfi hennar á tíma skipsins og færð um leið sögu þess og lífinu við höfnina. Flugðið yfir höfnina í Amsterdam var álíka langt og sýndarveruleikinn í Skagafirði en skilur eftir sig meiri upplifun þó þetta hafi verið ógagnvirk sýning. Hverju bætir sýndarveruleikinn við í sýningunni 1238?

Sýningin býður einmitt upp á svo marga möguleika á að gera óhefðbundna hluti en kannski var hugmyndin ekki dýpri en raun ber vitni. Hvers vegna ekki að fara alla leið?

Láta gestinn fá að velja sér lið í bardaganum, jafnvel strax frá upphafi í miðasölunni með því að merkja sig í hvoru liðinu hann ætlar að vera. Segja honum þá frá liðinu sem hann er í, persónum og leikendum. Leyfa honum/henni að skoða og prófa hluti sem hans persóna myndi hafa notað. Taka af sér mynd og allur sá pakki. Boðið er reyndar upp á myndatöku af gestum í sýningunni og var mjög vinsælt, eins og það er alltaf. Kannski er hið raunverulega og áþreifanlegra mesta og besta upplifunin og sú sem til framtíðar gestir sækjast meira eftir. Nóg er af skjám í hversdagsleikanum.

Hugmyndin er í grunninn spennandi og skemmtileg. Að stíga aftur í tímann og taka þátt í sögulegum atburðum er frumleg nálgun. Það er augljóslega búið að verja miklum upphæðum í húsnæði og sýningu. Að koma sýningu á laggirnar er bara hálfur sigur og fyrir sýndarveruleikasýningu hlýtur

það að vera mikilvægt til framtíðar að endurnýja innihald tölvuleiksins með reglubundnum hætti til að halda í við framþróun í tölvuleikjageiranum. Það er af þessum sökum sem fá íslensk söfn hafa haldið inn á lendur staf-rænnar miðlunar sem þessarar enda sjaldnast til fjármunir til að endurnýja tæknivæddar sýningar nema á áratuga fresti. Í heimi tölvuleikja er áratugur sem þúsund ár. Leikir eins og sýningin býður upp á úreldest hratt, jafnvel hraðar en „hefðbundnar“ sýningar.

Annars staðar í Skagafirði, í Kringlumýri, er einnig sýning um sögusvið Sturlungu, þar sem sögð er saga Þórðar Kakala og Haugsnesbardaga í og við Kakalaskála. Hugmyndin er sett fram á einfaldari og minna tæknivæddan hátt en á sýningunni 1238 á Sauðárkróki.

Sýningin er hugarfóstur Sigurðar Hansen, sem ásamt eiginkonu sinni,



Tónlistarbærinn Akureyri

Opið daglega:

kl. 10-17 1. júní til 31. september / kl. 13-16 1. október til 31. maí



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
Allt árið 2020
 Minjasafnið á Akureyri
 Nonnahús
 Leikfangahúsið
 Davíðshús
 Gamli bærinn Laufás
 10% Afsláttur í safnbúð / 10% Discount in the Museum Shop
 Eigandi korts:



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
 AKUREYRI MUSEUM

Aðeins kr 2.200

Aðalstræti 58, Akureyri • Sími 462 4162 minjasafnid.is

Maríu Guðmundsdóttur, er eigandi Kakalaskála. Ástríða Sigurðar gagnvart verkefninu skín í gegn en hann hefur unnið að því frá 2008. Ýmsir úr fjölskyldu og vinahópi Sigurðar og Maríu hafa lagt hönd á plóginn og gera enn. Hluti sýningarinnar er utanhúss þar sem Sigurður hefur sett upp umfangsmikið útilistaverk úr grjóti þar sem dregin er upp „stillimynd af sviðinu að morgni 19. apríl 1246, augnabliki áður en herfylkingunum lýstur saman í orrustu. “Sérvaldir steinar túlka þá sem helst koma við sögu og hafa verið festir litlir járnkrossar á 111 steina til marks um þá sem létu lífið í bardaganum sjálfum.“ Eins og segir á kakalaskali.is.

Verkið er tilkomumikið og Sigurður dregur ekki dul á að þetta er hans sýn á atburðina, þó hann hafi nýtt sér rannsóknir að einhverju marki. Raunar hefur hann verið í samvinnu við Árnastofnun og Háskóla Íslands og haldið reglulega málþing um Sturlungu.

Í Kakalaskála er boðið upp á myndskreytta hljóðleiðsögn! Þetta hljómar eins og þversögn en þetta raunverulega virkar. Hér stígur sögu- maðurinn Sigurður fram á sviðið en þó ekki. Því þó hann hafi sett saman sína Þórðar sögu Kakala þá er það rödd Sturlungu sem hana les. Einar Kárason rithöfundur er eiginlega Sturla Sighvatsson þegar hann les textann. Og myndskreytingarnar? Þar nálgadist Sigurður verkefnið á óvenjulegan hátt. Í samstarfi við Jón Adólf Steinólfsson, myndhöggv- ara, bauð hann alþjóðlegum hópi listamanna til listamannabúða í Kakalaskála. Hópurinn gerði svo afar fjölbreytt listaverk sem myndskreyta hljóðleiðsögnina. Úr hópi 80 umsækj- enda voru valdir 14 listamenn frá 10 þjóðlöndum sem gerðu fjölbreytt listaverk út frá sögubrotum Sigurðar.

Hljóðleiðsögnin leiðir gesti um söguna en fyrir augun ber 30 lista- verk og enn og aftur er það grjótið sem tengir þessar tvær sýningar sitt-

hvoru megin í Skagafirði. Í Kakala- skála er umgjörð sýningarinnar fallega hlaðnir veggir.

Myndskreytta hljóðleiðsögnin í Kakalaskála gengur fullkomlega upp. Listaverkin eru misgóð og spennandi, eins og gengur. Vissu- lega reynir á athyglisbrest nútíma- gestsins að hlusta í 30 mínútur en einhvern veginn virkar þetta og heldur gestinum hugföngnum. Það átti bæði við leiðsögn fyrir börn og fullorðna. Það er ekki síst ólík sýn og nálgun listafólks frá Jórdaníu, Bandaríkjunum, Tyrklandi, Hvíta Rússlandi og ýmsum Evrópuríkjum á íslenskan menningararf sem gerir sýninguna. Eða er íslenskur sagna- arfur ekki alveg eins alþjóðlegur? Svo er það ástríða sögumannsins Sigurðar sem verður áþreifanleg í sýningunni.

Augljóslega hafa sýningarnar haft úr mismiklum fjármunum að spila en þegar til kastanna kemur þá breytir það ekki upplifun þess sem þetta ritar að af sýningunni í Kakalaskál- anum var raunverulegri.

En hvað finnst þér í raun og veru?

Í upphafi skyldi endi skoða. Þegar ég tók að mér að skrifa um þessar sýningar hugsaði ég með mér hvort ég gæti verið hlutlaus í svona rýni. Ef það er þá til hlutlaus rýni! Hins vegar er það þetta pólitíska bitbein, sem minnst var á í upphafi greinar- innar, sem sat á öxlinni á mér, það er nefnilega líka safnapólitískt. Get ég skrifað grein eins og þessa og ver- ið sanngjarn? Ég hef svo sannarlega leitast við að vera það gagnvart báð- um sýningum en sérstaklega gagn- vart sýningunni 1238. Af hverju?

Sýningin er í húsnæði sem sveitar- félagið Skagafjörður tók í skiptum fyrir húsnæði Byggðasafns Skag- firðinga. Sveitarfélagið skipti hins vegar um hest í miðri á og gerði húsið upp til að koma þar inn sýn- ingunni 1238. Pólitíska bitbeinið snýr sem sagt að því annars vegar að



Frá Kakalaskála.

sveitarfélagið leggur félaginu sem á sýninguna til húsnæði til 15 ára sem annars hafði verið ætlað Byggðasafni Skagfirðinga, ekki að það hafi átt að færa torfbæinn úr Glaumbæ, heldur sýningar safnsins á Sauðárkróki og vinnuadstöðu starfsfólks. Einnig leggur sveitarfélagið til starfsfólk sýningarinnar ef ég hef skilið þetta rétt. Vonandi leggur þetta ekki stein í framtíðargötu byggðasafns- ins. Af þessum sökum vonaði ég að sýningin 1238 yrði flugeldasýning. Flugeldasýning sem réttlætti þessa markaðssókn sveitarfélags og aug- lýsingastofu til að ná í ferðafólk inn í Skagafjörð. Reyndar finnst mér alltaf fullt af bílum, rútum og fólki í Glaumbæ, en það má alltaf blómum á sig bæta. Á mig leitar samt spurn- ingin hvort ekki hefði verið hægt að gera það í samvinnu við Byggðasafn Skagfirðinga?

Sýningin 1238 var ekki flugelda- sýning, ekki heldur ömurleg. Hún stendur bara ekki undir markaðs- setningunni. Þegar til kastanna kemur er eitthvað raunverulegra og ferskara við sýninguna í Kakala- skála. Kannski er það vegna þess að þar hefur verið lögð ástríða svo ekki sé minnst á blóð svita og tár á vogar- skálarnar. Það skín í gegn á meðan að markaðshyggjan er undirliggj- andi í sýningunni 1238.

Sköpun bernskunnar



Að skapa vettvang þar sem listaverk barna eru sýnd og borin er virðing fyrir þeim, er hluti af því að viðhalda og styrkja skapandi samfélagi á hverjum tíma. Skapandi samfélag er skemmtilegt samfélag sem þorir að vera í litum og þorir að leika sér. Börn verða fullorðin og þau halda áfram að skapa og læra að njóta lista. Þeim hefur verið gert mögulegt að vera hluti af samfélagi sem lætur sér ekki nægja að einungis vinna, borða og sofa.

Soffía Vagnsdóttir, fyrrverandi fræðslufulltrúi Akureyrarbæjar, 2016.

Sýningin Sköpun bernskunnar hefur verið árviss viðburður á Akureyri síðan árið 2012 og í Listasafninu á Akureyri síðan árið 2015. Þar mætast myndverk og gripir frá leik- og grunnskólum á Akureyri, Leikfangasafninu (Minjasafninu) og myndlistarmönnum sem búið er að taka þátt. Sýningarröðin hefur verið í þróun í gegnum árin hvað varðar skipulag og staðsetningu

Safnasjóður styrkti sýninguna til þriggja ára með nýstofnuðum Öndvegissýr 2020–2022.

Samvinna og markmið

Meginmarkmið sýningarráðarinnar eru fjögur:

1. Að gera list barna (barnamenningu) sýnilega í samtali við list starfandi myndlistarmanna.

2. Að efla safnfræðsluna með nýrri nálgun fyrir leik- og grunnskóla.

3. Að auka þjónustu safnsins við mismunandi markhópa og gera safnið aðlaðandi fyrir þá.

4. Að gera almenning, þ.e. gesti safnsins, meðvitaða um þá sköpun og listfengi sem býr í æskunni (börnum til 16 ára aldurs).

Barnamenning er að verða áþreifanlegri í samfélaginu og þetta er ein leið til að gera hana sýnilegri og efla þannig rödd barna. Frá upphafi hefur verið lögd áhersla á að börn og starfandi myndlistarmenn eigi í listrænu samtali í gegnum myndverk sín á sýningunum.

Eitt af markmiðum með sýningunum er að mynda tengingar; annars vegar á milli þátttakenda, þ.e. barna og starfandi myndlistarmanna, og hins vegar á milli Listasafnsins, þátttakenda og gesta. Þetta er ein leið

í kennslufræði listgreina; að virkja börn með því að láta þau skapa og með þátttöku, upplifa listasafnið. Tilgangurinn með því að hafa gamla muni frá Leikfangasafninu til sýnis er að tengja eldri og yngri; minningar hjá þeim eldri og forvitni hjá þeim yngri. Sýningarnafnið tengist sköpun barna og hinu skapandi barni sem býr innra með þeim eldri. Sýningarnar eru hugsaðar sem skapandi og auðgandi fyrir þátttakendurna og ekki síður gesti á öllum aldri.

Sköpun bernskunnar, afmælisgjöf til Akureyrar á 150 ára afmælinu

Tíldrög sýningarinnar voru þau að sýningarstjórnin, sem í dag er fræðslufulltrúi Listasafnsins, sat í stjórn Myndlistarfélagsins á Akureyri og vildi finna félaginu fjölbreyttari vettvang tengdan myndlist. Sótt var um fjármagn til viðburða í Menningarsjóð Eyþings til að hanna og setja upp sýningu þar sem börn og myndlistarmenn áttu sjálfstætt samspil. Árið 2012 var 150 ára afmæli Akureyrarbæjar og mikið um menningarviðburði tengda afmælinu. Skilyrt var hjá menningarsjóðnum að ekki færri en þrír sjálfstæðir aðilar/menningarstofnanir eða félagssamtök, væru þátttakendur. Verkefnið Sköpun bernskunnar varð því samstarfsverkefni milli Myndlistarfélagsins, Myndlistaskólans

á Akureyri og Leikfangasafnsins, þá í eigu Guðbjargar Ringsted myndlistarmanns. Styrkurinn greiddi útgáfu og hönnun á póstkortum sem nýtt voru til kynningar fyrir þátttakendur, og voru þau gefins til gesta á sýningar-tímanum. Styrkurinn nýttist einnig í að greiða laun fyrirlesara og fyrir auglýsingar. Á þessari fyrstu sýningu voru sýnishorn af gömlum leikföngum frá Leikfangasafninu, myndverk af afmælistertum frá barnanám-skeiðum Myndlistaskólans og verk myndlistarmanna þar sem börn voru viðfangsefnið. Í lok sýningartímans, þegar skólahald var um það bil að hefjast, var í boði fræðsludagskrá um leikfangaframleiðslu fyrri ára í bænum, tengingu myndverkanna við listasöguna og um mikilvægi sköpunar og listar annars vegar í skólum og hins vegar í lífi fólks. Sýningunni var vel tekið ekki síst af kennurum og erlendum ferðamönnum sem lýstu ánægju sinni með hana og þetta form sýningar sem var nýtt fyrir mörgum þeirra.

Sköpun bernskunnar verður árviss í Listasafninu á Akureyri

Árið 2015 var ákveðið að færa sýningarröðina í nýju formi inn í starfsemi Listasafnsins.

Fyrir fyrstu sýninguna voru þátttöku-boð send út til allra leikskóla bæjarins. Þeir sem þáðu boðið fengu senda efnisbúta til að nota í lítil myndverk. Sjö af ellefu leikskólum bæjarins tóku þátt. Allir grunnskólar Akureyrar tóku einnig þátt með verkefni sem myndmenntakennararnir völdu. Ekki var gerð krafa um að verkin væru sérstaklega unnin fyrir sýninguna. Ekkert formlegt þema var í þetta sinn en nokkrir unnu verk út frá leikjum og leikföngum. Tíu myndlistarmenn tóku þátt, allir frá Eyjafirði nema einn frá höfuðborgarsvæðinu. Sextán blaðsíðna litrík sýningarskrá var gefin út og hefur sú hefð haldist þar til í ár þegar Coronavírusinn ruglaði sýningartímanum. Tilgangur-



inn með sýningarskránni er að fanga andrúmsloft sýningarinnar. Hún inniheldur myndir frá opnunardegi og af hluta þeirra myndverka sem sýnd eru. Sýningarskráin hefur verið gefin út eftir opnunina og er ókeypis. Styrkur frá Norðurorku hefur borið hluta kostnaðarins.

Á fyrstu sýningunni sem sett var upp í Ketilhúsinu, var framinn gjörningur myndlistarmannsins Þóru Sólveigar Bergsteinsdóttur, með aðstoð eiginmanns hennar Erwin van der

Werve myndlistarmanns og barna þeirra, sem var hluti af Listahátíð í Reykjavík. Sömu myndlistarmenn voru svo með barnanámsskeið og voru verk frá námskeiðinu sýnd árið eftir sem hluti sýningarinnar 2016.

Sýningin tók breytingum árið 2016 þegar farið var að greiða myndlistarmönnum örlitla þóknun sem nokkurskonar þátttökugjald.

Þá var þátttakendum úr röðum myndlistarfólks fækkað úr tíu í fjóra.



Námskeið voru lögð af og sömuleiðis varð ekki frekara samstarf við Listahátíð í Reykjavík. Árið 2017 var byrjað að hafa nokkuð ákveðið þema fyrir skólana, og myndlistin valin samkvæmt því. Þemað það árið var *fjaran* en nokkrir þátttakenda notuðu hafið eða vatn enda þemað sveigjanlegt og einungis hugsað sem einhvers konar utanumhald.

Þáttaskil í fræðslustarfsemi Listasafnsins

Sýningarröðin hefur átt sinn samastað í Ketilhúsinu / sal 11 eftir að Listasafnið tók við henni. Húsið er hentugt fyrir þessa tegund sýningar þar sem hægt er að skoða stærri sal þess bæði frá gólfi og af efri hæðinni, nokkuð sem börnunum finnst merkilegt.

Árið 2018 var farið að greiða starfandi myndlistarmönnum samkvæmt gjaldskrá og hækkaði þóknunin mikið frá því sem áður var. Í framhaldi af því var ákveðið að hafa tvo myndlistarmenn í stað fjögurra; karl og konu, annan frá suðvesturhorninu og hinn úr heimabyggð. Þemað það árið var *tröll* og vakti risastórt veggmálverk

Siggu Bjargar Sigurðardóttur, annars myndlistarmannsins, á vegg Ketilhússins / salar 11, mikla lukku. Eftir endurgerð og stækkun Listasafnsins það ár þurfti að hafa Ketilhúsið tilbúið til útleigu fyrir samkomur og því ekki hægt að vera með verk á gólfi. Það gildi þó ekki um efri hæð Ketilhússins og voru því minni gólfverk sýnd þar.

Nokkrar breytingar urðu enn á skipulagi sýningarinnar árið 2019. Þá var í fyrsta skipti haldin listsmiðja á opnuninni og var Jónborg Sigurðardóttir (Jonna) myndlistarmaður, fengin til að sjá um hana í sjálfru sýningarrýminu. Borð og stólar voru sett upp fyrir sýningargesti til að skapa myndverk inni í salnum meðan á sýningunni stóð. Þema sýningarinnar var *heimurinn-geimurinn* og mál þróuðust þannig að í nýju tengibyggingunni var sett upp einkasýning annars myndlistarmannsins, Kristins E. Hrafnssonar og hinn, Rósa Kristín Júlíusdóttir, sýndi verk á efri hæð. Leikfangasafnið var ekki með að þessu sinni vegna breytinga á eignarhaldi. Einum leikskóla í stað

tveggja hafði verið boðin þátttaka með 25 fimm ára börnum. Listasafnið tók að sér umsjón með sköpunarvinnu þeirra og í fyrsta sinn var starfandi myndlistarmaður, Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, að leiðsegja börnunum. Fram að þessu höfðu listamenn og börn ekki unnið saman að sköpun fyrir sýninguna. En verk þeirra einungis verið sýnd saman. Listasafnið fékk eigið kennslurými eftir breytingarnar á húsnæðinu og mun eftirleidis sjá um listsköpun fimm ára barna úr völdum leikskólum í verkefnum sem tengjast Sköpun bernskunnar.

Öndvegisstyrkur Safnaráðs til þriggja ára

Árið 2020 kom Leikfangasafnið aftur inn sem þátttakandi nú í umsjón Minjasafnsins á Akureyri. Þemað það árið var *hús-heimili-skjól* með undirpemanu hamfarahlýnun eða hlýnun jarðar.

Kanadísku myndlistarmennirnir Natalie Lavoie og Steve Nicoll dvöldu í gestavinnustofu Gilfélagsins í Listagilinu árið 2018. Þau unnu verkefni



út frá hamfarahlýnun jarðar og sýndu afraksturinn í Deigluinni. Á sýningunni voru lítil líkön af völdum neyðarskýlum á Íslandi og hnit svo hægt væri að finna staðsetningu þeirra á Internetinu. Þau héldu fyrirlestur í Listasafninu og ræddu loftslagsbreytingar ásamt því að Natalie sýndi ljósmyndir af verkum sínum. Áður en þau fóru gáfu þau safnfræðslunni í Listasafninu líkönin og voru nokkur þeirra með á sýningunni.

Í ár var sýningin Sköpun bernskunnar aftur komin í allt Ketilhúsið. Tveir myndlistarmenn voru fengnir til að halda smiðjur fyrir fimm ára leikskólabörn í safnfræðslurými Listasafnsins og var annar myndlistarmannanna þátttakandi í sýningunni. Hinn myndlistarmaðurinn, Jóborg Sigurðardóttir (Jonna) skapaði verk sem var einskonar skjól, úr pappa-líkömum barna. Árlega er áætlað að þrír grunnskólar taki þátt. Í ár var ekki gefin út sýningarskrá því sýningin hafði verið uppi í viku þegar safninu var lokað vegna Covid-19 faraldursins. Nýlunda í ár var að fá Kristínu Dýrfjörð lektor við Háskól-

ann á Akureyri til að halda fyrirlestur um sköpun leikskólabarna. Áætlað er að hafa tvo fyrirlestra á ári tengda list / sköpun / safnfræðslu barna á hverri önn í tengslum við sýninguna.

Þetta fyrirkomulag mun halda áfram næstu tvö árin þ.e. að myndlistarmaður í Eyjafirði sér um smiðju tengda eigin verkum fyrir helming barnanna sem taka þátt. Hinn helmingurinn fær smiðju frá öðrum myndlistarmanni á svæðinu sem tengir það við list listamannsins sem kemur að sunnan. Í ár var ekki haldin listasmiðja fyrir börn í tengslum við opnun sýningarinnar en hins vegar var hægt að teikna og skapa í miðju sýningarrýminu allt sýningartímabilið. Í sýningarrýminu var staðsett leikfangahús og leikföng frá Minjasafninu og máttu börnin leika sér þar. Börnin kunnu vel að meta bæði leik- og teikniaðstöðuna. Áfram verða gefnar sýningarskrár sem og veglegt bókverk árið 2022, sem yfirlit fyrir sýningaröðina. Listasmiðjum verður fjölgað þegar t.d. barnamenningshátíð kemur inn í sýningartímabilið. Þemað 2021 er *gróður jarðar* og 2022 er það *fuglar og önnur dýr*.


Árið 2017 var Sköpun bernskunnar valin til þátttöku í Menningarlandinu – ráðstefnu um barnamenningu, sem haldin var á vegum Menntamálaráðuneytisins á Dalvík.

Lokaorð

Sýningarverkefnið *Sköpun bernskunnar* er fræðsluverkefni sem annars vegar hefur þróast í fast form en er hins vegar opið fyrir margskonar breytingum. Mikilvægur þáttur er þó að halda sýningunum lifandi og að þær hafi ótvírætt listrænt gildi sem hæfir listasafni. Því er mikilvægt að metnaðarfullir, starfandi myndlistarmenn taki þátt, sem og Leikfangasafnið (nú Minjasafnið á Akureyri) ásamt því að verk barnanna séu í jafnvægi við aðra þætti sýningarinnar, sett fram þeim til gagns og ánægju. Tilgangurinn er að gera myndverkum barna hátt undir höfði en ekki að ofhlaða í krafti þátttökufjölda.

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir,
fræðslufulltrúi og sýningarstjóri.

10 mikilvæg atriði varðandi forvörslu menningarminja



Hér má sjá umrætt verk. Myndin til vinstri er af upprunalegu verkinu og myndirnar tvær til hægri eru tvær ólíkar viðgerðatilraunir.

Reglulega berast fréttir utan úr heimi af misheppnuðum viðgerðum sem hafa valdið skemmdum á listaverkum og öðrum menningarminjum. Nýlega komu þær fréttir frá Spáni að þekktu málverki, eftirgerð eftir málarað Murillo, hafi verið mikið breytt í „forvörslumeðferð“ og verkið orðið óþekkjanlegt eftir meðferðina, sem ekki var unnin af forverði. Það virðist því vera að margir þekki ekki til hlutverks forvarða og hversu mikillar færni og þjálfunar það krefst að ráðast í slíkar meðferðir. Í framhaldi af málinu hafa spænskir forverðir, með fagmenntun, krafist strangari reglugerða varðandi það hver má taka að sér forvörslu menningararfsins, til þess að koma í veg fyrir að verk verði eyðilögð eins og í umræddu tilviki.

Hvers vegna var ekki leitað til forvarða í þessu tilfelli? Gæti slíkt atvik gerst á Íslandi? Mikilvægt er að þeir sem sinna forvörslu hafi hlotið tilskilda menntun, til að koma í veg fyrir skaða af þessu tagi. Hér eru nokkur atriði sem safnmenn geta haft í huga þegar staðið er frammi fyrir viðgerðum á grip.

1. Starfsheitið forvörður er ekki lögverndað sem þýðir að hver sem er getur starfað sem slíkur, jafnvel án nokkurrar menntunnar.

2. Forvarsla er frekar ungt fag á Íslandi. Fyrstu íslensku háskólamenntuðu forverðirnir útskrifuðust í lok 9. áratugs síðustu aldar. Áður fyrr var að mestu talað um viðgerðir.

3. Forvarsla er ekki kennd á Íslandi.

4. Háskólanám í forvörslu er 3–5 ár. Í dag er algengt að forverðir séu með viðbótamenntun í fagi sem tengist menningararfi eða vísindum.

5. Forverðir með háskólamenntun eru sérfræðingar og vinna samkvæmt siðareglum ICOM.

6. Það er á ábyrgð safnstjóra / menningarstofnana að kanna menntun og reynslu forvarða sem þeir ráða í vinnu eða kaupa þjónustu af.

7. Félag norrænna forvarða – Ísland var stofnað 1983 og er hluti af Norræna fagfélaginu NKF. Í dag geta eingöngu forverðir sem lokið hafa að lágmarki 3ja ára forvörslumenntun frá viðurkenndum skóla, samsvarandi BA eða BS gráðu frá háskóla verið fullgildir félagsmenn (sjá: www.nkf.is).

8. Félag íslenskra forvarða hefur barist fyrir löggildingu starfsheitisins forvörður án árangurs.

9. Í mörgum Evrópulöndum mega söfn eingöngu ráða forverði sem hafa fengið opinbera viðurkenningu um menntun og viðeigandi reynslu.

10. Afleiðingar misheppnaðra forvörsluaðgerða geta komið í ljós löngu eftir að forvörslu er lokið. Til þess að tryggja langtíma varðveislu gripa skiptir val efna sem notuð eru í forvörslu jafn miklu máli og útlit þeirra. Menntaðir forverðir búa yfir þeirri þekkingu sem til þarf, varðandi efnisval og annað sem máli skiptir, þannig að forvörslumeðferðin standist tímans tönn.

Félag norrænna forvarða – Ísland vonar að söfn landsins og aðrir sem að hafa með varðveislu menningararfsins að gera, vandi sig við val á fagmönnum þegar kemur að forvörslu, viðgerðum og varðveislu hans.

Nathalie Jacqueminet og NKF – Ísland

www.theguardian.com/artanddesign/2020/jun/22/experts-call-for-regulation-after-latest-botched-art-restoration-in-spain

#akranesmuseum

f/AkranesMuseum





AÐ FORTÍÐ SKAL HYGGJA, EF FRUMLEGT SKAL BYGGJA

Byggðasafnið í Görðum býður gestum einstaka innsýn í liðna tíma. Í fastasýningu safnsins er fróðleik um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik miðlað með fjölbreyttum hætti.



Heimsókn á Byggðasafnið í Görðum leikur við öll skilningarvit gesta



www.museum.is

Sími 433-1150

Gestavinnustofur Listasafnsins á Akureyri eru í boði allan ársins hring.

Umsóknareyðublað og allar upplýsingar má finna á listak.is.



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Kaupvangsstræti 8-12
listak@listak.is | Sími 461 2610



BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

TURNHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI

Opíð: 15.5. - 31.8 | Fullorðnir kr. 1300
Alla daga kl. 10 - 17 | Eldri borgarar kr. 1050



SMÍÐJAN Á HINGEYRI

Opíð: 1.06. - 31.08 |
Alla virka daga kl. 13 - 17

nedsti.is
byggdasafn@isafjordur.is
 GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W

VELKOMIN Á ÍSLAND Á FILMU

www.islandafilmu.is

Kvikmyndasafn Íslands opnar almenningi í fyrsta sinn aðgang að fágætum gullmolum í vörslu safnsins.





Kvikmyndasafn
Íslands



MINJASAFN AUSTURLANDS
EAST ICELAND HERITAGE MUSEUM

HREINDÝRIN  **REINDEER**
á Austurlandi in East Iceland


NÁTTÚRA – SAGA – VEIÐAR – NÝTING
NATURE – HISTORY – HUNTING – HANDCRAFT

OPNUNARTÍMAR/OPENING HOURS:
September - maí: Þri - fös., 11:00-16:00
September - May: Tuesday - Friday: 11:00-16:00
Júní - ágúst: Alla daga, 10:00 - 18:00
June - August: Every day, 10:00 - 18:00

  www.minjasafn.is
Minjasafn Austurlands
Laufskógur 1
700 Egilsstaðir




Reykjanes Contemporary Art Museum
Duusgata 2-8 open daily from 12:00 - 17:00
Tel: 420-3246
listasafn.reykjanesbaer.is/


MENNINGARMIDSTÖÐ PINGEYINGA

Grenjaðarstaður | Safnahúsið á Húsavík
Sauðaneshús | Snartarstaðir

safnahus@husmus.is - www.husmus.is - sími: 464 1860



SKÓGASAFN 

Úthlutun úr Barnamenningarsjóði

Úthlutað var úr Barnamenningarsjóði í annað sinn þann 24. maí síðastliðinn. Alls hlutu 42 verkefni styrki að heildarupphæð 92 milljónir kr.

Söfn áttu hlut að máli í nokkrum verkefnum, þar á meðal hlutu söfnin í Kópavogi hæsta styrkinn upp á sex og hálf milljón. Söfnin í Kópavogi skáru sig reyndar úr í ár með fjölda verkefna sem hlutu háa styrki.

Það verkefni Menningarhúsanna í Kópavogi sem hlaut hæsta styrkinn í ár, er samstarfsverkefni við H.C. Andersen safnið í Óðinsvéum, Múmín-safnið í Tampere og Undraland Ilon í Haapsalu. Um er að ræða 3 ára verkefni sem byggir á vinnu-smiðjum, sýningum og viðburðum fyrir almenning þar sem skólabörn eru í helstu hlutverkum.

Það verður spennandi að sjá hvaða söfn fá styrki í Barnamenningarsjóði á næsta ári og afrakstur þeirra verkefna sem nú þegar hafa hlotið styrki úr sjóðnum.



Gaktu inn í horfinn tíma og upplifðu húsakynni og heimilismuni sem algeng voru á Íslandi um margra alda skeið.

Sýningin „Mannlíf í torfbæjum“ er í gamla bænum í Glaumbæ, sem er gangabær úr torfi og grjóti líkur þeim sem tíðkuðust á stórbýlum á Íslandi fram á fyrri hluta 20. aldar. Í Áshúsi, timburhúsi frá 19. öld, eru sýningar um heimilishald á fyrri hluta 20. aldar.



Bygðasafn
Skagfirðinga

GLAUMBÆ 561 VARMAHLÍÐ | S: 4536173 | BYGGDASAFN@SKAGAFJORDUR.IS | WWW.GLAUMBAER.IS

Samvinna og samtal safnafólks

Það er alltaf mikilvægt að eiga virkt samtal um fagleg mál. Ekki má heldur gleyma að tala um líðan í starfi, ekki síst á tímum sem þessum. Facebook býður upp á þægilegan vettvang fyrir fólk að nálgast hvort annað án þess að brjóta reglur á tímum samkomubanna.

Flestir þekkja hóp FÍSOS, Safnmenn og hóp safnafræðinnar, Umræðuvettvangur um Safnafræði. En fleiri hópar eru til sem safnmenn hafa stofnað. Til dæmis má nefna Fræðslusérfræðingar á söfn-um og Sarpur – Umræðuvettvangur fyrir skrá-setjara. Allt eru þetta vettvangar þar sem hægt er að leita aðstoðar og ræða flókin og einföld mál innan sérsviða safna.

Vonandi sjá fleiri safnmenn sér hag í að stofna eða taka þátt í hópum utan um málefni sem þeir brenna fyrir. Ekki væri vitlaust að stofna hóp utan um löbbýisma fyrir söfn. Nú þegar líður að kosningum gæti þannig hópur verið stór hjálp í að efla hag safna. Eins gæti áhugafólk um safnbúðir átt samtal í sér hóp. En fleiri grasrótahópar gætu orðið til, samtöl myndast og safnmenn orðið mun þéttari hópur en þeir eru núna.

Endurmenntun og heimsfaraldur

Nú þegar þriðja bylgja Covid skellur á landsmönnum er komin góð reynsla á að nýta stafræna miðla í tengslum við ýmiskonar miðlun. Mikill fjöldi ráðstefna og námskeiða í boði í gegnum netið.

Safnasamtök nágrannalanda okkar bjóða upp á margt spennandi efni:

Bresku safnasamtökin eru með margt á sinni könnu. Ráðstefna eins og *A Meeting place: Leading Digital at a Time of Uncertainty* gæti verið lærdómsrík: www.museumsassociation.org/events/#

Norsku samtökin bjóða upp á Facebook live og Zoom viðburði: www.museumsforbundet.no/

Danir eru með ýmislegt að skoða:

www.dkmuseer.dk/efteruddannelse-arrangementer/

Margir kannast við Nemo – Evrópsku safnasamtökin, þar fer árleg ráðstefna þeirra fram á netinu:

www.ne-mo.org/about-us/european-museum-conference-2020.html

Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir




GLJÚFRASTEINN
Hús skáldsins



Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavikensis



SAMFERÐA Í SÖFNIN



● Hús Þjóðminjasafnsins
● Viðurkennd söfn

Um allt land er að finna forvitnileg hús og fjölbreytileg söfn
sem hlotið hafa viðurkenningu safnaráðs fyrir faglega starfsemi.

Viltu kíkja í torfbæ?

Viltu kanna líf og starf landans gegnum aldirnar?

Viltu ganga til bæna í sögulegri kirkju?

Eða viltu kynnst öðrum kimum menningararfsins?

Verum samferða.



www.thjodminjasafn.is

ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



ÍSLENSKU SAFNAVERDLAUNIN
2020